

Losna við lán vegna klúðurs Landsbankans

Úrskurðarnefnd fjármálafyrirtækja ógilti ábyrgð tveggja systra á láni þriðju systurinnar. Lánið var tekið árið 2007 hjá Landsbankanum og var upp á sjö milljónir króna. Mörg slík mál gætu verið til.

FJÁRMÁL „Ég tel að það séu mörg svona mál þarna úti,“ segir Sævar Þór Jónsson, lögmaður ábyrgðarmanna sem leystir voru undan ábyrgð á láni systur sinnar á þriðjudag. Úrskurðarnefnd fjármálafyrirtækja ógilti ábyrgð þeirra á láninu sem var tekið árið 2007 hjá Landsbankanum og var upp á sjö milljónir.

Ábyrgðarmennirnir, tvær systur lántakandans, voru krafðir um greiðslu í byrjun þessa árs. Í ljós kom að bankinn gat ekki lagt fram nein gögn sem staðfestu að greiðslumat hefði farið fram.

„Það má segja að þetta sé í fyrsta skipti sem banki er látinn bera hallann af því að geyma ekki gögn um greiðslumat,“ segir Sævar.

Úrskurðarnefndin taldi, með vísan til fordæma Hæstaréttar, að þótt fjármálafyrirtækjum bæri ekki skylda til þess að varðveita gögn sem greiðslumat er byggt á til lengri

Það má segja að þetta sé í fyrsta skipti sem banki er látinn bera hallann af því að geyma ekki gögn um greiðslumat.

Sævar Þór Jónsson, lögmaður



tíma, yrðu þau að geta sýnt fram á að slíkt mat hefði farið fram.

Sævar segir niðurstöðuna þýða að bankarnir verði að gæta sín betur þegar komi að því að halda uppi skuldbindingum gagnvart ábyrgðarmönnum.

„Og þeir verða að gæta þess að þeir geti sýnt fram á að farið hafi verið eftir reglum um greiðslumat,“ segir Sævar Þór Jónsson.

– ngy / sjá síðu 6

Safnar liði til að fylgjast með stjórnarflokkunum

STJÓRN MÁL „Ég er að safna liði sem mun fylgjast grannt með því hvernig núverandi stjórnarflokkar sinna heilbrigðiskerfinu fyrir kosningar,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, í grein í Fréttablaðinu í dag.

Í greininni beinir Kári máli sínu til Bjarna Benediktssonar, fjármálaráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins, og vísar til fyrri orðaskipta um fjár-




framlög til heilbrigðiskerfisins.

„Ef þið gerið ekki raunverulegt átak, sem ætti að vera auðvelt fyrir ykkur vegna þess að fjárhirslur ríkisins eru að springa af peningum og meiri uppgangur í efnahagslífi þjóðarinnar en í

nokkurn annan tíma, þá munum við gera allt sem við getum til þess að sannfæra kjósendur um að hunsu ykkur,“ segir í grein Kára.

– gar / sjá síðu 17



Lúxusbílar renna út

Það sem af er ári hafa 48 prósent fleiri lúxusbílar verið seldir en í fyrra. Aukningin er meiri en í sölu ódýrari fólksbíla og jeppa. Nærri 100 Volvo XC90 hafa selst, fleiri en árin 2006 og 2007. Sjá bls. 4 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Fulltrúar frjálsra ljósvakamiðla bða sjö mínútna þögn í kvöld. **26**

SPORT Frábær byrjun á undankeppni EM. **28**

MENNING Þurfum að ræða hlutverk og tilgang listarinnar, segir Friða Björk Ingvarsdóttir rektor Listaháskóla Íslands. **38**

LÍFIÐ Nóg að gera í ástálfinu hjá Justin Bieber. **46**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • LÍFIÐ

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Konungurinn á busaböllunum

LÍFIÐ „Ég er að spila á alltof mörgum busaböllum. Ég er að spila á fimm eða sex böllum,“ segir Aron Can, ókrýndur konungur busaballanna.

Flestir framhaldsskólar landsins leggja mikið í að bjóða nýjustu nemendurna velkomna með flottum skemmtunum. Metnaðurinn er þó mismikill í þeim efnum. Sumir skólar fá ekki bara fræga tónlistarmenn til að spila á böllum um heldur einnig til að auglýsa böllin í tónlistarmyndböndum og öðru.

Fréttablaðið skoðar busaböllin og hvaða tónlistarmenn eru vinsælastir þar. – sph / sjá síðu 50



HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM YFIR 15 TEGUNDIR

VERÐ FRÁ KR.24.990



TÉKK 45 ÁRA KRISTALL

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

Dale Carnegie
ÓKEYPIS KYNNINGARTÍMI

Ármúli 11

Í kvöld kl. 20.00–21.00
Skráning á dale.is



The Quality Management System of Dale Carnegie® Global Services is ISO 9001 certified.



DALE CARNEGIE®
ÞJÁLFUN

Veður



Í dag gengur í hæga suðlæga átt. Þá er útlit fyrir bjartviðri á norðanverðu landinu, og einnig á Vestfjörðum en sunnan til þykkar upp þegar líður á daginn. Hiti er víða 8 til 15 stig. **SJÁ SÍÐU 32**

Lyfjaávisanir á ábyrgð lækna

HEILBRIGÐISMÁL Lyfjastofnun segir að telji landlæknir það vandamál að of stórum lyfjaskömmtum sé ávísað þá snúi það að útgáfu lyfseðla.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að landlæknir hefði sent lyfjagreiðslunefnd erindi vegna þess að oft sé ódýrara að kaupa stærri skammt af ávanabindandi lyfjunum en minni. Það auki hættu á misnotkun.

Í tilkynningu Lyfjastofnunar segir að ávisanir lyfseðilsskyldra lyfja séu að öllu leyti á ábyrgð lækna sem gefur ávisunina út. Óskir sjúklings um lyf í tiltekinni skammtastærð geti aldrei ráðið því hvaða pakkningarstærð af lyfinu læknirinn ávisar til hans.

Þá segir að verðakvarðanir lyfjagreiðslunefndar séu teknar með hliðsjón af verði sambærilegra pakkninga á hinum Norðurlöndunum. Almennt séu litlar pakkningar óhagkvæmari í framleiðslu en þær stærri. – **ngy**

Arion uppfyllir ekki væntingar

VIÐSKIPTI „Afkoma bankans á fyrstu sex mánuðum ársins er undir væntingum. Grunnrekstur bankans gekk engu að síður ágætlega á tímabilinu en ytri aðstæður voru um margt óhagstæðar,“ segir Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka, um uppgjör sem kynnt var í gær.

Hagnaður Arion banka á fyrri hluta 2016 nam 9,8 milljörðum króna miðað við 19,3 milljarða á sama tímabili 2015. Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 2,8 milljörðum króna en 7,8 milljörðum á fyrri helmingi 2015. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi nú var 2,8% en 9,8% 2015. – **jhh**



Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka

Bankabónusar siðlausir

STJÓRN MÁL „Mér finnst þetta í raun og veru mjög taklaust og jafnvel siðlaust,“ sagði Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra á Stöð 2 í gær.

Tuttugu starfsmenn eignarhaldsfélagsins Kaupþings fá allt að 1,5 milljörðum króna samtals í bónus.

Sigurður Ingi sagði Íslendinga illa þola óréttláta skiptingu. Greiðslurnar verði skattlagðar sem launatekjur. Þær bendi til þess að glufur séu í skattkerfinu. „Sérstaklega í þessum tilvikum, þá kannski finnst okkur ekkert óeðlilegt að stærri hluti af þessum tekjum renni til samfélagsins en bara til örfárra einstaklinga.“ – **gag**



Sigurður Ingi Jóhannsson, forsætisráðherra

Vel sóttir styrktartónleikar



Það var fjölmenni á styrktartónleikum fyrir Kristján Snædal og fjölskyldu sem haldnir voru í gærkvöldi. Eiginkona Kristjáns, sem sést hér fremst á myndinni, féll frá í júlí síðastliðnum en skömmu eftir andlát hennar brann heimili þeirra að Melabraut á Seltjarnarnesi. Hundur fjölskyldunnar drapst í brunanum. Á tónleikunum komu meðal annars fram Eurovision-stjörnurnar María Ólafsdóttir og Greta Salóme. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Starfsfólk leikskólanna plagað af mikilli streitu

Fleiri leikskólastjórar skila inn veikindavottorðum vegna streitu og einkenni hennar eru sögð fara vaxandi. Veikindi starfsmanna á deildum eru rakin til þreytu. Mikil óánægja er með vinnuálag, skort á viðurkenningu og stjórnun.

VELFERÐARMÁL Áhersla er lögð á námskeið um streitustjórnun og núvitund fyrir stjórnendur leikskólustjóra. Þetta segir Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður Félags stjórnenda í leikskólum.

Ástæðan er aukin streita meðal stjórnenda. „Það hefur sýnt sig að eftirspurnin er mikil eftir svona námskeiðum,“ segir Ingibjörg. Henni tilfinning sé að streitutengd veikindi hafi aukist meðal hópsins.

„Fólk er að fara frá vinnu um tíma og koma með vottorð. Við erum að fá þetta inn á borð til okkar í auknum mæli,“ segir Ingibjörg.

Undir þetta tekur Ingibjörg Eyfells, leikskólastjóri á Geislabaug, og segir það sama gilda um leikskólakennara á deildunum. Hún segist ekki hafa vísindalega rannsókn máli sínu til stuðnings en að hún telji veikindi innan stéttarinnar meiri en í mörgum öðrum stéttum. „Oft held ég að fólk sé bara þreytt,“ segir hún.

Ingibjörg bendir á að á hennar leikskóla séu fjörutíu stöðugildi en eingöngu þrjár afleysingarstöður. Starfið býður aftur á móti ekki upp á að verkefni séu sett í bið þar til starfsmenn ná fullri heilsu.

„Við erum alla daga með fullt hús af litlum börnum og þeim þarf að sinna. Á hverjum degi eru að meðaltali þrjár til fjórir starfsmenn frá vegna veikinda eða leyfa,“ segir Ingibjörg Eyfells.

Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir leikskólakennari rannsakaði streitu leikskólastjórnenda. Hún talaði við átta stjórnendur og höfðu þeir allir fundið fyrir mikilli streitu í starfi og þrjár fundið fyrir kulnun í starfi vegna álags. Undirmönnun vegna veikinda hafði mjög streituvaldandi áhrif,



Ingibjörg Eyfells segir starfið gefandi en kvartar undan umgjörð leikskólanna. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Fólk er að fara frá vinnu um tíma og koma með vottorð. Við erum að fá þetta inn á borð til okkar í auknum mæli.

Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður Félags stjórnenda í leikskólum



Á hverjum degi eru að meðaltali þrjár til fjórir starfsmenn frá vegna veikinda eða leyfa.

Ingibjörg Eyfells, leikskólastjóri



starfinu. Einnig hafði óánægja vegna vinnuálags aukist hvað mest frá síðustu könnun sem gerð var árið 2013.

Aðrir þættir sem mest óánægja var með var skortur á viðurkenningu, starfsöryggi, vinnuástanda og stjórnun. Þeir þættir sem starfsfólk var ánægðast með voru ímynd leikskóla, tilgangur, markmið, fræðsla og starfsandi. erlabjorg@frettabladid.is

ÁSKRIFTARKORT BORGARLEIKHÚSSINS



Bókaðu áskrift með einföldum hætti á borgarleikhus.is

AFMÆLIS ÚTSALA HEFST Í DAG



Bjóðum í sannkallaða útsöluveislu í tilefni 60 ára afmælis Húsasmiðjunnar

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

- Flísar **20-40% afsláttur**
- Pottaplöntur **20-50% afsláttur**
- Handverkfæri **20- 30% afsláttur**
- Gjafavara Blómaaval **20-50% afsláttur**
- Verkfæratöskur **20-50% afsláttur**
- Ljós **25% afsláttur**
- Kerti **20% afsláttur**
- Stanley verkfæri **20% afsláttur**
- Black & Decker rafmagnsverkfæri **25% afsláttur**
- Hitachi rafmagnsverkfæri **20% afsláttur**
- DeWalt rafmagnsverkfæri **20% afsláttur**
- Álstigar og -tröppur **20% afsláttur**
- Garðverkfæri **30% afsláttur**
- Ryksugur **20% afsláttur**
- Plastkassar **30% afsláttur**
- Garðálfar **50% afsláttur**
- Plastkörfur **25% afsláttur**
- Straubretti **25% afsláttur**
- Þvottasnúrur **25% afsláttur**
- Luktir **20% afsláttur**
- Valdar innihurðir frá Jeld Wen **20% afsláttur**
- Nilfisk háprýstidælur og ryksugur **20% afsláttur**
- Henrad miðstöðvarofnar **20% afsláttur**
- Stanley loftpressur **25% afsláttur**
- Málning **20% afsláttur**
- Vegg- og loftapiljur **20% afsláttur**
- Útiarinn **25% afsláttur**
- Örbylgjuofnar **20% afsláttur**
- Búsáhöld **25-30% afsláttur**
- Fatnaður **15-20% afsláttur**
- Reiðhjól **30% afsláttur**
- Valdar vörur á lækkuðu verði:
Frystikistur • Parket
Blöndunartæki • Vaskar.

... og margt fleira!



*Gildir ekki af tilbodum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíki. Vörurval getur verið misjafnt milli verslanna.

- 40%

Skóðu
öll tilboðin
í Húsasmiðju-
blaðinu á
www.husa.is



- 40% - 40% - 50% - 20% - 30% - 40%

BRJÁLUD TILBOÐ - BRJÁLUD TIL

Byggjum á betra verði



www.husa.is



Fyrsta kvenforseta Brasilíu, Dilmu Roussef, hefur verið vikið úr embætti. NORDICPHOTOS/AFP

Roussef vikið úr stóli forseta

BRASILÍA Dilma Roussef, forseta Brasilíu, hefur verið vikið úr embætti af öldungadeild brasilíska þingsins. Dilma hefur verið ásökuð um að færa til opinbert fé til að hylma yfir tekjuhalla ríkisins. Andstæðingar hennar segja hana hafa gert slíkt til að auka líkur sínar á endurkjörri í kosningunum sem fram fóru árið 2014.

Roussef varð fyrsta konan til að gegna embætti forseta Brasilíu árið 2011 og var endurkjörin árið 2014. Tvo þriðju hluta þingsins þurfti til að fella Dilmu en atkvæði féllu 61 á móti 20.

„Frá því degi eftir að ég var kjörin hafa verið gerðar nokkrar tilraunir til að fella ríkisstjórn mína. Þið hafið með kerfisbundnum hætti komið með ásakanir gegn mér,“ sagði Roussef þegar hún hélt uppi vörnum fyrir sig í þinginu á mánudag. Hún segir að aðförin að sér skrifist á rannsókn á spillingarmálum sem ráðist var í að hennar frumkvæði og hafði í för með sér kærur á hendur fjölda stjórnmalámana, að því er fram kemur á vef BBC. – snæ

Birgðastaðan er sögð í jafnvægi

LANDBÚNAÐUR Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, segir birgðastöðu kindakjöts í góðu jafnvægi og heldur lægri en undanfarin ár. Það sé ekki rétt að erfiðlega gangi að selja kjöt á erlenda markaði og að það sé orsök lækkunar afurðaverðs til bænda.

„Afurðastöðvar hafa sagt verðlækkun til sauðfjárbænda stafa af því að erfiðlega gangi að losna við aukaafurðir af sauðfé frá síðustu sláturtíð, svo sem garnir, innmat og gæru. Verðlækkun til bænda hefur því ekkert með birgðastöðu í kindakjöti að gera,“ segir Svavar.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að um 1.800 tonn væru til í frystigeymslum frá síðustu sláturtíð. Það magn sé í líkingu við það sem hefur verið síðustu ár. Árið 2014 hafi um tvö þúsund tonn verið eftir í frystigeymslum. – sa



Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda

Indland býður ríki búsúleyfi gegn fjárfestingum

INDLAND Stjórnvöld á Indlandi ætla að bjóða erlendum ríkisborgurum sem hafa fjárfest fyrir verulegar upphæðir í landinu fasta búsetu. BBC greinir frá því að þetta sé hluti af áætlun ríkisstjórnarinnar til að auka erlenda fjárfestingu.

Til að fá búsetuna þarf að fjárfesta 1,1 milljón punda, jafnvirði 170 milljóna króna, á Indlandi á átján mánaða tímabili og jafnvirði tæplega 600 milljóna króna á þremur árum. Einnig þarf að skapa störf fyrir tuttugu Indverja á árlega. Í staðinn fæst tíu ára vegabréfsáritun, föst búseta fyrir maka og börn og möguleiki á að kaupa húsnæði.

10

ára búsetuleyfi fæst fyrir 600 milljónir króna.

Samkvæmt heimildum BBC munu Kínverjar og Pakistanar ekki fá aðgang að þessu tilboði. Á Indlandi er nú mesti hagvöxtur í heimi, hins vegar þarf að fjölga störfum um tíu milljónir árlega vegna fjölsfjölgunar til að koma í veg fyrir að atvinnuleysi aukist. – sg



Til að fá búsetuleyfi á Indlandi þarf að fjárfesta fyrir allt að 600 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sala lúxusbíla eins og árið 2006

Fjörutíu og átta prósentu aukning hefur orðið á sölu lúxusbíla það sem af er ári. Sala lúxusbíla er eins og á milli árunna 2006 og 2007 að sögn markaðsstjóra BL. Kaupendur taka minna af bilalánnum en fyrir hrún.

BÍLAR Sala lúxusbíla er á miklu skriði á þessu ári. Ef skoðuð er sala lúxusfólksbíla og lúxusjeppa til einstaklinga og fyrirtækja án bilaleiga þá hafa 883 bílar selst það sem af er ári, samanborið við 595 bíla í fyrra, sem er 48 prósentu aukning.

Markaðsstjóri BL segir að sala lúxusbíla sé farin fram úr því sem hún var árin 2004 og 2005 og er nær því að vera eins og á milli árunna 2006 og 2007.

Nýskráningum lúxusbíla hefur farið fjölgandi á árinu samanborið við síðasta ár. Nýskráningar á Audi Q7 eru til að mynda 28 það sem af er ári, samanborið við 23 allt árið í fyrra. Hundrad og tíu Volvo XC90 hafa verið skráðir á árinu, sem er rúmlega helmingi fleiri en allt árið í fyrra og meira en árin 2006 og 2007.

Sala á bílum stærstu sjö lúxusbílamerkjanna, nema Porsche, hefur aukist milli ára, og seljast nú sumir lúxusbílar álíka vel og árið 2006. Margar lúxustegundir hafa þó ekki náð sömu söluhæðum og árið 2007.

Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar sem selur Volvo-bíla, segist finna fyrir auknum áhuga á lúxusbílum meðal viðskiptavina. Egill bendir á að það sem af er ári hafi sala fólks- og jeppabíla aukist um 34,8 prósent en sala lúxusbíla um 48 prósent, því séu lúxusbílar að sækja stærri hlut af heildarmarkaði.

Svo virðist sem neytendur hafi frekar efni á lúxusbílum nú en fyrir hrún. Egill segir að færri taki nú lán fyrir þeim og að færri taki lán fyrir lúxusbílum en fólks- og jeppabílum. Sextíu til sjötíu prósent seldra bíla árin 2006 og 2007 voru með einhverjum lánnum samanborið við 35 til 40 prósent nú.

„Það er meira um að menn eigi bíla fyrir, setji þá upp í og borgi svo með,“ segir Egill.

48%

aukning hefur orðið á sölu lúxusbíla á árinu.

97

Volvo XC90 bílar hafa verið seldir á árinu.

Það er meira um að menn eigi bíla fyrir, setji þá upp í og borgi svo með.

Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar



Það sem af er ári hefur sala fólks- og jeppabíla aukist um 34,8 prósent en sala lúxusbíla hefur aukist um 48 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Loftur Ágústsson, markaðsstjóri BL sem selur Land Rover, segir sölu á Land Rover í ár álíka eins og hún var milli árunna 2006 og 2007. Hann tekur undir með Agli að minna sé um lán en fyrir hrún.

„Töluvert af fólki er að taka lán, en það er miklu lægra lánshlutfall á hvern bíl og engin dæmi eins og

við vorum með þar sem var tekin rekstrarleiga,“ segir Loftur. Hann segir að álíka margir taki lán fyrir lúxusbílum og almennt. Um þriðjuti prósent kaupenda taki bilalán fyrir lúxusbílum og það sama gildi um aðra bíla.

Loftur segir ómögulegt að segja hvort lúxusbílasala muni ná sömu

hæðum og árið 2007 á næstunni þar sem bílasala sé tengist mjög væntingavísitölunni.

„Ef fólk hefur sömu væntingar til áframhaldandi hagvaxtar eins og hefur verið þá verður bílasalan áfram góð, en það getur brugðið til beggja vona,“ segir Loftur Ágústsson. saeunn@frettabladid.is

LANGTÍMALEIGA

NÚNA ER RÉTTA TÆKIFÆRIÐ

Núna er rétta tækifærið til að gera langtímaleigusamning hjá Átak bílaleigu. Þeir sem gera langtímasamning til **24 mánaða** eða lengur fyrir **10. september** fá **30% afslátt** af fyrsta mánuðinum og **10.000 kr.** eldsneytisinnæign hjá Olís.

INNIFALIÐ Í ÞJÓNUSTUNNI

Bifreiðagjöld • tryggingar • sumardekk • vetrardekk • þjónustuskóðanir dekkjaskipti • olíuskipti • hefðbundið viðhald • 2.000 km á mánuði.

Þú færð alþríf á bílnum einu sinni í mánuði

Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • Sími: 554 6040 • atak@atak.is • www.atak.is

30%

30% afsláttur af fyrsta mánuðinum

10

Þús. kr. 10.000 kr. innæign á eldsneyti hjá Olís


átak

BÍLALEIGA

N1 kortatilboð í september



Betri kjör og tilboð til korthafa alla daga. Kynntu þér kosti N1 kortsins á www.n1.is



Haustferð til Birmingham 11.-14. nóvember

Menning, saga og markaðir!
Uppgötvaðu aðra stærstu
borg Englands og einstaka
verslunarmenningu hennar.

Kortatilboð:

54.900 kr.

Fullt verð: 64.900 kr.
Verð á mann í tvíbýli.

**Flug með Icelandair
og gisting í þrjár nætur**

Sjáðu meira um þetta magnaða
tilboð á www.n1.is

Nuddsæti í bílinn

HoMedics nuddsæti með hita



6.990
krónur eða punktar
Almennt verð:
9.990 kr.

Heilsugrill

George Foreman



6.990 kr.
+ 1.000 punktar
Almennt verð:
10.990 kr.
Punktar gilda
fjórfalt

x4

Power Bank ferðahleðsla

Varta 2600mAh Coral



2.990
krónur eða punktar
Almennt verð:
4.490 kr.

Bíómiði

Bíómiði í Sambíó fyrir einn



850
krónur eða punktar
Almennt verð:
1.490 kr.

Fæst á völdum N1 stöðvum

Nýttu þér mánaðartilboð N1 Klúbbsins á þjónustustöðvum okkar um land allt.

Hluti af ánægjunni



Barist við flóðið



Indverskur bifhjólakappi reiðir hjól sitt í flóði sem skall á borginni Hyderabad í suðurhluta Indlands í gær. Búist er við því að rigningin haldi áfram í dag en monsúntímabilið stendur nú yfir. Miklar tafir hafa orðið á umferð og þá hafa að minnsta kosti sjö látist af völdum flóðsins í borginni. NORDICPHOTOS/AFP

Ábyrgðarmenn leystir undan láni systurinnar

Tveir ábyrgðarmenn voru leystir undan ábyrgð á láni systur sinnar. Úrskurðarnefnd fjármálafyrirtækja segir Landsbankann ekki hafa sýnt nein gögn sem staðfestu að greiðslumat hefði farið fram. Fleiri gætu losnað undan ábyrgð.

FJÁRMÁL „Niðurstaðan var vel rökstudd og tel ég að það séu mörg svona mál þarna úti. Fólk verður að vera vakandi fyrir rétti sínum,“ segir Sævar Þór Jónsson, lögmaður ábyrgðarmanna sem leystir voru undan ábyrgð á láni systur sinnar á þriðjudag.

Úrskurðarnefnd fjármálafyrirtækja ógilti ábyrgð þeirra á láni systur sinnar en lánið var tekið árið 2007 hjá Landsbankanum og var upp á sjö milljónir.

Ábyrgðarmennirnir, tvær systur lántakandans, voru krafðir um greiðslu í byrjun þessa árs. Í ljós kom að bankinn gat ekki lagt fram nein gögn sem staðfestu að greiðslumat hefði farið fram.

Samkvæmt regluverki sem var í gildi á þeim tíma var það skilyrði ábyrgðar að framkvæmt væri greiðslumat. Ábyrgðarmennirnir kærðu málið í framhaldi.

„Í byrjun þessa árs vildu systurnar láta reyna á það hvort ábyrgðin væri í gildi. Þá kölluðum við eftir því hvort framkvæmt hefði verið greiðslumat en bankinn fann engin gögn því til staðfestingar og gat ekki sýnt fram á það með neinum hætti,“ segir Sævar.

Að sögn Sævars sagði bankinn að honum bæri ekki skylda til að varðveita gögn í svo langan tíma.

„Það má segja að þetta sé í fyrsta skipti sem banki er látinn bera hall-



Landsbankinn gat ekki sýnt nein gögn sem staðfestu að greiðslumat hefði farið fram og voru ábyrgðarmenn leystir undan ábyrgð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Sævar Þór Jónsson
lögmaður

ann af því að geyma ekki gögn um greiðslumat.“

Úrskurðarnefndin taldi með vísan til nokkurra fordæma Hæstaréttar, að þótt fjármálafyrirtækjum beri ekki skylda til þess að varðveita gögn sem greiðslumat er byggt á til

lengri tíma, yrði það hins vegar að geta sýnt fram á að slíkt mat hefði farið fram og á hvaða gögnum greiðslumatið hefði verið byggt.

„Þetta gátu þeir ekki sýnt fram á. Þeir eru fagaðilar,“ segir Sævar. Niðurstaðan þýði að bankarnir verði að gæta sín betur þegar kemur að því að halda uppi skuldbindingum gagnvart ábyrgðarmönnum.

„Og þeir verða að gæta þess að þeir geti sýnt fram á að farið hafi verið eftir reglum um greiðslumat,“ segir Sævar Þór Jónsson.

nadine@frettabladid.is

WHEELER®

WORLDWIDE

STEVENS

B I K E S



Stevens
Izoard
kr. 244.997,-
Áður 349.995,-



Wheeler
Reactor 700
kr. 52.248,-
Áður 94.995,-



Wheeler
Cross-lite 640
kr. 79.997,-
Áður 159.995,-



Wheeler
Eagle Race 500
kr. 132.997,-
Áður 189.995,-

LOKADAGAR ÚTSÖLU

30-50% afsláttur af öllum
reiðhjólum.

EVEREST
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSONULEG ÞJÓNUSTA. FAGLEG RÁÐGJÖF

ALLT FYRIR HEILSUNA

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



Hrönn Hjálmarsdóttir
Heilsu- og mataræðingjafi.



DLUX 1000 OG 3000

D-vítamínskortur er allt of algengur í vestrænum löndum en hann getur haft mjög alvarlegar afleiðingar til lengri tíma og skiptir þetta vítamín þ.a.m. sköpum fyrir heilbriggt ónæmiskerfi, sterkar tennur og bein. Vítað er um a.m.k. 100 mismunandi sjúkdómseinkenni eða sjúkdóma sem tengjast D-vítamínskorti.

Við þurfum D-vítamín allt árið. Úði undir tungu tryggir hámarks upptöku. Spreyin eru handhæg og afar bragðgóð en bæði börn og fullorðnir elska að úða þessu upp í sig og fá gott piparmintubragð í munninn. 100 skammtar í glasi.



Lucuma
Lucuma er stundum kallaður gull Inkanna. Lucumaduft er alveg frábært sætuefni í ýmsar uppskriftir og má því sleppa annarri sætu eða minnka hana.



Chlorella
Chlorella töflurnar eru mótaðar úr þurrkuðum þörungum, sem eru meðal annars járn-, sink- og próteinríkir.

HIMNESKT AÐ NJÓTA

Lifrænt ofurfæði.

Gott verð
999 kr/stk



TÜRMEKRIC DRYKKIRNIR FRÁ ISQUEEZE

Túrmerikrótin hefur verið notuð öldum saman til að vinna á ýmis konar kvillum eins og bólgum, gigt, meltingarvandamálum, ofnæmi og jafnvel blóðsjúkdómum.

Nýtt í Hagkaup

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



SCI MX

Stærsti og mest ört vaxandi fæðubótarframleiðandi í Evrópu sem er í einkaeigu. Framúrskarandi alþjóða íþróttafólk velur SCI-MX og fleiri einkabjálffarar mæla með SCI-MX vörum frekar en öðrum tegundum og framleiðendum.

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



BSN

Gæða fæðubótarefni í úrvali.

2.789 kr/stk
verð áður 2.989



AMINO ENERGY

Gríðarlegt úrval af bragðtegundum.

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



ONE FÆÐUBÓTARSTANGIR

Próteinstykki sem innihalda aðeins 1 g. af kolvetnum og bragðast eins og sælgæti.

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



GULI MIÐINN VÍTAMÍN

Í Gula miðanum eru margar stakar vítamín tegundir og einnig blöndur sem hafa verið sérhannaðar fyrir Íslendinga.

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



NOW VÍTAMÍN

Öll NOW vítamín á 20% afslætti.

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



AMÍNO VÍTAMÍN

Fæðubótarefni unnin úr íslenskum fiski.

Gildir til 11. september á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Hitt hægrið á sviðið í Bandaríkjunum

Ný hægriinuð stjórnálahreyfing hefur umtalsverð áhrif á forsetakosningar í Bandaríkjunum. Meðlimir hreyfingarinnar eru sagðir fordómafullir, hafna pólitískri réttugsun og fjölmenningu. Talsmenn hennar eru í æðstu stöðum forsetaframboðs Donalds Trump.

Pórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Stór hópur ungra Bandaríkjamanna styðst við spjallborð og samfélagsmiðla til að tala gegn pólitískri réttugsun, femínisma og innflytjendum og lýsa yfir stuðningi við Donald Trump, forsetaframboðanda repúblikana. Hreyfingin kallar sig alt-right sem gæti útlagst sem hitt hægrið á íslensku. Helstu aðferðir hreyfingarinnar eru áróður í formi skopmynda og uppnefninga. Hitt hægrið ryður sér nú til rúms í bandarískum stjórnálahreyfingum eftir að hafa dvalið í nafnleyni á netinu.

Trump hefur ráðið Steve Bannon, stjórnarformann fréttavefsins Breitbart sem hallur er undir hitt hægrið, í stöðu forstjóra framboðs síns. Þá hélt Hillary Clinton, forsetaframboðandi demókrata, ræðu í síðustu viku þar sem hún tengdi Trump við myrkustu hlíðar hins hægriðs.

Breitbart er einn helsti vettvangur hugsuða hins hægriðs en auk fréttastofunnar eru hugmyndir hins hægriðs einnig ræddar á samfélagsmiðlum á borð við Twitter og Facebook, spjallborðum á borð við Reddit og 4chan, og blogg síðum. Flestir þeirra sem aðhyllast hugmyndafræðina eru ungir, hvítir karlmenn.

Afneita fjölmenningu

Kjarni hugmyndafræði hins hægriðs er afneitan á fjölmenningu og leiðandi öflum íhaldsmanna. Richard Spencer, sem kallaður er faðir hins hægriðs, hefur skrifað á blogg síðu sína, Radix Journal, að síðan sé tileinkuð arfleifð, einkennum og framtíð Bandaríkjamanna af evrópskum uppruna

BBC segir hitt hægrið andvígt öllum innflutningi fólks sem gæti ógnað stöðu hvíttra í Bandaríkjunum. Talsmenn hins hægriðs tala sömuleiðis fyrir þjóðernishyggju og byggja hana á því sem þeir kalla yfirburði hvíta mannsins.

Með háð og uppnefni að vopni

Áróður hins hægriðs kemur fyrst og fremst fram á netinu. Einna helst í formi skopmynda og uppnefninga á pólitískum andstæðingum. Donald Trump er gert hátt undir höfði og kalla meðlimir spjallborðsins The_Donald á síðunni Reddit forsetaframboðandann „guðlegan keisara“. Á meðan eru demókratar kallaðir kokkalar og Hillary Clinton sögð þjást af parkinsonssjúkdómnum og elli-glöpum. Þegar blaðamaður renndi yfir forsiðu The_Donald í gær mátti þar finna umræður þar sem demókratar voru kallaðir skítafrjálslyndir.

Skopmyndirnar (e. memes) sem áður voru nefndar eru einkar fjölbreyttar. Þó er tvær sem eru algengari en aðrar. Annars vegar er mynd af grænum froski sem kallaður er Pepe. Hann er settur í ýms hlutverk. Til að mynda hefur hann verið teiknaður í líki Trump sjálfs. Í október síðastliðnum deildi Trump umtalaðri mynd á Twitter.

Hins vegar er það mynd af Clinton að kyssa Robert Byrd, fyrrverandi öldungadeildarþingmann, á kinnina. Þeirri mynd er svo skeytt saman við aðra mynd þar sem andlit Byrds hefur verið sett á bók meðlims



Donald Trump tísti mynd af græna froskinum Pepe í hans líki. MYND/SKJÁSKOT

Ku Klux Klan, samtaka sem myrtu fjölda blökkumanna. Byrd var sjálfur virkur meðlimur í samtökunum en sneri baki sínu við þeim og sagðist sjá eftir aðild sinni.

Mögulegt er að Trump, eða einhver starfsmanna framboðsins, fylgist með umræðum hins hægriðs á netinu þar sem Trump gagnrýndi Clinton í síðustu viku fyrir að hafa kallað Byrd læriföður sinn og vin.

Segir Trump gera hinu hægrið hátt undir höfði

„Hann er að gefa hatusorðræðu heimsathygli. Hann talar þar með fyrir fordómum og ofsahræðslu,“ sagði **Hillary Clinton**, forsetaframboðandi demókrata, í viðtali við CNN í síðustu viku. Fyrr um daginn hafði hún haldið ræðu um hitt hægrið og tengsl þess við Donald Trump, framboðanda repúblikana.

Í ræðu sinni sagði hún hugmyndafræði hins hægriðs ala á kynþáttafordómum og gagnrýndi hún ráðningu Steves Bannon, stjórnarformanns Breitbart fréttasíðu sem aðhyllist hugmyndafræðina, í stöðu framkvæmdastjóra forsetaframboðs Trumps. „Þessi samruni Breitbart og framboðs Trumps er mikilvægur áfangi fyrir þennan

hóp. Jaðarhópur hefur nú tekið yfir Repúblikanaflokkinn,“ sagði Clinton.

Trump varði hópinn hins vegar þegar hann svaraði Clinton fyrr um daginn. „Hún ætlar að ásaka góða Bandaríkjamann sem styðja þetta framboð, ykkar framboð, um að vera rasistar. Sem við erum ekki.“



TÆKIFÆRI Í TAÍLANDSVIÐSKIPTUM

Málþing og stofnfundur Íslensk-taíenska viðskiptaráðsins

Félag atvinnurekenda og sendiráð Taílands í Kaupmannahöfn efna til málþings um tækifæri í viðskiptum Íslands og Taílands þriðjudaginn 6. september kl. 14.

Frummælendur:

- **Vimon Kidchob**, sendiherra Taílands í Danmörku
 - **Songphol Sukchan**, yfirmaður Evrópudeildar taíenska utanríkisráðuneytisins
 - **Unnur Orradóttir Ramette**, sviðsstjóri viðskiptasviðs utanríkisráðuneytisins
 - **Ketsuda Supradit**, efnahags- og viðskiptafultrúi Taílands í Bretlandi
 - **Alfred Jóhannsson**, sölustjóri hjá Ó. Johnson og Kaaber og Sælkeradreifingu
 - **Pakkanan Winijchai**, ferðamálafultrúi Taílands í Stokkhólmi
- Fundarstjóri er Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA.

Í lok málþingsins, um kl. 16, verður haldinn stuttur stofnfundur Íslensk-taíenska viðskiptaráðsins. Að loknum viðburðinum er móttaka með taíenskum veitingum og lýkur dagskránni um kl. 17.

Málþingið er haldið í húsnámi Félags atvinnurekenda í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 9. hæð.

Nánari upplýsingar, dagskrá og skráning á www.atvinnurekendur.is



ISLENSKI-TAÍENSKA VIÐSKIPTARÁÐIÐ
The Icelandic-Tai Trade Council



FÉLAG ATVINNUREKENDA



Ég neita því að vera pólitískt réttugsandi.

Donald Trump forsetaframboðandi



ismi er krabbamein“ að einkennisorðum sínum. Vegna þessa hefur honum verið bannað að taka þátt í málþingum háskóla og sömuleiðis var aðgangi hans á Twitter lokað vegna þess sem umsjónarmenn Twitter sögðu að væru kynþáttafordómar í garð leikkonunnar Leslie Jones.

Hitt hægrið fær nafn sitt frá ágreiningnum við ráðandi öfl íhaldsmanna í Bandaríkjunum, einkum í Repúblikanaflokknum. Hugmyndafræði hins hægriðs stangast á við stefnu repúblikana um frjálsan markað og stríð í Mið-Austurlöndum. Frjáls markaður er að mati hins hægriðs ekki jafn mikilvægur og að varðveita me n n i n g u B a n d a r í k j a m a n n a a f e v r ó p s k u m u p p r u n a.

Upprisan gegn repúblikönum

Repúblikanaflokkurinn er að þeirra mati hvergi nærri nógu róttækur í innflytjendamálum. Eitt uppnefna sem hitt hægrið hefur kallað valdamenn í Repúblikanaflokknum er „cuckservative“ og er orðið samtvinnað úr enska orðinu cuckold, kokkáll á íslensku, og conservative, íhaldsmaður á íslensku. Kokkáll er sá sem á ótrúan maka.

Þegar Trump tilkynnti um framboð sitt hugnaðist mörgum sem aðhyllast hugmyndafræði hins hægriðs framboð hans. Hann talaði fyrir landamæra-vegg og hömlum á innflutningi múslima. Því hafa flestir hugsuðir

Femínismi er krabbamein.

Milo Yiannopoulos blaðamaður



Við eigum ekki að fagna brúnkun Bandaríkjanna.

Ann Coulter rithöfundur



hins hægriðs, til að mynda Yiannopoulos og rithöfundurinn Ann Coulter, lýst yfir stuðningi við Trump.

Hópurinn, sem áður var í pólitískri eyðimörk, fann þar mann sem honum hugnaðist að kjósa. Trump hefur þó ekki sjálfur tekið undir hugmyndir hins hægriðs er varða yfirburði hvíta mannsins og það að femínismi sé krabbamein. American Renaissance, vefsíða sem aðhyllist hugmyndafræði hins hægriðs, skrifaði til að mynda: „Hitt hægrið styður Donald Trump almennt vegna stefnu hans í innflytjendamálum. Hann gæti þó seint talist meðlimur.“

Engin ítök á Íslandi

Hugmyndafræðin virðist ekki enn hafa rutt sér til rúms hér á landi líkt og hún hefur gert í Bandaríkjunum. Enga stjórnmálamenn má finna sem hafa beina tengingu við hitt hægrið líkt og Trump hefur með ráðningu sinni á Bannon.

Hins vegar má finna íslensk spjallborð sem hafa gripið hugmyndafræðina á lofti. Fréttablaðið greindi frá íslenska spjallborðinu á vefsíðunni 8chan í fyrra. Þar eru meðal annars pistlar sem skrifaðir eru gegn kynþáttafordómum kallaðir kokkálapistlar líkt og gert er á bandarískum spjallborðum hins hægriðs og talað er um að gyðingar og blökkumenn séu samfélagsmeini.

Stuðningsmaður Donalds Trump í bol þar sem Hillary Clinton er uppnefnd eins og tíðkast hjá hinu hægriðu. NORDICPHOTOS/AFP

ÚTSA ÚTSALA REKKJUNNAR

LAGER HREINSUN!

*Stakar dýnur í Queen
og King stærðum!*

VERÐDÆMI!

Queen Size (153x203 cm)

AÐEINS 62.000 kr.

VERÐDÆMI!

King Size (193x203 cm)

AÐEINS 84.200 kr.

Útlitsgallaðar, skila- og skiptidýnur á

50 til 60% afslætti!

÷50%



SUMMER GLOW

Queen Size (153x203 cm)

Fullt verð 278.711 kr.

NÚ 139.356 kr.

÷20%



HÆGINDASTÓLL

með fótaskemil og hallandi baki

Fullt verð 43.500 kr.

NÚ 34.800 kr.

rekkjan

Komið að leikslökum hjá Plain Vanilla

Grundvöllur fyrir rekstri Plain Vanilla brást þegar ljóst varð að ekkert yrði úr gerð sjónvarpsþátta sem byggðu á leiknum. Mikil stemning ríkti innan fyrirtækisins 2013 og 2014. En fljótt tók að fjara undan og árið hefur verið erfitt. 12 milljarða kauptilboði hafnað 2013.

Jón Hákon
Halldórsson
jonhakon@365.is



Skrifstofum leikjafyrirtækisins Plain Vanilla á Íslandi hefur verið lokað og öllum starfsmönnum sagt upp störfum. Þetta var tilkynnt í gær. Að sögn forstjóra fyrirtækisins, Þorsteins B. Friðrikssonar, er ástæða lokunarinnar sú að sjónvarpsþáttur, sem byggði á tölvuleiknum QuizUp verður ekki að veruleika. Þátturinn átti að hefja göngu sína á bandarísku sjónvarpsstöðinni NBC í mars og einnig átti að sýna hann víðar í heiminum.

Mikil hjartsýni ríkti þegar QuizUp kom á markað í lok árs 2013. Þá hafði fyrirtækið tryggt sér tvær milljónir dala í fjármögnun frá Sequoia Capital og í heild 5,6 milljónir dala í áhættufjármagn til þess að byggja upp leikinn. Þremur vikum eftir að leikurinn kom á markað í lok ársins 2013 höfðu þrjár og hálf milljón manna halað niður leiknum í iPhone-símum. Hugmyndin var að reka snjallsímaleik í takt við borðspilið Trivial Pursuit.

Tólf milljarða tilboði hafnað

Í desember 2013 var líka greint frá því að 12 milljarða króna yfirtöku-tilboði frá bandaríska tölvuleikjafyrirtæki Zynga Games hefði verið hafnað. Stofnendur völdu frekar að taka inn nýtt áhættufjármagn upp á um þrjá milljarða króna í lok árs 2013. Viðskiptablaðið greindi frá því að á sama tíma hefði Þorsteinn Baldur Friðriksson fengið tæpar 583 milljónir króna í svokallað stofnendaframlag. Þetta sýndi ársreikningur eignarhaldsfélagsins White Rock, sem heldur utan um eignarhlut Þorsteins í Plain Vanilla.

Starfsemi fyrirtækisins óx fiskur um hrygg. Í mars 2014 voru starfsmenn orðnir 40 og þá var greint frá því að fyrirtækið hygðist flytja í húsnæði Landsbankans á Laugavegi 77. „Við erum bara búin að sprengrá utan af okkur húsnæðið og erum



Þorsteinn Baldur Friðriksson, stofnandi og forstjóri Plain Vanilla, var valinn viðskiptamaður ársins 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kökukeppnir voru reglulega haldnar á vinnustaðnum, hádegismaturinn var alla daga eins og á veitingahúsi, eldaður af argentínskum kokki, og almennt var mikil gleði.

því að flytja í gamla húsnæði Landsbankans, VISA og Valitor á Laugavegi,“ sagði Þorsteinn þá í samtali við Vísi.

Heimildarmaður Fréttablaðsins segir að lítið hafi verið til sparað við nýju skrifstofurnar.

„Það var fenginn innanhússarkitekt til að hanna skrifstofuna nýju. Þarna var til dæmis einhvers konar búur sem enginn vissi hvað átti að gera við, inni í því voru t.d. LED-ljós

sem kostuðu þvilkian pening og hægt var að stjórna ljósumum með símaappi,“ segir heimildarmaðurinn. Þessi ljós hafi verið litið notuð og síðar hafi búið orðið að herbergi fyrir börn starfsmanna og sjónvarpsrými. „Eldhúsið var stórglæsilegt og ekkert sparað þar. Stólarnir í matsalnum voru vist rándýrir,“ segir heimildarmaðurinn.

Í stuttu máli hafi miklum peningum verið varið í innanhússhönnun sem hafði enga raunverulega þýðingu heldur til þess ætluð að sýna fyrirtækið fyrir utanaðkomandi.

Þorsteinn vakti mikla athygli á þessum tíma og var í fertugasta sæti á lista frumkvöðlafjölmíðilsins Fast Company yfir mest skapandi einstaklingana í viðskiptalífnum árið 2014. Þar var hann á lista með Sean Rad og Justin Mateen, stofnendum

makaleitarforritsins Tinder og Alan Schaaf, stofnanda myndasíðunnar Imgur. Á þessum sama tíma var Plain Vanilla valið sprotafyrirtæki ársins á Nordic Startup Awards í Ósló.

Þegar þarna er komið sögu var Plain Vanilla aðlaðandi vinnustaður. Meðalaldur starfsmanna virtist liggja á milli tvítugs og þrítugs. Kökukeppnir voru reglulega haldnar á vinnustaðnum, hádegismaturinn var alla daga eins og á veitingahúsi, eldaður af argentínskum kokki, og almennt var mikil gleði.

Unnið að nýrri útfærslu

Í nóvember árið 2014 sagði Þorsteinn frá því að unnið væri að nýrri uppfærslu QuizUp sem myndi koma út í byrjun árs 2015. Leikurinn myndi þá þróast yfir í að vera samfélagsmiðill, sem myndi keppa við Facebook og Twitter. Hægt yrði að nota hann í flestóllum snjalltækjum og vefvöfrum. „Við horfum því ekki lengur á QuizUp sem snjallsímaleik heldur samfélagsnet sem geti haft áhrif á líf fólks um allan heim og skapað fyrirtækinu meiri verðmæti,“ sagði Þorsteinn við Fréttablaðið.

Einn heimildarmanna Fréttablaðsins segir að þetta verkefni hafi dregist í marga mánuði og heilmikil vinna farið í það. „Það var hannað og „features“ framleiddir fyrir leikinn sem var síðan hent, endalausir fundir haldnir,“ segir heimildarmaðurinn. Allir hafi átt að taka þátt í þróun leiksins en á endanum hafi þetta allt verið ákveðið af Þorsteini. Uppfærslan fór í loftið í maí 2015.

Heimildarmaður Fréttablaðsins segir að við „þessa löngu og klúðurslegu framleiðslu“ á nýrri uppfærslu QuizUp hafi nokkrir lykilstarfsmenn hætt. „Mórallinn í fyrirtækinu var orðinn frekar slakur á þessum tíma. Það voru enn þá partí og fjör, en það varð þyngra yfir fólki frá degi til dags.“

Sjónvarpsþættir á dagskrá

Í september í fyrra var síðan sagt frá því að ein stærsta sjónvarpsstöð Bandaríkjanna, NBC, hefði ákveðið að framleiða 10 þátta sjónvarpsþættir sem byggði á QuizUp. Stjórnendur Plain Vanilla vonuðust til þess að þetta myndi fjölga notendum og reksturinn yrði sjálfbær. Í síðustu viku var svo tilkynnt að ekkert yrði af gerð þáttanna. Stjórnendur segja að við það hafi forsendur fyrir rekstri og frekari þróun leiksins brostið.

Heimildarmaður Fréttablaðsins segir að stemningin innan fyrirtæk-

Fimm ár Plain Vanilla

MAÍ 2011

Plain Vanilla fær styrk frá Nordic Game Programs.

APRÍL 2013

Fyrirtækið tryggir sér milljónir dala frá bandarískum og kínverskum fjárfestingarsjóðum.

NÓVEMBER 2013

QuizUp kemur út.

DESEMBER 2013

Plain Vanilla hafnar 12 milljarða króna yfirtöku-tilboði Zynga Games. Þorsteinn B. Friðriksson er valinn viðskiptamaður ársins í Markaðnum



MAÍ 2014

Plain Vanilla valið sprotafyrirtæki ársins á Norðurlöndunum.

MAÍ 2015

Ný uppfærsla af QuizUp fer í loftið.

SEPTEMBER 2015

Greint frá því að NBC muni gera þætti sem byggja á QuizUp



JANÚAR 2016

Glu Mobile tilkynnir um fjárfestingu í Plain Vanilla fyrir tæpan milljarð króna.

APRÍL 2016

Tilkynnt um hópuppsögn hjá Plain Vanilla, 41 starfsmáður farinn í tveimur hópuppsögnum á árinu.

ÁGÚST 2016

Öllum starfsmönnum Plain Vanilla sagt upp.

isins hafi verið erfið á árinu. Einkum í kringum uppsagnir, fyrst þegar fjórtán starfsmönnum var sagt upp og síðar þegar 27 starfsmenn fóru í annarri uppsögn.

„Í kringum það var þetta drullupungt en það var stemning í kringum það að vinna að þessum þætti og þeir sem komu næst þeirri vinnu voru spenntir fyrir því að sjá það verða að veruleika,“ segir viðmælandi Fréttablaðsins. Menn hafi áttað sig á því að uppsagnirnar væru sársaukafull aðgerð sem farið var í til þess að sjónvarpsþættirnir gætu orðið að veruleika.

Plain Vanilla mun halda QuizUp gangandi áfram og leitað verður leiða til að þróun leiksins geti haldið áfram þrátt fyrir að ekki verði af sjónvarpsþættinum og þrátt fyrir lokun skrifstofunnar hér á landi. Stjórnendur hyggjast greiða öllum starfsmönnum laun út uppsagnarfrest.

100 uppboð í 20 ár

Listmunauppboð

í Gallerí Fold

mánudaginn 5. september, kl. 18

og þriðjudaginn 6. september, kl. 18

Léttar veitingar frá kl. 17.30



Krístín Jónsdóttir



Jóhannes S. Klarval

Forsýning á verkunum fimmtudag til þriðjudags

fimmtudag kl. 10–18, föstudag kl. 10–18, laugardag kl. 11–17,
sunnudag kl. 12–17, mánudag kl. 10–17, þriðjudag kl. 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

DEBENHAMS

Tamaris

EITTHVAÐ SEM ALLAR ELSKA

NÝ SENDING



Tamaris

Verð kr. 10.990,-



Tamaris

Verð kr. 11.990,-



Tamaris

Verð kr. 16.990,-

Verð kr. 18.990,-



Tamaris

Verð kr. 13.990,-



Tamaris

Verð kr. 11.990,-



Tamaris

Verð kr. 19.990,-



Tamaris

Verð kr. 11.990,-

Verð kr. 18.990,-



Tamaris

Verð kr. 22.990,-

Tónlist mín gerir fólk hamingjusamt!

Brian Wilson heldur tónleika í Hörpu 6. september næstkomandi. Birgir Örn Steinarsson átti undarlegt samtal við hann í síma.

Birgir Örn Steinarsson
birgiorrn@365.is



Það eru um tuttugu ár síðan félagi úr innsta hring safnaði nokkrum vinum í kring um stofuborðið heima hjá sér, rétti okkur öl og það okkur svo vinsamlegast um að steinhalda kjafti næstu 2-3 klukkutímuna.

Við vorum ekki að fara horfa á einhverja ræmu sem enginn mátti trufla heldur ætlaði Daníel vinur minn að skóla okkur í Beach Boys fræðum. Við fengum alla söguna, með hljóðdæmum auðvitað. Þetta var eins og að sitja kvöldvöku í kristilegum sumarþúðum sem barn og heyra í fyrsta skiptið sögur af frelsaranum.

Nema að í stað þess að syngja „Áfram, Kristsmenn, krossmenn“ á milli þess sem lesið var upp úr guðspjallinu sungum við „Good Vibrations“, „God Only Knows“, „Wouldn't It Be Nice“ og „Sloop John B“. Og í stað þess að söguhetjan labbaði á vatni, breytti vatni í vín eða reisti einhvern upp frá dauðum missti hún hluta heyrnar sinnar eftir að faðir hennar barði hana, frikaði út eftir að hljómsveitin varð heimsfræg, hætti að spila með hinum á tónleikum, festist á sýru og gerði hljóðverið að musteri sínu.

Ég hafði heyrt af því að margra áratuga andleg veikindi Brians Wilson hefðu tekið sinn toll. Hann var til dæmis greindur með geðhvarfasýki og geðklofa á áttunda áratug síðustu aldar. Hann er í dag 74 ára gamall. Rödd hans var eintóna og laus við tilfinningar. Svör hans voru einungis bein viðbrögð við því sem spurt var og í þeim voru nánast aldrei neinar nýjar upplýsingar.

Halló, Brian. Hvernig hefur þú það?

„Mjög gott.“ [dauðabögn]
Ertu staddur í hinni sólríku Kaliforníu?

„Nei, við erum á tónleikaferðalagi. Núna í New York.“

Við erum svo spennt að fá þig hingað. Hvað veistu um Ísland?

„Ekkert. Aldrei komið.“ [þögn]

Árið 1965, á meðan hljómsveitin skaustr heimshornanna á milli og baðaði sig í frægðarljómanum sem slagarinn „California Girls“ hafði skapað þeim, lokaði hinn 22 ára Brian Wilson sig af í hljóðveri í Kaliforníu og tók að sér að semja og útsetja næstu plötu sveitarinnar með hópi hljóðfæraleikara sem kalladist The Wrecking Crew. Platan var því tilbúin fyrir söngupptökur þegar hinir strandrengirnir sneru aftur til Bandaríkjanna. Sagan segir að ekki hafi allir þeirra verið jafn hrifnir í fyrstu. Takmark Brians var að keppa við Phil Spector og Bítlanu sem hann taldi vera helstu keppinauta sína á meðan Mike Love og hinir vildu halda áfram að framleiða einfaldari slagara á borð við California Girls sem trylltu jafnan stúlkurnar á tónleikum.

Þetta árið var tilraunagledi Bítlanu þegar byrjuð að skila sér eins og heyrðist á plötunni Rubber Soul, sem kom út um það leyti sem Wilson hóf vinnslu á Pet Sounds. Sá orðrómur var á kreiki að fyrir næstu plötu ætluðu bresku undrin að fara með addáendur sína í ferðalag niður kanínuholuna og alla leið til Undralands. Þangað vildi Brian einnig fara og varð sér úti um glás af LSD-bleyttum farmiðum.

Vá, maður, ótrúlegt að það séu liðin 50 ár frá því að Pet Sounds kom út!

„Við erum búin að æfa okkur. Hljómsveitin kann að spila löginn nákvæmlega eins og á plötunni.“ [skyndileg þögn]



Brian Wilson segist ekki hafa talað við hina meðlimi Beach Boys í fjögur ár og ekki víta af hverju.

Það er augljóst að tilraunir mínar til þess að ná til hans á mannlegu nótonum eru ekki að virka. Fjögurra ára sálfræðinám mitt er hér vitagagnslaut. Ég velti því fyrir mér hvort mögulegt sé að ég sé að eiga samtal við gervigreind forritaða til þess að hljóma og svara eins og Brian Wilson? Kannski er þetta Turing-prófið? Ég held áfram.

Ég tók eftir því að tónleikarnir eru auglýstir á þann veg að þetta verði í síðasta skiptið sem platan verður flutt á sviði. Fannst þér kominn tími til þess að kveðja plötuna?

„Nei. Við höfum spilað hana um allan heim. Í mörgum löndum.“ [þögn]

Já... öðð... einmitt... en liður þér eins og þú sért að kveðja þessa plötu, í þessari tónleikaferð, fyrst þú ætlar aldrei að spila hana aftur?

„Já, við ætlum ekki að spila hana aftur.“ [þögn]

Ok... Eh... Þegar þú hugsar um Pet Sounds í dag, sérðu hana enn sem eitt af þínum mikilvegari verkum?

„Mér finnst það.“ [þögn]

Finnst þér þú jafn tengdur þessari plötu og þú varst þegar þú bjóst hana til?

„Já, algjörlega.“

Pet Sounds kom út 16. maí 1966 og er líklegast ein versta f o r v ö r n fyrir notkun ofskynjunar-lyfja sem þekktist því platan er enn þann dag í dag talin með betri tónlistarverkum mannkynssögunnar. Efnatilaunir Brians Wilson komu þó í bakið á honum skömmu eftir útgáfu plötunnar. Brian var afar viðkvæmur fyrir. Hann var ungur

maður sem leyfði sér að dreyma stórt en var á sama tíma að berjast við kvíða og ranghugmyndir. Pet Sounds reis ekki eins hátt og fyrri plötur Beach Boys á vinsældarlistum í Bandaríkjunum. Þar af leiðandi var aukin pressa á sveitina að gera vinsældavænni tónlist. Á sama tíma höfðu Bítlarnir gefið út meistarastykki sitt Revolver sem Brian vildi toppa.

Brian náði að kokka saman lagið Good Vibrations í lok árs 1966 sem náði toppsætum vin-

sældalistanna þrátt fyrir að vera í annarri stjörnuþöku en þær poppsmíðar sem voru þá á öldum ljósvakans. Lagið átti að verða fyrsta smáskífa af fylgífiski Pet Sounds og mikilvægustu plötu á ferli Brians. Sú átti að vera „táningssinfónía til Guðs“ eins og hann orðaði það og átti að heita Smile. Verkið reyndist honum ofvíða og var aldrei klárað. Brian fann sinn botn, settist í far-

Við erum búin að æfa okkur. Hljómsveitin kann að spila löginn nákvæmlega eins og á plötunni.

Brian Wilson, forsprakki The Beach Boys



þegasætið á meðan aðrir í sveitinni tóku við að stýra skútunni.

Andleg heilsa Brians fór síversandi og misnotkun hans á fiknifnum jókst. Hann hélt sig að mestu innandyrna við upphaf áttunda áratugarins en leitaði svo til geðlæknisins Eugene Landy sem hreinlega hirti alla gerandahæfni af fallna popparanum í um 20 ár. Kvikmyndin Love&Mercy greinir frá því hvernig Wilson náði loksins að slita sig frá honum eftir að hann kynntist núverandi eiginkonu sinni, Melindu.

...
Hvað fannst þér um myndina Love&Mercy?

„Mér fannst hún fara vel með staðreyndir og vera vel leikin.“

Var ekkert skritið að sjá líf sitt endurskapað á hvíta tjaldinu?

„Jú, það var gaman að sjá myndina.“ [þögn]

Síðustu 20 ár hefur þú gefið út 13 plötur. Á þeim 20 árum áður en þú hittir konuna þína og áður en þú sleist þig frá Eugene Landy gafstu út tvær plötur. Höfðu kynnin við eiginkonu þína svona góð áhrif á sköpunargáfuna?

„Já.“
Hver heldurðu að ástæða þess sé?

„Ég get ekki svarað þeirri spurningu.“

Árið 2004 kláraðir þú plötuna Smile. Hversu mikilvægt var það fyrir þig að klára hana?

„Við byrjuðum að gera hana árið 1967 og svo ákváðum við þrjátíu árum seinna að klára hana. Þetta var mér mikilvægt. Mig langaði til að fólk myndi heyra plötuna, því hún er frábær.“

Já, þar er ég sammála þér! Heldurðu einhverju sambandi við hina eftirlifandi meðlimi Beach Boys?

„Ég hef ekki talað við hina í Beach Boys í fjögur ár. Ég veit ekki af hverju.“

...
Brian Wilson og hljómsveit munu flytja Pet Sounds í heild sinni í Hörpu fimmtudaginn 6. september. En það er ekki nóg með það því hann segir einnig að flutt verði 20 önnur lög Beach Boys. Brian flytur nefnilega engin lög af sólóplötum sínum á tónleikumunum.

Hann segist vonast til þess að ná að skoða sig eitthvað um á Íslandi þegar hann kemur hingað.

Ég get ekki ímyndað mér að þú sért að spila til þess að framfleyta þér fjárhagslega, er það enn þá mikilvægt fyrir þig að koma fram á tónleikum?

„Okkur finnst gaman að halda áfram því tónlist okkar gerir fólk hamingjusamt.“

Þú hefur nú lifað nokkuð mögnuðu lífi, Brian. Gert ótal margt og náð árangri sem marga dreymir um. Myndir þú segja að þú værir hamingjusamur maður?

„Já.“
Efeinhver myndi spyrja þig hver sé lykll hamingjunnar, gætir þú svarað því?

„Neibb. Get það ekki.“
Hvernig eyðir Brian Wilson eiginlega degi sínum, þegar hann á fri?

„Ég fer í göngutúra.“
Nú... og hvar finnst þér best að ganga?

„Í kringum hótelið.“ [dauðabögn]
Já... jæja, mig langaði til þess að spyrja þig um lagið Go...

„Ég þarf að hætta núna. Vertu sæll.“ [skellt á]

Og þannig lauk samskiptum mínum við Brian Wilson. Næst þegar við hittumst ætla ég bara að gera eins og ég gerði við stofuborðið hjá Danna vini mínum. Steinhalda kjafti, hlusta og njóta þeirra gjafa sem Brian Wilson hefur gefið heiminum. Það er nefnilega alveg satt hjá honum... tónlist hans gerir mig hamingjusaman.

AFSLÁTTAR SPRENGJA

AF ÖLLUM HJÓLUM OG AUKAHLUTUM

1.-4. SEPTEMBER

CROSS

26" Julia

- Stell: 440mm Light Alloy Frame/ Light Alloy Frame
- Girbúnaður: Shimano 21 girá
- Bremsur: Shimano Promax
- Dekk/gjarðir: Kenda dekk AV, Double Wall gjarðir
- Dempargaffall: Suntour M3010
- Annað: Standari, glítaugu að framan og aftan

vnr. 951107, 935961



Verðdæmi
34.930
verð áður
49.900

30%
AFSLÁTTUR

FRÍ
YFIRFERÐ &
ÁSTANDSSKOÐUN**
ÞJÓNUSTA
& **GÆÐI**

FRÍ
HEIMSENDING*

CROSS

28" Trekking Areal

- Stell: 480mm/520mm/560mm/600mm Alloy Win Trek VBR Semi
- Girbúnaður: Shimano Altus 21 girá
- Bremsur: Shimano Promax
- Dekk/gjarðir: Continental City Ride 700Cx40, Crosser X2 Double Wall Alloy gjarðir
- Dempargaffall: Suntour M3010
- Hnakkur: Bioaktive
- Annað: Standari, bögglaberi, pumpa, fram- og afturljós með innbyggðum Shimano dynamo

vnr. 955096, 955097, 955098, 955099



Verðdæmi
55.999
verð áður
79.999

CROSS

26" Romero

- Stell: 440mm/520mm Light Alloy Frame
- Girbúnaður: Shimano 21 girá
- Bremsur: Shimano Promax
- Dekk/gjarðir: Kenda dekk AV, Double Wall gjarðir
- Dempargaffall: Suntour M3010
- Annað: Standari, glítaugu

vnr. 955095, 935960



Verðdæmi
34.999
verð áður
49.999

VERSLAÐU Á NETINU
HAGKAUP.IS



 **Netgíró**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

visir.is

Fleiri myndir eru á Vísi.

Stríður straumur inn og úr landi

Tæp milljón manna fór um Leifsstöð frá janúar til og með júlí á þessu ári. Það er 35 prósent fjölgun frá því á sama tíma í fyrra. Eyþór Árnason, ljósmyndari Fréttablaðsins, hittir fjölbreytta flóru ferðamanna í Leifsstöð.




Ljósmyndari var staddur í Leifsstöð snemma að morgni en þá þegar höfðu 3.200 farþegar farið um flugstöðina. Þessi var á hlaupum enda orðinn of seinn í flugið sitt.



„Dásamlegt fri,“ sagði Dumas-fjölskyldan frá París. Afi, amma, pabbi, mamma og þrjú börn höfðu dvalið á Íslandi í tólf daga. Á flugvellinum ákváðu þau að senda síðasta póstkortið til vina í Frakklandi.



„Við kíkjum kannski til Reykjavíkur. Verst að það er rigning,“ sagði efnaræðikennarinn Gautam Sarkar en hann og kona hans, danskennarinn Rumki, voru að millilenda á leið frá Bretlandi til Bandaríkjanna. Þau þurftu að bíða í samtján tíma eftir fluginu sínu og veltu vöngum yfir því hvernig þau ættu að drepa tímann.



Bið og ferðalög geta verið þreytandi. Þessir tveir bakpokaferðalangar lögðu sig undir stiganum við salernin á neðri hæðinni og á veggnum við hliðina sváfu þeir í viðbót. Algengt er að fólk hvíli lúin bein á þessum stað í flughöfninni.



Það getur verið strembið að ferðast einn með lítið barn en þessi móðir fékk dygga aðstoð frá farþegaþjónustunni við að setja kerruna saman. Litla stúlkan, Eilíf Guðmundsdóttir, fékk að kúra í fanginu á Agóthu Mist Atladóttur á meðan.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR

BETRI NOTAÐIR BÍLAR Á BETRA VERÐI



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

HÉR ERU NOKKUR DÆMI:

BNB



Toyota RAV4 GX Plus 2WD
Dísel Beinsk.
Á götuna 02.15 Ekinn 26.000 km.
Verð: 4.390.000,-
Betra verð: 4.050.000,-

BNB




Toyota Auris Live
Bensín Beinsk.
Á götuna 05.15 Ekinn 37.600 km.
Verð: 2.740.000,-
Betra verð: 2.390.000 kr.

BNB



Toyota Land Cruiser 150 VX
Dísel Sjálfsk.
Á götuna 5.13 Ekinn 104.00 km.
Verð: 8.770.000,-
Betra verð: 7.950.000,-

BNB



Toyota Auris Actavie
Bensín Sjálfsk.
Á götuna 06.15 Ekinn 22.000 km.
Verð: 3.470.000,-
Betra verð: 3.250.000,-

BNB



Toyota Avensis W/G Live
Bensín Beinsk.
Á götuna 05.15 Ekinn 34.575 km.
Verð: 3.420.000,-
Betra verð: 2.990.000,-

BNB



Toyota Auris Live
Dísel Beinsk.
Á götuna 10.12 Ekinn 46.000 km.
Verð: 2.370.000,-
Betra verð: 1.990.000,-

BNB



Toyota Auris W/G Active
Bensín Sjálfsk.
Á götuna 03.15 Ekinn 12.000 km.
Verð: 3.730.000,-
Betra verð: 3.390.000,-

BNB



Toyota Prius Plug-in
Bensín/Hybrid Sjálfsk.
Á götuna 07.15 Ekinn 10.000 km.
Verð: 4.650.000,-
Betra verð: 4.290.000,-

BNB



Toyota Yaris Active
Bensín Beinsk.
Á götuna 05.14 Ekinn 45.500 km.
Verð: 2.280.000,-
Betra verð: 1.990.000,-

BNB



Toyota Prius Plug-in
Bensín/Hybrid Sjálfsk.
Á götuna 10.13 Ekinn 30.500 km.
Verð: 3.850.000,-
Betra verð: 3.490.000,-

BNB



Toyota Auris Live
Bensín Sjálfsk.
Á götuna 05.15 Ekinn 29.478 km.
Verð: 3.150.000,-
Betra verð: 2.790.000,-

BNB



Toyota Auris W/G Active
Dísel Beinsk.
Á götuna 09.15 Ekinn 8.293 km.
Verð: 3.590.000,-
Betra verð: 3.190.000,-

BETRI NOTAÐIR BÍLAR VEITA ÞÉR HUGARRÓ

Þeir hafa staðist okkar ströngustu kröfur í 125 punkta gæðaskoðun og eru í fullri verksmiðjuábyrgð hjá Toyota eða Lexus.

Betri notaðir bílar eru á útisvæði okkar og í sýningarsal Toyota Kaupþúni. Renndu við og veldu draumabílinn.

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örug og áhyggjulaus bílaviðskipti

Þú getur alltaf selt okkur bílinn þinn aftur.



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070
www.toyotakaupthuni.is

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

BNB
Betri notaðir
bílar

UB
Umboðssölu-
bílar

SÖLUMENN OKKAR TAKA VEL Á
MÓTI ÞÉR OG STJANA VIÐ ÞIG

Tímabær mannúð



Þorbjörn
Þórðarson

thorbjorn@frettabladid.is

Tillögur nefndar heilbrigðisráðherra um leiðir til að draga úr skaðlegum áhrifum vímuefnaneyslu eru mikilvægar og löngu tímabærar. Heilbrigðisráðherra lagði skýrslu nefndarinnar fram á Alþingi í gær. Veigamesta breytingin sem nefndin leggur til er að lögum um ávana- og fíkniefni verði breytt á þá leið að refsing fyrir vörslu og meðferð ólöglegra vímuefna þegar um neysluskammta er að ræða verði bundin við sektir, þannig að enginn verði dæmdur til fangelsisvistar fyrir slík brot.

Fram kemur í skýrslunni að sú venja hafi mótast við framkvæmd laga um ávana- og fíkniefni að málum er lokið með sekt þegar ekki er talinn leika vafi á því að magn haldlagðra efna sé til einkaneyslu. Engu að síður er enn gert ráð fyrir því í gildandi lögum að hægt sé að dæma menn í fangelsi fyrir slík brot. Með því að leggja til að þessu verði breytt eru send mikilvæg táknað skilaboð þótt þau feli efnislega ekki í sér breytingu frá gildandi framkvæmd. Skilaboðin eru þau að löggjafinn vilji ekki fangelsa fólk í slíkum aðstæðum. Í raun hefði nefndin getað gengið aðeins lengra hér og lagt til að afnumdar yrðu með öllu refsingar, þar með talda sektir, fyrir vörslu neysluskammta af fíkniefnum. Það er hins vegar mjög víðtæk stefnubreyting og því er þessi varfærni nefndarinnar að vissu leyti skiljanleg. Telja verður líklegt að þetta gerist í fyllingu tímans sem hluti af alþjóðlegu samstarfi.

Sumar tillögur nefndarinnar virðast við fyrstu sýn svo sjálfsagðar að margir undrast að þær hafi ekki verið fyrir löngu innleiddar. Lagt er til að fjölgað verði afeitrunarplássum sem eru tiltæk með litlum sem engum fyrirvara fyrir fólk sem er í stöðugri vímuefnaneyslu, einkum á landsbyggðinni. Þá leggur nefndin til að einstaklingum sem sprautu vímuefnum í æð verði tryggður aðgangur að gjaldfrjálsri nálaskiptiþjónustu. Rauði kross Íslands hefur um nokkurra ára skeið staðið fyrir skaðaminnkandi verkefnum Frú Ragnheiði sem hefur útvegað sprautufíklum hreinar nálar og veitt þeim hjúkrun. Þar hafa starfað hjúkrunarnemar og aðrir í sjálfboðavinnu. Skaðaminnkandi verkefni af þessu tagi hafa löngu sannað mikilvægi sitt. Það er í raun með nokkrum ólíkindum að einstaklingar í neyslu alls staðar á landinu hafi ekki í öruggt húsaskjól að venda sem útvegað er af sveitarfélögum eða ríkinu. Þetta eru farsjúkir einstaklingar og þeir einu sem útvega þeim aðstoð við hæfi eru frjáls félagasamtök sem rekin eru í mannúðarskygni. Það er ekki sérstaklega góð einkunn fyrir heilbrigðisþjónustuna í landinu og hvernig við nálgumst fólk í vímuefnaneyslu. Það er mikilvægt að stjórnvöld fari eftir tillögum nefndarinnar og byggi á vinnu Rauða krossins þegar þjónusta við þessa jadarsettu skjólstaðinga heilbrigðiskerfisins er annars vegar.

Vegur meðalhöfðsins er stundum vandratáður en nefnd heilbrigðisráðherra virðist hafa haft skynsemina að leiðarljósi í störfum sínum og tillögur hennar eru allar til bóta. Vonandi rata þær í laga-breytingar.



Í raun hefði nefndin getað gengið aðeins lengra hér og lagt til að afnumdar yrðu með öllu refsingar, þar með talda sektir, fyrir vörslu neysluskammta af fíkniefnum.

Halldór



Frá degi til dags

Höggvið í annað sinn Höskuldur Þórhallsson hyggst bjóða sig fram í fyrsta sæti á lista Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi og þannig skora sitjandi formann flokksins á hölm í kjördæminu. Verða það að teljast merkileg tíðindi að þingmaður bíði ekki boðanna heldur vaði í veikan formann. Á sama tíma vonar Höskuldur að Sigurður Ingi taki sig saman í andlitinu og bjóði sig fram sem formann. Eitt er víst að Höskuldur hefur, allt frá Wintris-hneyksli Sigmundar, sagt skoðun sína umbúðalaust og verið á einhvern hátt samviska flokksins út á við. Það verður áhugavert að sjá lyktir mála.

Áætlanir halda ekki vatni Það gerist vanalega á Alþingi Íslendinga að starfsáætlun þingsins fari úr skorðum. Síðustu starfsáætlanir þessa kjörtímabils hafa allar farið út um þúfur og unnið hefur verið langt eftir þann tíma sem þing átti að hætta samkvæmt áætlunum. Það á einnig við nú. Það áhugaverða við áætlun þingsins, sem hófst með þingfundi þann 15. ágúst, er að hún skuli strax vera komin út í móa. Líkast til verða þingdagar út næstu viku til að klára hin alræmdu „mikilvægu mál“ sem þurfti að klára fyrir kosningar. Verður að teljast ákveðið met í því að núverandi áætlun, sem aðeins hljóðaði upp á 13 þingdaga, skuli strax úrelt plagg. sveinn@frettabladid.is

Fagfólk getur skipt sköpum



Almar
Guðmundsson
framkvæmdastjóri Samtaka
iðnaðarins



Að fá meistara og fagfólk með tilskilin réttindi til starfa er ákveðin trygging fyrir gæðum og réttum vinnubrögðum.

Nú þegar efnahagslíf landsmanna er á góðri siglingu, hagvöxtur betri en væntingar stóðu til, atvinnuleysi mælist eingöngu 2% og framkvæmdir víða bæði hjá fyrirtækjum og heimilum fer að bera á skorti á fagfólki í iðnaði. Fylgífiskar þessa góða atvinnuástands eru fúskarar sem taka að sér verkefni án þess að hafa til þess tilskilin réttindi og hafa ekki lært til verka. Það er heilmikil áhætta sem fylgir því að fá fúskara til starfa og því mikilvægt að þeir sem fengnir eru til starfa séu með tilskilin réttindi og löggilding. Fúsk getur reynst dýrkeypt og valdið ómældum skaða.

Að fá meistara og fagfólk með tilskilin réttindi til starfa er ákveðin trygging fyrir gæðum og réttum vinnubrögðum. Innan rauða Samtaka iðnaðarins er starfandi Meistaradeild ellefu fagfélaga sem hafa á að skipa löggiltu fagfólki til hvers kyns framkvæmda. Innan rauða þessara fagfélaga starfa um 500 löggiltir iðnmeistarar og nær starfsemi þeirra yfir alla verkþætti í mannvirkjagerð. Allir félagsmenn Meistaradeildar SI eiga aðild að Ábyrgðarsjóði Meistaradeildarinnar.

Þessi misserin er setið um gott fagfólk til að sinna margvíslegum verkefnum bæði í nýsmíði eða viðhaldi. Til að draga úr líkum á því að lenda í höndum fúskara er gott ráð að óska eftir að viðkomandi verktaki færi sönnur á að hann hafi tilskilin réttindi auk þess sem mikilvægt er að aðilar geri með sér skriflegan samning um framkvæmdina. Ef uppi er ágreiningur um fagleg vinnubrögð og gerður hefur verið skriflegur verksamningur þá getur verkkaupi leitað til Ábyrgðarsjóðs Meistaradeildarinnar um úrbætur.

Á vefsíðu Samtaka iðnaðarins, www.si.is, er hægt að fletta upp hvaða fyrirtæki tilheyra Meistaradeildinni og fá sýnishorn af verksamningi milli verktaka og verkkaupa. Auk þess er birtur gátlisti fyrir þá sem standa í framkvæmdum og þurfa að fá faglært iðnaðarfólk til starfa. Með því að kynna sér þær upplýsingar er mögulega hægt að koma í veg fyrir kostnaðarsamt tjón ef vinna þarf verkið upp á nýtt enda getur fagfólk skipt sköpum í því að hver útkoman verður. Það vill enginn kaupa köttinn í sekknum.

JOSS STONE
30. OKTÓBER
Í HÖRPU

MIÐASALA HAFIN!

Kristall sena
MIÐASALA FER FRAM Á HARPA.IS OG Í SÍMA 528-5050.
ALLAR UPPLÝSINGAR Á WWW.SENA.IS/JOSS

Auðlindir í þjóðareigu

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Skömmu fyrir fundinn í París í desember 2015 þar sem til stóð – og tókst! – að ná alþjóðlegu samkomulagi um varnir gegn frekari hlýnun loftslags birtu forstjóra Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington sameiginlega áskorun til heimsbyggðarinnar. Forstjórnarnir tveir, Jim Yong Kim í Alþjóðabankanum og Christine Lagarde í AGS, skoruðu á ríkisstjórnir allra landa heimsins að ná samkomulagi ekki aðeins um markmið – loftslagið má ekki halda áfram að hitna – heldur einnig um leiðir að markinu.

Þau mæltu með þeirri leið sem fjölmargir hagfræðingar um allan heim hafa frá öndverðu talið vænlegasta, þ.e. bæði hagkvæmasta og réttlátasta, til að ná tilætluðum árangri í umhverfisvernd og auðlindastjórn. Leiðin liggur ekki um valdboð og bönn og ekki heldur um einkavæðingu, heldur miðar hún að því að laða fram tilhlýðilega virðingu fyrir sameiginlegu umhverfi okkar allra og sameiginlegum auðlindum með því að gera mönnum að greiða réttum eiganda sannvirði – fullt gjald! – fyrir réttinn til að nýta umhverfið og auðlindirnar.

Traustasta tryggingin

Hugsunin er þessi: Rétt verðlagning á heilbrigðum markaði er traustasta tryggingin fyrir hagkvæmri nýtingu umhverfis og annarra sameignarauðlinda. Hvaða heilvita manni dytti í hug að afhenda olíufyrirtækjum eignarhald á loftgjúpi jarðar? – og höfða til gróðafiknar þeirra eða ábyrgðartilfinningar í



Að veita útvegs mönnum 90% afslátt af réttu gjaldi fyrir veiðiheimildir er næsti bær við að afhenda olíufyrirtækjum eignarhald á loftgjúpi jarðar og leyfa þeim að braska með loftið.

þeirri von að þau haldi hitanum í skefjum. Spurningin svarar sér sjálf.

Hörð andstaða

Þessi einfalda markaðsleið mætir andstöðu af hálfu þeirra sem vilja fá að spilla umhverfinu óárettir og raka til sín arði af auðlindum annarra í friði eins og endranær. Olíufélög og erindrekar þeirra í stjórnmalum hafa t.d. barizt harka-

lega gegn Parísarsamkomulaginu, jafnvel með því að þræta fyrir þá augljósu staðreynd að loftslag heldur áfram að hlýna og heil lönd eru að sökkva í sæ. Vitnisburðirnir hrannast upp. Júlí í ár var heitasti júlímánuður frá því mælingar hófust. Samt halda margir áfram að þræta, yfirleitt í boði eða undir áhrifum sérhagsmunahópa sem mega ekki til þess hugsa að fá ekki að halda uppteknum hætti.

Tveir angar á einum meiði

Ekkert af þessu ætti að hljóma ókunnuglega í íslenskum eyrum. Hlýnun loftslags og ofveiði til sjós eru angar á sama meiði. Hvort tveggja stafar af óhóflegum ágangi á annarra kostnað, hvort heldur með því að dæla of miklum koltvísýringi út í andrúmsloftið eða með því að senda of mörg skip á sjó.

Vænlegasta leiðin til lausnar vandanum er að taka gjald fyrir réttinn til að nýta umhverfi og auðlindir, gjald handa réttum eigendum en ekki handa útvöldum

einkavinum stjórnmalamanna. Loftið sem við öndum að okkur er sameign með sama hætti og auðlindir okkar til lands og sjávar eru sameign skv. lögum og bráðum einnig skv. nýrri stjórnarskrá. Enginn á því að þurfa að velkjast í vafa um réttan eiganda. Fólkið er réttur eigandi og það getur sjálft ákveðið með hvaða hætti það innheimtir afnotagjaldið af þeim sem fá að nýta umhverfið og auðlindirnar.

Þetta er kjarninn í boðskap forstjóra Alþjóðabankans og AGS til heimsbyggðarinnar fyrir Parísarfundinn í vetur leið.

Og þetta er kjarninn í boðskap veiðigjaldsmanna hér heima í rökræðum um stjórn fiskveiða í bráðum hálföld og í auðlindaákvæði nýju stjórnarskrárinna sem enn bíður staðfestingar á Alþingi. Að veita útvegs mönnum 90% afslátt af réttu gjaldi fyrir veiðiheimildir er næsti bær við að afhenda olíufyrirtækjum eignarhald á loftgjúpi jarðar og leyfa þeim að braska með loftið.

Eyrað við jörðina: ekki nóg, ekki nóg – Hvatning til Bjarna Benediktssonar



Kári Stefánsson
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Bjarni Benediktsson, hæstvirtur fjármálaráðherra, það er ljóst að þú og þínir tóku grein eftir mig sem birtist í Morgunblaðinu á laugardaginn var sem hvassa gagnrýni á þína persónu og hana ósanngjarna. Þetta er skiljanlegt vegna þess að ég nýtti þig kannski um of sem hluta fyrir heild, í gagnrýni minni á það hversu erfitt það reynist ráðamönnum lands og borgar að hlúa að þeim sem þurfa á því að halda. Þeir erfiðleikar eru því miður ekki takmarkaðir við þig eða þinn flokk; ef svo væri gætum við einfaldlega leyst vandamálið með því að kjósa hvern sem er af hinum. Staðreyndin er hins vegar sú að vandamálið hefur yfirbugað fulltrúa allra flokka, nokkurn veginn að sama marki.

Því bið ég þig afsökunar, ekki á því sem ég sagði um þig, vegna þess að það er allt meira og minna satt, heldur á því að ég skyldi hafa þig einan í mynd í stað þess að láta sjást í aðra. Ég hefði til dæmis átt að sýna félagshyggjuþróllið og borgarstjórnann hann Dag B. Eggertsson sem ríkir í umboði Samfylkingar, Vinstri grænna, Pírata og Besta flokksins: Grunnskólar borgarinnar eru þær stofnanir þar sem stór hluti þjóðarinnar hefur menntun sína sex ára að aldri. Það er í grunnskólunum sem börnin eru mótanlegust og móttækilegust fyrir hollum áhrifum. Góður grunnskóli er líka sú stofnun sem getur hlúð að börnum sem búa við erfiðar aðstæður heima fyrir. Grunnskólar Reykjavíkur eru hins vegar illa mannaðir og sveltir af fé að því marki að skólastjórar þeirra hafa mótmælt svo kröftuglega að búast má við að næsta skref þeirra verði vopnuð bylting.

Og svo eru það leikskólarnir þar sem gullin okkar og gimsteinar, blómin okkar allra, dvelja í fyrsta sinn utan heimilis og undir umsjón vandalausra. Leikskólar Reykjavíkur búa svo illa að þeir geta ekki einu sinni séð börnunum fyrir almennilegum mat. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og lækni, sættir sig við að leikskólabörn í hans umdæmi fái ekki almennilega næringu á meðan

borgin eyðir fé í að mjökka Grensáveg fyrir hjólreiðamenn, til dæmis. Þetta er allt spurning um forgangsröð og staða grunnskólanna og leikskólanna í þeirri röð er í engu samræmi við vilja fólksins í borginni. Það er alltaf þrautin þyngri að skilja Dag þegar hann tjáir sig munnlega, en þegar hann svararði fyrir gagnrýni á ástand skólanna í fréttum Ríkisútvarpsins í hádeginu á þriðjudaginn held ég að hann hafi sagt að hún væri ósanngjörn og að það væri búið að laga flest sem laga þyrfti. Hún er svo rótgróin þessi tilhneiging stjórnmalamanna til þess að finnast gagnrýni fólksins sem kaus þá ósanngjörn og að takast á við vandamál með því að reyna að tala þau burt. Bjarni, einmitt þessi tilhneiging glumdi í eyrum manna þegar þú svaraðir gagnrýninni í Morgunblaðsgreininni minni í viðtali í hádegisfréttum Bylgjunnar á mánudaginn. Þú sagðir meðal annars að:

1. Það hafi verið óábyrgt af mér og rúmlega 86 þúsund öðrum Íslendingum að krefjast þess að 11% af vergri landsframleiðslu yrði varið til heilbrigðismála. Þarna er um að ræða órökstudda fullyrðingu, sem er í eðli sínu bara skoðun. Krafan um ellefu prósentin er metnaðarfull fyrir hönd heilbrigðiskerfisins en alls ekki úr takti við það sem gerist víða annars staðar í heiminum, meðal þjóða sem eru mun fjölmennari en við og geta því að öllum líkindum hagrætt meira í heilbrigðiskerfum sínum. Ég held því fram að krafan sé skynsamleg og í samræmi við vilja fólksins í landinu, en það er líka bara órökstudd skoðun og bendir til þess að við séum ekki sammála um allt.

2. Ríkisstjórnin hafi byrjað að taka á greiðsluþátttökuvanda sjúklinga á þessu ári. Í þessu felst órlitill sannleikur en fjallvaxin lygi. Greiðsluþátttaka sjúklinga skilar enn 30 milljónum á ári og er ábyrg fyrir því að menn fresta nauðsynlegum aðgerðum og kaupa ekki lyfin sín í lok mánaðar. Í þessu felst ójafnræði á aðgengi að heilbrigðisþjónustu, sem ég veit að þér þykir óásættanlegt eins og okkur hinum.

3. Þú sagðir að með fjárukalögum yrði skuldahalinn klipptur af Landspítalanum og gafst í skyn að að líta bæri á það sem aukinn fjárstuðning. Það væri eingöngu verið að færa fé af bóku Spítalans sem þegar er búið að eyða og væri því ekki gjörningur sem gerði honum kleift að sinna hlutverki sínu betur. Hann yrði eftir



Ef þið gerið ekki raunverulegt átak, sem ætti að vera auðvelt fyrir ykkur vegna þess að fjárhirslur ríkisins eru að springa af peningum og meiri uppgangur í efnahagslífi þjóðarinnar en í nokkurn annan tíma, þá munum við gera allt sem við getum til þess að sannfæra kjósendur um að hunsa ykkur.

sem áður illa fjármagnaður og ekki í stakk búinn til þess að þjóna okkur sem skyldi.

Það var ekkert í því sem þú sagðir í þessu útvarpsviðtali sem bendir til þess að ég hafi haft rangt fyrir mér í Morgunblaðsgreininni, þegar ég sagði að þú ætlaðir greinilega ekki að hrinda þeim vilja þínum í framkvæmd að betur yrði hlúð að heilbrigðiskerfinu. Þér hefur hins vegar sjálf sagt tekist að vekja efa í huga sumra um að ég hafi haft rétt fyrir mér þegar ég sagði að þú vildir einlæglega að betur yrði hlúð að heilbrigðiskerfinu. Ég er hins vegar ekki í nokkrum vafa um að það sé þinn vilji.

Ég er að safna liði sem mun fylgjast grannt með því hvernig núverandi stjórnarflokkar sinna heilbrigðiskerfinu fyrir kosningar. Ef þið gerið ekki raunverulegt átak, sem ætti að vera auðvelt fyrir ykkur vegna þess að fjárhirslur ríkisins eru að springa af peningum og meiri uppgangur í efnahagslífi þjóðarinnar en í nokkurn annan tíma, þá munum við gera allt sem við getum til þess að sannfæra kjósendur um að hunsa ykkur. Það er nefnilega ekki líklegt að þeir sem treysta sér ekki til að setja fé í heilbrigðiskerfið rétt fyrir kosningar, þegar þeir gætu nýtt sér það til þess að sækja atkvæði, muni gera það að kosningum loknum. Við munum einnig gera okkar besta til þess að sjá til þess að stjórnarandstöðuflokkarnir heiti stuðningi við heilbrigðiskerfið á þann hátt að það verði ekki auðveldlega sviðið. Við fylgjumst með því hvernig haldið er utan um velferðarkerfið í heild sinni, bæði það sem er á ábyrgð ríkis og bæjar og svo stöndum við vaktina að kosningum loknum.

DOMUSNOVA Fasteignasala


Nýbýlavegur 8, 2. hæð • 200 Kópavogur • domusnova@domusnova.is • S 527 1717

Mánatún 6 – Þakíbúð
Opið hús í dag kl. 17-18 - Bjalla 0702

Þessi glæsilega þakíbúð er skráð 120fm. auk 20fm. sólskála og 100fm. þaksvalir með heitum potti.

Skiptist í tvö stór svefnherbergi, flísalagt baðherbergi með glugga, þvottahús, stofa, borðstofa og vandað eldhús með glugga. Stór flísalagður sólskáli og út-gengt á 100fm. glæsilegar þaksvalir með miklu útsýni. Stæði í upphituðu bílahúsi í kjallara fylgir. Allar innréttingar, gólfefni og tæki í eldhúsi af vandaðri gerð. Sameign er mjög vönduð og snyrtileg í alla staði utan sem innan.

Agnar s: 820-1002 tekur á móti ykkur. Haukur Halldórsson hdl., lögg.fast., eignir@domusnova.is



OPIÐ HÚS Í DAG

www.domusnova.is

Fiskakvísl 30 íbúð 201



Falleg íbúð á annarri hæð að stærð 128,9 m²

Tvennar svalir
Íbúðin nær í gegnum húsið
Tvö svefnherbergi á hæðinni
Möguleiki á svefnherbergi í risi sem nú er sjónvarpshol
Frábær staðsetning
Mikið útsýni

Verð: **42,8 millj.**

Nánari upplýsingar veitir
Jórunn Skúladóttir
lögilltir fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, lögilltir fasteignasalar
MIKLABORG - með þér alla leið -

Fólk sem greinist með krabbamein þarf góða endurhæfingarpjónustu



Rannveig Björk Gylfadóttir
formaður
stjórnar
fagdeildar
krabbameins-
hjúkrunar-
fræðinga

Alþjóðlegur dagur gegn krabbameini er haldinn árlega, 4. febrúar. Alþjóðasamtökin gegn krabbameini (UICC) skora nú á þjóðir heims að taka þátt í að vekja athygli á baráttunni gegn krabbameini undir slagorðunum VIÐ GETUM – ÉG GET. Mikilvægt er að samfélög og einstaklingar leggi sitt af mörkum til að draga úr tíðni krabbameina og áhrifum sjúkdómsins.

Fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga á Íslandi fagnar um þessar mundir 20 ára afmæli sínu og fer nú af stað, í samvinnu við Krabbameinsfélag Íslands, með röð greina undir heitinu Við getum – ég get. Í þessari grein er áhersla lögð á mikilvægi endurhæfingar.

Staða endurhæfingar

Í árslok 2014 voru rúmlega 13.000 Íslendingar á lífi sem höfðu einhvern tíma greinst með krabba-

mein. Þeim einstaklingum fjölga stöðugt sem læknast og einnig þeim sem lifa í mörg ár með krabbamein sem langvinnan sjúkdóm. Krabbameininu, og meðferð við því, fylgja margvísleg einkenni og vandamál af sálrænum, líkamlegum, félagslegum og tilvistarlegum toga m.a. þreyta, verkir, kvíði, þunglyndi og erfðileikar við að snúa aftur til daglegra starfa. Þetta og fleira getur haft viðvarandi áhrif á líf einstaklingsins og fjölskyldu hans í langan tíma eftir að sjúkdómsmeðferð er lokið.

Ekki er lengra en 15-20 ár síðan farið var að benda á mikilvægi endurhæfingar fyrir fólk sem greinst hefur með krabbamein. Samtök krabbameinsfélaga á Norðurlöndum (NCU) hafa sett fram þá stefnu að endurhæfing verði órjúfanlegur hluti meðferðar allra einstaklinga sem greinst með krabbamein. Á Íslandi eru ýmis endurhæfingarræði í boði og margt hefur gefist vel, samt sem áður er hér ýmslegt sem betur má fara. Það er til dæmis misjafnt hverjir fá markvissa endurhæfingarpjónustu og hvenær í ferlinu hún er veitt. Ástæðan getur verið skortur á samstarfi milli þjónustuaðila, skortur á sérhæfðu fagfólki á öllum þjónustustigum og skortur á fjármagni til málaflökksins.



Þó framfarir hafi orðið síðustu ár, þá vantar töluvert ennþá upp á að hægt sé að veita fólki sem fær krabbamein viðeigandi endurhæfingu. Skrefin hafa líka stundum verið stigin afturábak.

Markmið endurhæfingar

Mælt er með því að endurhæfing hefjist strax eftir að einstaklingur greinist með krabbamein og taki mið af þörfum hans og sé veitt eins lengi og talið er að hver og einn þurfi á að halda. Þjónustan á að vera heildræn þar sem unnið er með afleiðingar sjúkdóms og meðferðar. Markmiðið ætti að vera að auka virkni einstaklingsins og að hjálpa honum við að endurheimta og viðhalda sem bestri heilsu og lífsgæðum innan þeirra takmarkana sem sjúkdómurinn setur. Þjónustan á að byggja á fjölbreyttri þjónustu og samvinnu.

ÉG GET – endurhæfst til daglegra starfa! Hvort sem fólk er á leið til

vinnu eða annarra daglegra starfa, í eða eftir krabbameinsmeðferð, þá getur falist í því mikil áskorun. Um leið er það fólki mjög mikilvægt að komast aftur inn í sína venjulegu rútinu, en með því vex sjálfstraust og trú á eigin getu og félagsleg samskipti eflast um leið.

VIÐ GETUM – sem samfélag, stutt við fólk sem hefur fengið krabbamein til að endurhæfast til daglegra starfa! Við þurfum að sýna einstaklingnum skilning og sveigjanleika, leyfa honum að ræða opinskátt um líðan sína og takmarkanir vegna sjúkdóms og meðferðar. Mjög brýnt er t.d. að endurkoma aftur á vinnustað sé eins þægileg og kostur er og að einstaklingurinn fái aðlögun og verkefni við hæfi frá vinnuveitendum.

Framtíðarsýn endurhæfingar

Þó að framfarir hafi orðið síðustu ár, þá vantar töluvert enn þá upp á að hægt sé að veita fólki sem fær krabbamein viðeigandi endurhæfingu. Skrefin hafa líka stundum verið stigin aftur á bak, t.d. þegar samningur féll niður árið 2015 milli Heilsustofnunar NLFÍ og Sjúkraþrygginga Íslands um niðurgreiðslu þjónustunnar þar, sem hafði nýst mörgum vel. Velferðarráðuneytið hefur síðastliðna mánuði verið að undirbúa útgáfu krabbameins-

áætlunar, en þar er meðal annars fjallað um endurhæfingu krabbameinssjúklinga. Vonast er til þess að áætluninni verði komið í framkvæmd sem fyrst.

Fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga hvetur Alþingi og ráðamenn þjóðarinnar til að hlúa enn betur að þessum málaflökki, með skýrari stefnu, auknu fjárframlagi og tryggja jafnt aðgengi allra að endurhæfingarpjónustu, óháð efnahag.

Heimildir:

IKNL, (2011). *Cancer rehabilitation. Nation-wide guideline, Version: 1.0*

Krabbameinsskráin: <http://www.krabbameinsskra.is/>

The Nordic cancer union: <http://www.ncu.nu/>

Velferðarráðuneytið: <http://www.velferðarraduneyti.is/frettir-vel/nr/34627>

World Cancer Day: <http://www.worldcancerday.org/>

World Health Organisation. *Rehabilitation*: <http://www.who.int/topics/rehabilitation/en/>

Höfundur er sérfræðingur í krabbameinshjúkrun og formaður stjórnar fagdeildar krabbameinshjúkrunarfræðinga. Starfar með endurhæfingarteymi fyrir krabbameinssjúklinga og við slökunar-meðferð á Landspítala.

Ríkisstjórn góða fólksins



Helgi Hjörvar
alþingismaður

Merking tímamót hafa orðið í stjórnárum í sumar. Stór þingmeirihluti hægri manna hefur sjálfur gefist upp, stytt eigið kjörtímabil og boðað til kosninga. Sjálfstæðisflokkurinn hefur klofnað því kjösendur hans og þungavigtarfólk unír ekki afturhaldssemi og einangrunarhyggju sem þar hefur orðið ofan á og kallar á Viðreisn. Forystukonur þriggja flokka, Samfylkingar, Pírata og VG, hafa útilokað samstarf við Sjálfstæðisflokkinn að loknum kosningum. VG hefur tekið vel í uppboðsleið í kvótamálum, sem verið hefur stefna Samfylkingarinnar og nú einnig Pírata.

Tækifæri

Í þessu felast gríðarleg tækifæri til málefnalega framfara í landinu. Fyrst og fremst felast þau í kosningunum sjálfum og þeim skýru valkostum sem þar verða. Annars vegar framhald núverandi stjórnarstefnu með ríkisstjórnarflokkunum, hins vegar öfl sem eiga sameiginleg fjölmörg hugsjónamál um gjörbreyttar áherslur. Þó flokkar í framboði geti orðið margir og stjórn fjölflokka skrifar málefnafráttir sínar sjálf.

Stóru málin

Efling Landspítala og annarrar opinberrar heilbrigðisþjónustu, ásamt takmörkunum á kostnaði sjúklinga, verður stærsta málið. Stóraukið framboð af góðu húsnæði á sanngjörnum kjörum fyrir ungt fólk kemur þar næst og knýjandi þörf er á ný fyrir félagslegar lausnir í húsnæðismálum. Þriðja stóra velferðarverkefnið verður einföldun almannatrygginga og trygging fyrir því að öryrkjar og aldraðir njóti

sömu kjarabóta og aðrir á sama tíma. Þetta eru fjárfrek verkefni og þess vegna sérstakt fagnadarefni ef samstaða er að takast milli stjórnarandstöðuflokka um að ríkið fái eðlilegar tekjur af auðlindum landsins með uppboðum, því auknar tekjur þar geta staðið undir miklu. Auk þess er augljós tekjuöflun af ferðamönnum og allra ríkasta fólkinu í landinu svo misskipting hætti að aukast.

Góðu málin

Fleiri mál eru hins vegar mikilvæg en þau fjárfreku. Stjórnarskráin, friðlýsing miðhálandisins, bætt samkeppnisstaða skapandi greina, græna hagkerfisins og annarra vaxtarsprota atvinnulífs, þjóðaratkvæðagreiðslur, fullgilding mannréttindasáttmála, afnám málþófs á Alþingi, o.s.frv. o.s.frv. Hér verður listin sú að takmarka sig því það er grundvallaratriði ef við náum saman meirihluta að hann ætli sér ekki um of.

Til þess að fullkomna trúverðugan valkost við núverandi stjórn væri brýnt að segja fólki sem fyrst hvaða verkefni önnur en stóru velferðarmálin verða í forgangi. Að önnur mál séu ekki í forgangi þýðir ekki að þeim verði ekki hreyft. Fjölmörg mál eru einfaldlega þannig að ekkert veitir af heilu kjörtímabili til að undirbúa þau. Enda löngu tímabært að við hugsum til lengri tíma en eins kjörtímabils í senn.

Skýrir valkostir

Þó ég vilji sameina flokka þarf það ekkert að vera verra að hafa þriggja eða fjögurra flokka stjórn en tveggja. Undanfarin kjörtímabil hefur sýnt sig að stórir þingflokkar eru margklofnir, húsbóndavald lítill og ráðherrar valdaminni en var. Tal um einingur tveggja flokka stjórna er í besta falli lélegur brandari eftir tvö síðustu kjörtímabil. Hitt væri eftirsóknarvert ef Píratar, Samfylking, VG og jafnvel fleiri framboð gætu haft sameiginlegar áherslur fyrir kosningar um verkefnaskrá næsta kjörtímabils. Því kjösendur eiga skilið skýrari valkosti.

Við þurfum réttlátt námslánakerfi



Katrín Jakobsdóttir
formaður
Vinstri grænna

Þegar núverandi ríkisstjórn ákvað að flýta kosningum í kjölfar afhjúpana Panama-skjalanna ákvað meirihlutinn sömuleiðis að boða stutt sumarþing til að ljúka ýmsum mikilvægum málum, eins og það var orðað. Eitt af þeim málum sem ríkisstjórnin hefur lagt fram á þessu sumarþingi er frumvarp mennta- og menningarmálaráðherra um breytingar á námslánakerfinu.

Fyrsta umræða um málið var málefnaleg og góð og komu þá þegar fram ýmsar spurningar um þær grundvallarbreytingar sem frumvarpið boðar. Í framhaldinu hefur verið kallað eftir umsögnum og hefur Háskóli Íslands meðal annars sent inn umsögn. Umsögn HÍ fylgja ályktanir Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem skólinn fékk til að fara yfir málið. Þar kemur margt áhugavert fram.

Stóra grundvallarbreytingin sem felst í frumvarpinu er að allir námsmenn eigi rétt á námsstyrk en þeir sem þess þurfa geti tekið viðbótarlán upp í fulla framfærslu. Til þess að fjármagna breytingarnar eru vextir á lánum hækkadír, úr einu prósentu í 2,5% auk álags, tekjutinging afborgana er afnumin, ákveðnar takmarkanir settar á endurgreiðslutíma og aldurstakmark sett á þá sem geta sótt um styrk eða lán.

Það sem er jákvætt í frumvarpinu er að lagt er til að námsmenn eigi rétt á styrkjum. Önnur útfærsla á styrkjakerfi var lögð til í frumvarpi mínu vorið 2013 en Alþingi lauk ekki umfjöllun um það mál – sökum tímaskorts.



Draga úr jafnrétti

Aðrar breytingar sem lagðar eru til í þessu nýja frumvarpi eru hins vegar til þess fallnar að draga úr jafnrétti til náms og benda umsögn Háskóla Íslands og ályktanir Hagfræðistofnunar eindregið til þess að ekki eigi að ráðast í slíkar grundvallarbreytingar án þess að skoða málin miklu betur.

Það sem meðal annars kemur þar fram er að frumvarpið feli í sér mismunum milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis þar sem þeir sem geta búið í heimahúsum njóta styrks en þeir sem ekki geta búið í heimahúsum þurfa að taka dýrari lán en nú eru í boði. Nauðsynlegt sé að greina frumvarpið út frá ólíkum áhrifum þess á kynin enda eru konur almennt eldri en karlar þegar þær ljúka háskólanámi og enn er því miður töluverður óútskýrður launamunur kynjanna í samfélaginu sem þýðir á mannamáli að konur fá hlutfallslega þyngri greiðsluþyrdi af sínum námslánunum en karlar.

Þá er reifað að þetta fyrirkomulag geti reynst erfitt þeim námsmönnum sem sækja nám erlendis. Að lokum er bent á að ef tekjutinging námslána verður afnumin auki það líkurnar á að lánþegar geti lent í greiðsluferðileikum að loknu námi. Í ályktunum Hagfræðistofn-

unar kemur fram að þeir sem ekki ná meðaltekjum muni margir hverjir eiga erfðara með að greiða af lánum í nýju kerfi.

Einnig er bent á að afnám tekjutingingar geti haft áhrif á námsval og dregið þannig úr fjölbreytni náms. Hættan er sú að ungt fólk velji sér nám út frá tekjumöguleikum en ekki raunverulegum vilja sem er þá líka ákveðin frelsis-skerðing fyrir einstaklinginn. Í ályktunum Hagfræðistofnunar er sérstaklega minnst á listnámi í þessu sambandi.

Sérstök rök með frumvarpinu eru sögð þau að það muni virka hvetjandi á námsmenn að ljúka námi á réttum tíma. Í ályktunum Hagfræðistofnunar er hins vegar bent á að sú staðreynd að lánskjör versna í núverandi kerfi gæti haft það í för með sér að námsmenn kjósi að vinna meira til að þurfa ekki á eins miklum lánum að halda sem gæti haft þveröflug áhrif.

Það er jákvætt að finna þá þverpólittisku samstöðu sem hefur myndast um að við eigum að taka upp námsstyrki. Hins vegar má sú breyting ekki verða til þess að skapa ranglátara kerfi fyrir þá sem þurfa á viðbótarlánum að halda og auka þannig ójöfnuð í samfélaginu. Slíkar tillögur er ekki hægt að samþykkja.

Stærsti og öflugasti dísiljeppinn í sínum flokki



NÝR FORD **EDGE AWD**

Vertu á undan. Farðu ótroðnar slóðir

- Ford Edge veitir þér frelsi til að fara lengra. Framúrskarandi aksturseginnleikar, kraftmikið útlit og fyrsta flokks tækni setja Ford Edge fremstan í sínum flokki. Hann er fjórhjóladrifinn, búinn 210 hestafla dísilvél og kemur á 19" Titanium álfelgum.

Þú nýtur þess að ferðast í nýjum Ford Edge. Hann er gríðarlega rúmgóður enda er hann stærsti jeppinn í sínum flokki, rúmir 4,8 m. Dráttargetan er mikil eða 2.000 kg og veghæðin er rúmir 20 cm undir lágsta punkt.

Hann er jafnframt hlaðinn búnaði og notendavænni tækni sem eykur bæði þægindi og akstursánægju. Meðal staðalbúnaðar er:

- SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112
- 8" snertiskjár
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Bakkmyndavél
- Veglínuskynjari
- Umferðaskiltalesari
- Rafdrifinn afturhleri með skynjara
- Upphitanleg Quickclear framrúða
- Leðurklætt upphitanlegt stýrishjól
- Ford MyKey
- Lyklalaust aðgengi

FORD **EDGE AWD**

SJÁLFSKIPTUR 210 HÖ DÍSIL

FRÁ **8.390.000** KR.

**Komdu og prófaðu hljóðláta
dísiljeppann Ford Edge AWD**



ford.is



Örugur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Sóludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Edge er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar við ofantalið er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: hraðastillir með hraðatakmarkara, tvöföld tölvustýrd miðstöð, vandað hljómkkerfi með 9 hátölurum, nálægðarskynjarar að framan og aftan, starthnappur, sólarvörn í framrúðu og regnskynjari í framrúðu. Ford Edge er fáanlegur í þremur útfærslum: Titanium, Titanium S og Sport. Ford Edge AWD 2,0 TDCi dísil 210 hö. 6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. CO₂ losun 149 g/km. ♦ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

KRÓNAN

-22%

439 kr. pk.

Verð áður ~~569~~ kr. pk.
Avocado proskað 3 stk, Perú

**Borðaðu mig
...bestur núna!**

Fullproskaður ávöxtur

-21%

499 kr. pk.

Verð áður ~~649~~ kr. pk.
Mangó proskað 2 stk, Perú / Ísrael

Gott verð!

749 kr. kg

Óproskaður Avocado í lausu, Perú

KRÓNAN



-40%

Ungnautalund

4199

kr.
kg

Verð áður ~~6999~~ kr. kg

Ungnautalund, Nýja Sjáland

Kjötmeistari Krónunnar mælir með

Ali
FERSKUR
KJÚKLINGUR
BRINGUR

- Ekki viðbætt vatn
- Engin aukaefni
- Hrein afurð

..og gott

2399

kr.
kg

Ali kjúklingabringur

KRÓNAN
fyrst og fremst ódýr

Kjúklingur

Gott verð!

1898

kr.
kg

Krónu kjúklingabringur

-30%

Grísnitsel



Grísagúllas



1189

kr.
kg

Verð áður ~~1699~~ kr. kg

Grísnitsel og grísagúllas

-25%

Grísahakk



669

kr.
kg

Verð áður ~~899~~ kr. kg

Grísahakk

KRÓNAN



Ódýrt



Alpro jurtamjólk 1L



Antioxidant Vit. E /
Antioksidantí E-Vit.
Lág fetthalt/Vain vähän rasvaa
+ Calcium & Vit. B2, B12, D
Naturally lactose free

100 ml
102 kJ
24 kcal

289 kr. stk.

Ódýrt



Krónu Chia fræ, 300g

299 kr. pk.

Ódýrt

Frosin jarðarber, 400g - 423 kr.kg

169 kr. pk.



NETTOVEGT
400g e

Öll vör eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabreytingar

KRONAN

Nýtt!

-25%
Af Now vítamínnum

1042 kr. stk.

Verð áður ~~1389~~ kr. stk.

D-3 Vítamín, 120 töflur



Vítamín Boomba!

-25%
Af Gula miðanum

399 kr. pk.

Lífrænt te, úrval bragðtegunda



577 kr. stk.

Verð áður ~~769~~ kr. stk.

Kalk og magnesíum, 100 töflur

999 kr. stk.

Verð áður ~~1148~~ kr. stk.

Himnesk hollusta kókosnetuolía, 500ml



-25%
Af Bio-Kult vítamínnum

1649 kr. pk.

Verð áður ~~2198~~ kr. pk.

Bio-Kult, 60 hylki



499 kr. stk.

Gestus kókosolía, 500ml



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/öðra myndbreytingu!

Ágætu kjósendur á landsbyggðinni – framtíð Reykjavíkurflugvallar



Snorri Snorrason áhugamaður um réttlæti

Gerio þið ykkur grein fyrir því að það er unnið leynt og ljóst að því að rýra öryggi ykkar hvað varðar þann tíma sem gæti tekið að komast á bráðamóttöku þjóðarsjúkrahúsins með því að veða öryggi og getu Reykjavíkurflugvallar? Að því er virðist er það sérstakt áhugamál meirihlutans í Reykjavík að huga frekar að fjárhag íþróttafélags í borginni en öryggi ykkar, kærur landar.

Ég hef skrifað nokkrum þingmönnum um þetta mál, þar er fátt um svör. Reyndar fékk ég vinsamlegt bréf frá formanni Vinstri grænna þar sem hún taldi að landsmenn ættu allir að koma að ákvörðun um framtíð flugvallarins. En þingmaður sem hefur verið í forystu fyrir þann sama flokk í áratugi og sækir fylgi sitt í fjarlægustu byggðir höfuðborgarinnar svarar ekki bréfi. Þingmenn Samfylkingar þegja þunnu hljóði, þar á bæ kenna menn sig við jöfnuð og eitt samfélag fyrir alla! Svo virðist sem formaður samgöngunefndar Alþingis og hans félagar átti sig á þýðingu vallarins fyrir land og lýð. Í hinum stjórnarflokknum hafa borist jákvæð svör frá 2 þingkonum. Síðan ræddi ég málið við annan þingmann í

þeim sama flokki, sem segist vera hlynntur Reykjavíkurflugvelli í orði, en ekki kom til greina að styðja til lögu um að koma skipulagi flugvallar undir ríkið vegna þess að hún var ætluð úr herbúðum Framsóknarflokksins. Ég spyr mig fyrir hverja eru þingmenn að vinna, ef ekki fyrir okkur, landsmenn?

Einnig hefur heyrst að borgaryfirvöld þjarmi nú að vöggu kennsluflugs í Reykjavík. Nú liggur fyrir skýr vilji þjóðarinnar um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Um 70 þúsund Íslendingar vilja hafa völlinn á sínum stað, „Hjartað í Vatnsmyrinni“. Á hátíðarstundum hafa menn mikla lýðræðisást og vilja færa valdið til kjósenda, en er það ef til vill aðeins fagurgali? Ég skil ekki þetta áhugaleysi þingmanna um öryggi ykkar. Það koma hátt í 600 sjúkraflug til Reykjavíkur árlega, það er fyrir utan þyrlluflug. Þetta er mér mikið hjartans mál, sjálfur veiktist ég alvarlega á síðasta ári og naut þeirra forréttinda að búa í nálægð við þjóðarsjúkrahúsið.

Ekki skilningur á þýðingu flugvallar Ég er kominn af miklu fjölfólki sem þekkti landið betur en flestir aðrir og vissi hvernig skjótur breytileiki veðurs gat haft mikil og afdrifarík áhrif á möguleika til þess að lenda heilu og höldnu. Í þá daga var talið fráleitt að byggja flugvöll í Hvasshrauni. Ég tel að því miður hafi allt of margir kjörnir fulltrúar í okkar samfélagi ekki skilning á þýðingu flugvallar og því öryggi sem þeir veita fyrir litla eyþjóð, sem býr við



Ég skil ekki þetta áhugaleysi þingmanna um öryggi ykkar. Það koma hátt í 600 sjúkraflug til Reykjavíkur árlega, það er fyrir utan þyrlluflug.

viðvarandi náttúruhamfarir. Nú er ferðaþjónustan orðin stærsta atvinnugrein þjóðarinnar og millj-

örðum hefur verið varið og verður varið til uppbyggingar um landið og þá dettur mönnum í hug að loka Reykjavíkurflugvelli. Gera menn sér grein fyrir því að það lenda á einum sólarhring í Keflavík um 100 farþegaflugvélar þegar þetta er skrifað? Í áætlunarflugi er gerð áætlun á næsta varaflugvöll. Það er ekki hægt annað en að kalla þetta „stóriðju“ sem á sér stað á Keflavíkurflugvelli í dag, nei þá vilja menn skerða og rýra öryggi varaflugvallar fyrir Keflavík. Nú lítur út fyrir að svokallaðri neyðarbraut í Reykjavík verði lokað vegna skiln-

ingsleysis borgaryfirvalda. Fróðlegt verður að sjá hvort þingheimur muni bregðast við dómi Hæstaréttar.

Undirritaður horfir á þetta mál eingöngu út frá réttlætis- og sanngirnissjónarmiðum gagnvart öllum þegnum þessa lands.

Ágætu kjósendur utan höfuðborgarsvæðisins, nú fara kosningar í hönd, krefjið frambjóðendur um skýr svör, hvort þeir ætli að standa vörð um öryggi ykkar eða hvort þið verðið flokkuð sem 2. flokks þegnar, þið eruð vinnuveitendur verðandi þingmanna!

Velferðinni ógnað



Ólína Þorvarðardóttir alþingismaður

Fyrr á árinu skrifuðu 90 þúsund manns undir áskorun til stjórnvalda um endurreisn heilbrigðiskerfisins. Var þess krafist að árlega yrði varið sem nemur 11% af vergri landsframleiðslu til heilbrigðismála. Augljóst má vera af þeirri 5 ára fjármálaáætlun sem ríkisstjórnin hefur lagt fyrir Alþingi að núverandi stjórnvöld ætla að daufheyra við ákalli landsmanna.

Á næsta ári vantar samkvæmt þessari áætlun 3 milljarða til þess að halda rekstri Landspítala og sjúkrahúsins á Akureyri í horfinu. Er þá ekki tekið með í reikninginn það sem þarf til að bæta reksturinn.

Ríkisfjármálaáætlun er stefnumarkandi plagg – nokkurs konar rami utan um fjárlög ríkisins og hagstjórnina á næstu fimm árum. Er skemmst frá því að segja að þegar kemur að velferðarmálum stangast fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar í öllum helstu atriðum á við sýn okkar jafnaðarmanna á hlutverk ríkisins gagnvart almenningi.

Ekki er gert ráð fyrir því í fjármálaáætluninni að lífeyrisgreiðslur aldraðra og öryrkja hækki á næstu fimm árum. Samfylkingin hefur lagt til að lágmarksgreiðslan verði hækkuð í 300 þúsund.

Færri fá barnabætur en nokkru sinni fyrr samkvæmt fjármálaáætluninni og eru það aðeins þeir allra tekjulægstu. Við jafnaðarmenn lítum ekki á barnabætur sem fátækrastryk, heldur sjálfsagðan stuðning við allar fjölskyldur eins og tíðkast á Norðurlöndum. Þar eru barnabætur ótekjutengdar

enda hugsaðar til að jafna stöðu barnafjölskyldna gagnvart barnlausu fólki.

Engar áætlanir er að sjá í ríkisfjármálaáætlun um lengingu fæðingarorlofsins þrátt fyrir yfirlýsingar stjórnvalda þar um. Samfylkingin hefur lagt til fæðingarorlof í 12 mánuði og að hámarksgreiðslur séu hækkaðar.

Svo virðist sem ríkisstjórnin leggi allt kapp á að lækka skuldir þeirra sem mest hafa milli handanna og því mun þeim fækka enn frekar sem fá vaxtabætur næstu 5 árin. Jafnaðarmenn leggja áherslu á að allir eigi þess kost að eignast heimili eða leigja heimili á viðunandi kjörum.

Nái áætlun ríkisstjórnarinnar fram að ganga mun það bitna mjög á velferð í landinu. Gælur við einkavæðingarform í heilbrigðiskerfinu hringja öllum viðvörunarþjóllum og stangast á við áherslur jafnaðarmanna og ákall almennings um endurreisn heilbrigðiskerfisins, að ekki sé minnst á markmið jafnaðarmanna um gjaldfrjálsta heilbrigðisþjónustu.

Í velferðarsamfélagi á sjúkt fólk að fá bestu mögulegu læknaþjónustu og umönnun sem völ er á. Áform um einkarekstur eru ekki svar við því kalli, heldur flótti frá verkefninu.



Í velferðarsamfélagi á sjúkt fólk að fá bestu mögulegu læknaþjónustu og umönnun sem völ er á. Áform um einkarekstur eru ekki svar við því kalli, heldur flótti frá verkefninu.

Gullmulningsvélar heilbrigðisstjórnvalda Möltu



Gunnar Ármannsson áhugamaður um heilbrigðismál

Fréttablaðinu þann 19. ágúst 2016 sýnir Ögmundur Jónasson okkur inn í hugarheim sinn. Þar er oft áhugavert um að litast því Ögmundur hefur skoðanir á mörgum hlutum og getur lagt rök-ræðunni lið um aðskiljanlegustu málefni. Í þessari grein, „Hættulegur heilsukokteill“, tekur hann til umfjöllunar sambúð einkareksturs og opinbers reksturs við veitingu heilbrigðisþjónustu. Þeirri umræðu fagna ég og finnst sjálfsgagt að þessi sambúð sé rædd hér á landi eins og víðast hvar annars staðar í Evrópu.

Mér finnst það samt ljóður á nálgun Ögmundar að hann geti ekki tekið þátt í rök-ræðunni án þess að tala niður til þeirra sem eru annarrar skoðunar en hann og kalla þá uppnefnum eða gera þeim upp annarlegar hvatir eða beinlínis væna þá um einhvers konar hugsýki. En vilji hann færa tungutak athugasemdakerfanna inn á síður dagblaðanna er það að sjálfsgöðu hans val.

Þessi umræða um sambúð einkareksturs og opinbers reksturs hefur átt sér stað í mörg ár. Bandaríkin og þjóðir Evrópu hafa farið mismunandi leiðir en þó virðist tilhneigingin vera sú að fleiri og fleiri ríki kjósa að blanda þessum leiðum saman í þeim tilgangi að reyna að sníða helstu agnúa af hvorri leið fyrir sig. T.d. benti dr. Birgit Toebes, lagaprófessor og virtur fræðimaður á sviði heilbrigðisréttar og alþjóðlegrar mannréttindaverndar, á

þetta í fyrirlestri sínum á ráðstefnu á vegum HR fyrir fáum árum.

Hollenska leiðin

Sem dæmi má nefna að fyrir nokkrum árum fóru hollensk stjórnvöld í mikla stefnumótun þar sem sú ákvörðun var tekin af pólitíksum að setja nýjan og mjög skýran lagaramma utan um málaflökkinn. Niðurstaðan þar í landi varð sú að fela tryggingarfélögnum sambærilegt hlutverk og Sjúkratryggingum Íslands er falið hér á landi og er gert ráð fyrir að bæði opinberir aðilar og einkaaðilar bjóði fram þá þjónustu sem til þarf. Það er síðan hlutverk tryggingarfélögunna að kaupa þá þjónustu sem best tryggir hagsmunu notendanna. Þetta kerfi hefur skilað Hollendingum 1. sæti í árlegri könnun Euro Health Index um gæði heilbrigðisþjónustu í Evrópu mörg undanfarin ár. Árið 2009 sat Ísland í 3. sæti þessa lista en er nú komið í 8. sæti listans.

Möltuleiðin

Maltverjar hafa, eins og margar aðrar Evrópuþjóðir, verið að glíma við aukinn kostnað í heilbrigðiskerfinu, auknar kröfur um þjónustu, hækkanði aldur þjóðarinnar, langa biðlista, skort á sjúkrarúmum og síðast en ekki síst baráttu við mönunarvandann í heilbrigðisstéttum. Pólitískir stefnumótendur heilbrigðismála á Möltu tóku nýverið þá ákvörðun að bjóða einkaaðilum til samstarfs um uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á Möltu og er gert ráð fyrir umtalsverðri fjárfestingu þeirra í innviðum kerfisins. Þeir ákváðu að reyna að finna nýjar leiðir og nýta sér m.a. í því samhengi sífellda aukningu í heilsutúrismi. Þar horfa þeir m.a. til hjarta- og bæklunarvandamála.

Tilgangur þeirra með þessari nálgun er að reyna að bregðast við framangreindum úrlausnarefnum og bæta heilbrigðisþjónustuna fyrir eyjarskeggja og ekki síst til að geta haldið þjónustunni áfram gjaldfrjálstri fyrir íbúa Möltu.

Maltverjar nálgast verkefnið með þeim hætti að þeir ætla að byggja nýtt 250 herbergja bráðasjúkrahús auk þess sem þeir ætla að endurnýja eldri spítala sem var aðalspítali Möltu til ársins 2007. Þar ætla þeir að vera með 220 sjúkrarúm þar sem áherslan verður á sérhæfða þjónustu fyrir hjarta-, bæklunar- og þvagfæravandamál. Þar til viðbótar gera þeir ráð fyrir 150 sjúkrarúmum fyrir endurhæfingarsjúklinga. Þá ætla þeir að breyta einum af núverandi spítölum í 320 herbergja spítala sérstaklega fyrir aldraða. Að auki stendur til að byggja nýjan lækna skóla sem á að geta tekið við allt að 300 nemum og er það til viðbótar við fyrirhugaðan skóla fyrir hjúkrunarfræðinga. Samkvæmt upplýsingum fjárfestanna gera þeir ráð fyrir að fjárfesting þeirra muni skapa yfir 1.000 störf á eyjunni.

Niðurlag

Það verður fróðlegt að fylgjast með hvernig verkefnið gengur hjá Möltubúum á næstu árum og sjálfsgagt munu einhverjir geta dregið lærdóm af því hvernig til mun takast. En að minnsta kost má fullyrða að ólíkt hafast þeir að, pólitísku stefnumótendurnir á Möltu og á Íslandi.

Ef Ögmundur Jónasson telur mig og mína líka, áhugamenn um samlif opinbers reksturs og einkareksturs í heilbrigðisþjónustu, líkt þenkjandi og pólitískir stefnumótendur heilbrigðismála á Möltu þá kann ég þeim samanburði vel.

VELDU BESTA FÉLAGSSKAPINN Í VINNUNNA

NÝR CITROËN BERLINGO

Með Citroën Berlingo færð þú frábæra vinnuástöðu og gott aðgengi fyrir farm og farþega. Í Berlingo eru þrjú sæti í góðri stærð og hægt er að koma tveimur Euro-vörubrettum auðveldlega fyrir í hleðslurými. Til að flytja lengri hluti er framsætið og öryggisgrindin (tvískipt) felld niður. Bluetooth símabúnaður og fjöldi geymsluhólf á samt vinnuborði á niðurfellanlegu miðjusætinu gera Berlingo að frábærum félagsskap í vinnunni.

FRÁ 2.790.000 KR. MEÐ VSK

FRÁ 2.250.00 KR. ÁN VSK

Komdu í Brimborg og reynsluaktu nýjum Citroën Berlingo. Veldu traust umboð með einstöku þjónustuframboði fyrir bíla- og tækjafloata.

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

- 850 kg burðargeta
- 3,3 m³ - 4,1 m³ hleðslurými
- Þriggja sæta
- 180° opnun á afturhurðum
- Rennihurð á hlið
- Sparneytin og öflug dísilvél

- Bluetooth símabúnaður
- Spólvörn
- Stöðugleikastýring
- Hiti í bílstjórasæti
- Hraðastillir
- Gúmmimotta í hleðslurými



Öruggur staður til að vera á

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshófa 8, sími 515 7040





Arnþrúður
Karlsdóttir
fyrir hönd
Útvarps Sögu



Ingvi Hrafn
Jónsson
fyrir hönd
INN



Orri
Hauksson
fyrir hönd
Símans



Rakei
Sveinsdóttir
fyrir hönd miðla
Hringbrautar



Sævar Freyr
Þráinsson
fyrir hönd
365 miðla



Sjálfstæðir fjölmiðlar eru ekki sjálfsagðir

Fjáls fjölmiðlun í ljósvaka á 90 ára afmæli í ár. Ottó B. Arnar símfræðingur stóð að félagi um útvarpsstöðina H.f. Útvarp, sem hefði getað fagnað afmælinu í ár ef hún hefði ekki orðið gjaldþrota árið 1928. Fyrsta frumvarp um útvarpsrekstur var samþykkt frá Alþingi sama ár og hið nýja félag fékk aðstöðu í Loftskýtastöðinni á Melum til útsendinga fjórum árum á undan Ríkisútvarpinu.

Gjaldþrotið varð sökum þess að Alþingi hafnaði beiðni um einkasölu á viðtækjum til að standa undir rekstri. Alþingi setti nokkrum árum síðar lög um útlög í ríkiseigu og skyldi rekstur þess fjármagnaður að hluta með viðtækjasölu.

Í millitiðinni hafði reyndar

annað einkafyrirtæki hafið rekstur norður á Akureyri. Arthur Gook, trúboði í söfnuðinum á Sjónarhæð, hóf útsendingar trúarlegs útvarps í árslok 1927. Eitthvað virðist hið trúarlega útvarp hafa farið út af sporinu því atvinnumálaráðherra hafnaði beiðni um að framlengja leyfi þess árið 1929 með því fororði að það hefði ekki haft leyfi til reksturs „gaman-útvarps“.

Ríkisútvarpið var stofnað í kjölfar þessara tilrauna einkaaðila og hóf útsendingar í skugga heimskreppu árið 1930. Íslenska ríkið var með einkarétt á útsendingum útvarps allt þar til Bylgjan hóf útsendingar 28. ágúst 1986 í kjölfar setningar nýrra útvarpslaga þáverandi menntamálaráðherra, Ragnhildar Helgadóttur. Þessi lög



Í kvöld ætlum við að minna notendur ljósvakamiðla á gamla tíma með því að slökkva á útsendingum frjálsra stöðva í 7 mínútur klukkan 21. Með því viljum við minna á að tilvist innlendra sjálfstæðra fjölmiðla er ekki sjálfsagður hluti af tilverunni.

urðu ekki til í tómarúmi en í verkfalli opinberra starfsmanna árið 1984 lokuðust útvarps- og sjónvarpsstöðvar ríkisins. Einkaaðilar stigu þá fram og sýndu fram á tíma-skekkju þess að þeim væri bannað að senda frá sér efni á öldum ljósvakans.

Fæstir sakna einkaleyfis Ríkisútvarpsins og þótt riflega 70 prósent landsmanna horfi eða hlusti á RÚV á hverjum degi horfa nú riflega 73 prósent þeirra einnig á einkarekna ljósvakamiðla á hverjum degi.

Fjölmiðlar eru í stöðugri þróun. Það þarf lagaumhverfið líka að vera. Íslenskur fjölmiðlamarkaður er ekki eyland. Erlendir miðlar sækja okkur heim án þess að greiða hér skatta eða gjöld. Kvaðir sem settar eru á innlenda miðla ná ekki

til þeirra. Auglýsingatekjur renna í auknum mæli úr landi og stór hluti þeirra til ríkisins í gegnum Ríkisútvarpið.

Í kvöld ætlum við að minna notendur ljósvakamiðla á gamla tíma með því að slökkva á útsendingum frjálsra stöðva í 7 mínútur klukkan 21. Með því viljum við minna á að tilvist innlendra sjálfstæðra fjölmiðla er ekki sjálfsagður hluti af tilverunni. Það er komið að Alþingi að gera nauðsynlegar og tímabærar breytingar á löggjöf til þess að jafna samkeppnisstöðu félaga á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Við biðjum um sanngjarn rekstrarumhverfi og andrými, þannig að fjölbreyttir íslenskir miðlar geti blómstrað, samhliða ríkisstyrktum fjölmiðli, erlendri samkeppni og nýrri tækni.

Parísarsamningnum fylgt eftir



Sigrún
Magnúsdóttir
umhverfis- og
auðlindaráðherra

Ríkisstjórnin hefur óskað eftir heimild Alþingis til að fullgilda Parísarsamninginn um aðgerðir í loftslagsmálum. Vonandi gengur það hratt og vel fyrir sig, svo Ísland geti verið meðal ríkja sem fullgilda hann snemma og stuðla þannig að því að samningurinn taki gildi á heimsvísu. Nú hafa yfir 20 ríki fullgilt samninginn, en hann gengur í gildi þegar 55 ríki með 55% af losun á heimsvísu hafa fullgilt hann.

Tímamót í loftslagsmálum

Parísarsamningurinn markar tímamót. Viðræður í loftslagsmálum höfðu árum saman verið í hnút, þar sem hver benti á annan. Nú er í fyrsta sinn kominn samningur þar sem öll ríki heims leggja sín lóð á vogarskálarnar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, auk þess sem ríki munu hjálpast að við að bregðast við breytingum sem verða óhjákvæmilega. Reynt verður að halda hlýnun innan við 2°C, en jafnframt leitað leiða til að halda henni innan við 1,5°C. Framlög ríkja til að draga úr losun eru sjálfviljug, en ríkjum er ætlað að setja metnaðarfull markmið og efla þau reglulega. Í samningnum felst bókhalds- og aðhaldskerfi, sem mun krefja ríki til að fylgja eftir settum markmiðum.

Áskoranir og tækifæri

Ísland býr um margt við óvenjulegar aðstæður í loftslagsmálum. Flest ríki setja á oddinn að draga úr orkuframleiðslu með jarðefnaeldsneyti. Hér er orka til rafmagns og hitunar nær 100% með endurnýjanlegum orkugjöfum. Draga þarf úr notkun jarðefna-

eldsneytis í samgöngum og fiskveiðum. Einnig þarf að minnka kolefnisfótspor landbúnaðar og minnka losun frá úrgangi. Ekki má gleyma því að möguleikar Íslands til að binda kolefni með skógrækt og landgræðslu eru miklir og þarf að nýta.

Töluleg markmið Íslands eru sett á alþjóðlegum vettvangi og í ákvæðum EES-samningsins. Nú er í gildi áætlun um að ná markmiðum Kýótó-bókunarinnar til 2020, sem þarf að uppfæra til 2030. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur óskað eftir sérfræðiskýrslu um möguleika til þess, sem byggir m.a. á nýrri orku- og eldsneytisspá sem kom út nú í sumar.

Sóknaráætlun komin á skrið

Stjórnvöld vildu hefjast handa strax í anda Parísarsamningsins. Sóknaráætlun í loftslagsmálum var kynnt í fyrra og er komin á fullan skrið. Innan hennar eru sextán verkefni sem miða að minnkun losunar á Íslandi og með alþjóðlegri samvinnu og að eflingu margvíslegs starfs í loftslagsmálum.

Sóknaráætlunin er fyrsta heildstæða aðgerðaáætlunin í loftslagsmálum sem byggir á fjármögnunum verkefnum. Fé er sett til eflingar innviða fyrir rafmagnsbíla, eflingar skógræktar og endurheimtar votlendis. Aðilar í sjávarútvegi, landbúnaði og háskólasamfélaginu eru fengnir að borðinu til að gera vegvísu um minnkun losunar á landi og sjó. Eitt verkefnið miðar að því að gera jökla Íslands að lifandi kennslustofum um áhrif loftslagsbreytinga. Annað vinnur gegn matarsóun, sem veldur verulegri og óþarfri losun.

Ég er ánægð að sjá þessi verkefni komast á skrið og bind vonir við að þau muni laða fleiri heila og hendur til góðra verka og leiða til raunverulegs árangurs í loftslagsmálum. Ég tel einnig skipta miklu máli að við sendum skýr skilaboð til samfélags þjóðanna um að við viljum fylgja eftir tímamótasamningnum í París. Með skjótri fullgildingu Parísarsamningsins leggjum við okkar af mörkum til að tryggja bætta framtíð afkomenda okkar.

Brian Wilson
flytur
Pet Sounds
50 ára afmæli

Meistaraverkið flutt í heild sinni í síðasta sinn.
~Ásamt fágætum lögum og vinsælustu lögnum~
Sérstakir gestir
Al Jardine & Blondie Chaplin
6. september 2016 í Eldborg - Hörpu

AUKINN LIÐLEIKI OG MINNI VERKIR

Vistor hf. kynnr Benecta er íslenskt fæðubótarefni unnið úr rækjuskel, sem stuðlar að úrvinnslu á bólgum í líkamanum og verndun vefja í stoðkerfi. Sigurður H. Stefánsson er nánast laus við verki og bólgur eftir að hann fór að nota Benecta.

„Ég hef verið með brjóskskemmdir í hné í mörg ár og hefur það orsakað bólgur og þreytuverki í hnám,“ segir Sigurður H. Stefánsson, fyrrverandi handboltakappi. „Verkir og bólgur hafa verið mismikil eftir álagi en ég fann mikinn mun á mér eftir að ég byrjaði að taka Benecta. Þreytuverkir eru svo til farnir og liðleiki hefur aukist en áður var stundum erfitt að beygja hnén. Ég er ekki frá því að annar stirðleiki í líkamanum hafi líka minnkað eftir að ég byrjaði að taka Benecta,“ segir Sigurður enn fremur.

DREGUR ÚR BÓLGUM

Benecta styður við náttúrulega viðgerðarferla í líkamanum og hjálpar til við bólgúrvinnslu að sögn Guðnýjar Traustadóttur, markaðstengils hjá Vistor hf.

„Benecta inniheldur kítínfá-sykrur sem eru unnar úr rækjuskel. Sykrungarnir bindast bólgupróteinum í líkamanum og hjálpa líkamanum að vinna úr bólgum og styðja við uppbyggingu vefja og vinna þannig gegn ákveðnum bólguhvetjandi ferlum.

Með daglegri inntöku má draga úr bólgum og óþægindum og þannig auka úthald og orku,“ segir Guðný og bætir við að jafnframt stuðli Benecta að endurnýjun vefja (svo sem brjósks, sina og beina) og hjálpar þannig til við að viðhalda heilbrigðu stoðkerfi.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Benecta er framleitt af íslenska líftæknifyrirtækinu Genís. „Mikil þróunarvinna og áralangar rannsóknir liggja að baki vörunni sem byggir á sér-



Sigurður segist finna mikinn mun á sér eftir að hann byrjaði að taka Benecta. Þreytuverkir séu svo til farnir og liðleiki hafi aukist. MYND/GVA

BENECTA

- Hjálpar líkamanum að vinna úr bólgum
- Styður við uppbyggingu vefja svo sem brjósks, sina og beina
- Hjálpar til við að viðhalda heilbrigðu stoðkerfi

hæfðri þekkingu tengdri framleiðslu á lyfjum og fæðubótarefnum unnum úr rækjuskel. Þróun Benecta hefur staðið yfir undanfarinn áratug í samstarfi við íslenska og erlenda vísindamenn,“ segir Guðný.

NOTKUN BENECTA

Dagleg inntaka Benecta getur hjálpað líkamanum að vinna

úr bólgum hvort sem þær eru af völdum álags eða hækkandi aldurs.


BENECTA ER ÆTLAÐ FULLORÐNUM, 18 ÁRA OG ELÐRI

Skammtar: 2 hylki á dag fyrstu mánuðina. Eftir það 1-2 hylki á dag. Mælt er með því að taka Benecta á fastandi maga. Ekki skal taka meira en ráðlagðan dagskammt (2 hylki).

Benecta er ekki ætlað þunguðum konum eða einstaklingum með skelfiskofnæmi

Innihaldslýsing: Hvert hylki inniheldur 300 mg af kítínfá-sykrum sem unnar eru úr rækjuskel. Engin aukæfni eru í Benecta.

Benecta fæst í apótekum, Heilsuhúsinu og Perform.is



Bólga er náttúrulegur og nauðsynlegur fylgikvilli vefjaskaða. Þegar bólgan hefur unnið sína vinnu tekur við annað ferli sem er kallað bólguúrvinnsla (Resolution). Þetta ferli stýrir niðurlotum bólgu og styður við vefjanýmyndun.

» Verkir og bólgur hafa verið mismikil eftir álagi en ég fann mikinn mun á mér eftir að ég byrjaði að taka Benecta. Þreytuverkir eru svo til farnir og liðleiki hefur aukist.

Sigurður H. Stefánsson

FLOTTAR HAUSTYFIRHAFNIR Á FÍNU VERÐI 25.900 - 29.900 kr.

Skoðið laxdal.is

BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

Vertu vinur á Facebook

Alltaf eitthvað nýtt og spennandi

Netverslun á tiskuhus.is

My Style tiskuhús

mystyle f

Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464



NÝ SENDING
af yfirhöfnum
og dúnúlþum
Stærðir 36-52

hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Betri í vinnuna

Verð 13.900 kr.

- 3 litir: blátt, svart, brúnt
- 3 síddir: 76 + 83 + 89 cm.
- stretch
- háar í mittið
- halda lit

Opið
virka daga
kl. 11-18
laugardaga
kl. 11-15

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516  Kíkið á myndir og verð á Facebook



Þorbjörn er til hægri á myndinni og Michael til vinstri. MYND/ANTON

MÍNÍMALÍSKUR ULFR

ULFR er fatamerki þeirra Þorbjörns Einars Guðmundssonar og Michaels Andrasonar sem fá innblástur frá götumenningu og arkitektúr. Pop-up verslun með fatalínunni verður opnuð í Hafnargötu 37 í Keflavík í kvöld, 1. september, í tilefni af Ljósanótt, og verður opin um helgina.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



„Hugmyndin að nafninu ULFR varð til þegar ég var í hljómsveitinni Úlfur Úlfur. Hugmyndin að því að búa til mína eigin fatalínu er hins vegar mun eldri,“ segir Þorbjörn sem hefur verið heltekinn af fatnaði, hönnun, tónlist og myndlist frá unga aldri. „Ég hef talað um að gera þetta allt mitt líf en það var ekki fyrr en 2012, þegar ég var að vinna fyrir ítalskt fatafyrirtæki, að ég sagði við sjálfan mig að núna væri tíminn til að fara að gera mitt eigið.“

Hann segist í fyrstu ekki hafa haft hugmynd um hvernig hann færi að þessu. „En ég var sannfærður um að ég myndi finna út úr því eins og öllu öðru sem ég tek mér fyrir hendur,“ segir Þorbjörn sem hefur starfað við fjölbreytt verkefni í gegnum tíðina á borð við myndlist, auglýsingagerð og tónlist en aðalstarf hans í dag snýst um grafíska hönnun og vefhönnun.



Hugmyndin að nafninu ULFR vaknaði þegar Þorbjörn var í sveitinni Úlfur Úlfur.

„Ég byrjaði á að taka allan pening sem ég hafði safnað og setti í þetta. Ég lifði ódýrt og þetta var mjög erfitt og auðvelt að gefast upp, en ég valdi að gera það ekki. Þetta er það sem ég hef ástríðu fyrir.“

Þorbjörn segir ULFR vera nútímalega nálgun að karlmannsfatnaði. „Með dass af götumenningu og dass af því sem ég hef alist upp með eins og hipp hopp og jaðaríþróttum. Línan er frekar mínímalísk og stílhrein í svörtu, hvítu og gráu.“ Í línunni eru buxur, stuttbuxur, sundbuxur, bolir, peysur, skyrtur, jakkar, derhúfur, sokkar, brettaplötur og sífellt fleiri vörur bætast við.

Fötin frá ULFR fást einungis á ulfrclothing.com nema um helgina þegar opnuð verður pop-up verslun í tilefni af Ljósanótt. „Búðin verður opnuð í kvöld klukkan 20 í Hafnargötu 37 í Keflavík og verður aðeins opin þessa einu helgi. Við verðum með ýmsar nýjungar auk þess sem Aron Can verður með tónleika á föstudagsdagskvöldið á H30 í boði ULFR.“

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu



Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum



FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ

sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR: Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Starri Frey Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357
SÖLUMENN: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

ÚTSALAN ER HAFIN ! 20 - 75 % AF ÖLLU Í 5 DAGA OPIÐ ALLA HELGINA !

| | |
|--|-----------------|
| FLUGUSTANGIR..... | 20 - 50% AFSL. |
| KASTHJÓL | 25 - 50 % AFSL. |
| SPINNSTANGIR..... | 25 - 75 % AFSL. |
| FLUGUHJÓL | 20 - 50 % AFSL. |
| VÖÐLUSKÓR | 20 - 50 % AFSL. |
| FLUGULÍNUR..... | 20 - 75 % AFSL. |
| NEOPRENE VÖÐLUR..... | FRÁ 14.950 KR |
| POLAROID GLERAUGU | FRÁ 2.900 KR. |
| KLOFSTÍGVÉL | FRÁ 5.900 KR. |
| FLUGUSTANGIR..... | FRÁ 9.900 KR. |
| FLÖKUNARHNIFFAR..... | FRÁ 2.000 KR. |
| VEIÐIKASSAR | FRÁ 1.900 KR. |
| 14 FETA STRANDVEIÐISTANGIR..... | FRÁ 6.500 KR. |
| MITTIS ÖNDUNAR VÖÐLUR MEÐ STÍGVÉLI ... | 19 .900 KR. |
| 320 CM SLÖNGUBÁTUR..... | 150 .000 KR. |
| RAFMAGNISMÓTORAR | 40% AFSL. |

Allar nánari upplýsingar á
veidiportid.is

OG ALLT Í VERSLUNNINNI Á
AFSLÆTTI EN BARA Í 5 DAGA !!



Nýjar vörur í hverri viku

Stærðir 33-53

Verzlunin Belladonna 

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Stakir jakkar
kr. 8.900.-
Str. S-XXL
Litir: svart, vínrautt

Ríta

 Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030


Inntökupróf
fyrir Drengjakór Reykjavíkur 2016 - 2017



Inntökupróf fyrir Drengjakór Reykjavíkur 2016 - 2017 fara fram í Neskirkju næstkomandi föstudag 2. september, frá kl: 16:00 - 17:30.

Upplýsingar um kórinn er hægt að fá hjá stjórnanda hans Steingrími Þórhallssyni í síma: 896-8192 eða með því að senda póst á netfangið, drengjakor.reykjavikur@gmail.com

Hlökkum til að sjá ykkur!



Steinunn Ósk er týpan sem fer í kjól og hæla en líka týpan sem fer í hettupeysu og hjólabrettaskó. MYND/ANTON BRINK

SEGIR STÍLINN VERA TJÁNINGARFORM

Svört skyrtu, svartar buxur og bleikur leðurjakki eru flíkurnar sem Steinunn Ósk notar mest núna. Hún hefur alltaf spáð mikið í tískuna.

Lilja Björk Hauksdóttir
liljabjork@365.is



Steinunn Ósk Valsdóttir, stílisti og lífsstílsbloggari, sækist ekki í einhvern einn sérstakan stíl og lýsir hún sínum stíl sem ákveðnu formi af tjáningu. „Ég klæði mig eftir því hvernig mér líður og er týpan sem fer í kjól og hæla en líka týpan sem fer í hettupeysu og hjólabrettaskó. Ég elska bleikt en ég kaup mér líka oft fót í karladeildinni.“ Það er margt að gerast hjá Steinunni Ósk þessa dagana en hún er meðal annars nýjasti meðlimur Femme.is og hlakkar hún mikið til að byrja að blogga þar. „Ég elska að gera nýja hluti og stundum þarf ég að kúpla mig niður af því að ég get ekki gert allt í einu,“ segir hún brosandí.

Hverjar eru þrjár mest notuðu flíkurnar í skápnum? Svört skyrtu úr H&M sem ég hef átt í mörg ár. Hún býður upp á endalaus möguleika. Svo eru það svartar Spray On buxur frá Cheap Monday en það er sömu sögu að segja með þær, endalaust notagildi. Ég er búin að nota bleika leðurjakkann minn úr Zöru alveg vandræðalega mikið, er farin að setja mér takmörk með hann svo að ég held að það sé réttast að minnst á hann á þessum lista.

Hvaða snyrtivara getur þú ekki verið án? Fyrst og fremst er það Temptu Air – nýjasta airbrush-vélin á markaðnum í dag. Áferðin sem fæst með henni er sú allra fallegasta sem ég hef kynnst og ég er orðin algjör „airbrush-isti“. Svo finnst mér möst að vera með fallegar augubrúnir en þar myndi ég nefna Brow Definer og Dip Brow Pomade, hvort tveggja vörur frá Anastasia Beverly Hills. Svo er það góður hyljari fyrir mömmubaugana en mínir upphalds eru Fit Me hyljarinn frá Maybelline og svo Hyljarahjólíð frá Temptu.

Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti? Jakkar og yfirhafnir. Ég er svakaleg þegar kemur að þeim en ég bý nú á Íslandi og það er ekki mikill hluti ársins sem við getum sleppt því að ganga í yfirhöfnum. Það á eflaust stóran þátt í þessari áratú minni.

Áttu þér upphaldshönnuð? Nei, ég get ekki sagt það. Það er allt of mikið fallett þarna úti til þess að ég geti valið eitthvað eitt.

Hvernig er morgunrútin þín? Rosalega misjöfn. Stundum fer ég í „full glam“ klukkan tíu á þriðjudegi og stundum hendi ég hárinu í snúð og fer í hettu-

peysu. Ég leyfi mér að klæða mig og farða mig bara eftir því hvernig mér líður. Ég gríp samt alltaf í airbrush-vélin mína og hyljarann minn og fríska mig við.

Hverju verður bætt við fataskápinn fyrir haustið? Mig langar rosalega í einhverja fallega húfu og fallegan trefil. Ég ætla líka að fá mér einhverja þykka peysu og fallega kápu.

Upphaldsfylgihlutur? Ég fer aldrei út án þess að hafa úr. Er líka búin að vera rosalega dugleg að nota „chokera“ núna í sumar en mér finnst þeir gera öll áttítt falleg.

Hvaða flik keyptir þú þér síðast? Carhartt-jakka í Húrra Reykjavík. Er algjörlega sjúk í hann og svo ánægð með að það sé komin kvenfataverslun hjá Húrra.

Hvar verslar þú helst? Á Íslandi. Þegar ég fer í verslunarferðir þá geri ég oft afar slæm kaup. Upphaldsbúðin mín er Gallerí Keflavík og hefur verið í mörg ár.

Í hvaða trendi myndirðu ekki láta sjá þig? Ég er ekki mikið í magabolum eða efnislitlum fótum.

Stærðir
36-56

NÝ SENDING!

Full búð af fallegum haustvörum í stærðunum 36-56

ZIK
ZAK
TÍSKUHÚS



BLÚSSA
6.990kr
st. 42-56



KJÓLL
7.990kr
st. 42-56



BLÚSSA
7.990kr
st. 42-56



KJÓLL
6.990kr
st. 42-56



TÚNIKA
6.990kr
st. 42-56



JAKKI
11.990kr
st. 42-56

BLÚSSA
8.990kr
st. 42-56



KJÓLL
8.990kr
st. S-XXXL



TÚNIKA
6.990kr
st. S-XXXL



Einnig
til í svörtu,
rauðu og
bláu!

ÚLPA
12.990kr
st. 36-56



ÚLPA
12.990kr
st. 36-56



Einnig
til í rauðu,
fjólubláu
og bláu!

ÚLPA
12.990kr
st. 36-56



TÚNIKA
6.990kr
st. S-XXL

Glugga og hurðasmiðja SB ehf.

Glugga og hurðasmiðja SB óskar eftir að ráða starfsmann í frágang á gluggum og hurðum á verkstæði fyrirtækisins. Kjörrið væri ef um eldri og reyndari smið væri að ræða.

Eins óskum við eftir að ráða starfsmann í vélasal, við vinnu á tölvustýrðum trésmiðavélum.

Upplýsingar í síma: 565-4151 og á netfangi: hurdir@simnet.is eða á staðnum.

Fyrirtækið er stofnað 1974 og er sérhæft í glugga-og hurðasmiði

Hvaleyrarbraut 39, 220 Hafnarfirði
Sími: 565-4151 • hurdir@simnet.is

Frans / 0816



TOPPUR
5.495

Nýjar vörur
vikulega

INDISKA
Kringlunni
588 2300



HAUST/VETUR 2016
AUTUMN SUN

BASLER

[f ParisarTizkan](https://www.facebook.com/ParisarTizkan)
SKIPHOLTI 29B



Anton Bjarki Olsen, stofnandi Olsen Clothing, klæðist hér hettupeysu sem hann hannaði og saumaði heima í stofu. MYND/HEIÐA

TÓK SAUMAVÉLINA FRAM YFIR BIFREIÐ

Stofan heima hefur hingað til verið saumastofa **Antons Bjarka Olsen** sem nýlega stofnaði fatamerkið Olsen Clothing, aðeins 17 ára gamall.

**Starri Freyr
Jónsson**
starri@365.is



Anton Bjarki Olsen ákvað á síðasta ári að fara aðra leið í lífinu en vinir hans og flestir jafnaldrar. Í stað þess að fjárfesta í bifreið keypti hann sér góða saumavél enda hefur tískuáhuginn fylgt honum í nokkur ár. Fyrir tæpu ári varð draumurinn loks að veruleika þegar hann hannaði og saumaði sína fyrstu flík undir eigin merki, Olsen Clothing.

Anton, sem er á átjándra ári, hefur hingað til saumað allt sjálfur á stofugólfinu heima en vinnur nú að því að panta sína fyrstu sendingu af eigin fatalínu. „Í dag fókusa ég aðallega á að gera „streetwear“ fatastíl en ég er með margar spennandi hugmyndir fyrir framtíðina og vona að fólk taki vel í þær.“

LÆRDI AÐ SAUMA Á YOUTUBE

Hann lærði á saumavél með því að horfa á YouTube-myndbönd og prufa sig áfram á saumavél föður síns. Næsta skref var að skrá sig á fatahönnunarbraut við Fjölbrautaskólann í Breiðholti síðasta vetur. „Mér fannst ég ekki læra jafn mikið þar og ég vildi þar sem sveigjanleikinn í náminu var of lítill. Því ákvað ég að hætta í skólanum, einbeita mér að eigin hönnun og

að koma mér sjálfur á framfæri.“ Það tók hann langan tíma að finna eigin stíl og finna út hvað honum fannst flott. „Það hefur alltaf verið sagt um mig að ég sé með mjög sjálfstæðan og flottan fatasmekk sem endurspeglar í hönnuninni minni. Hún er frábrugðin annarri að mörgu leyti en ég nota t.d. ýmis efni sem fólk sér almennt ekki úti á götu.“

Sjálfur segist hann dagsdaglega klæðast þægilegum fötum sem eru einnig fínleg. „Ég spái mikið í hverju ég ætla að klæðast hverju sinni og skipti stundum um fót yfir daginn. Dagslega klæðist ég a.m.k. einni flík sem ég hef sjálfur hannað og saumað auk þess sem ég geng mjög oft með Olsen-derhúfu.“

KANYE WEST Í UPPÁHALDI

Anton fylgist helst með tískunni gegnum Instagram og á vefjum ýmissa fatahönnuða. „Ég versla ekki mikið hérna heima, helst í Zara men. Uppáhaldsbúðirnar erlendis eru t.d. H&M, Zara men, Bershka og Cheap Monday. Uppáhaldshönnuðurinn minn heima er Jón Gunnar Zoega sem hannar frábærar flíkur undir



Olsen „splattered“ vesti, Cheap Monday buxur, Air Force Low skór frá Nike, Versace hálsfesti og Michael Kors úr.

merkjunum Modern Day Slaves og OlafssonZoega. Inklaer eru mjög góðir líka og ég ber mikla virðingu fyrir þeim. Erlendis er uppáhaldið mitt hann Kanye West. Ég lít mjög mikið upp til hans og er hann fyrirmynd mín.“

Anton vinnur sem laugarvörður í Laugardalslaug þegar hann er ekki að sauma. „Líf mitt snýst annars rosalega mikið um tísku og hönnun og þess vegna er ég mikið að sauma, skoða fót á netinu og teikna upp hugmyndir.“

Hönnun Antons má skoða á Facebook og Instagram undir Olsen Clothing.

LIVE
MORE

VINNUR HRATT GEGN SJÁANLEGUM
ÖLDRUNAREINKENNUM

CHRISTY TURLINGTON-BURNS

BLUE THERAPY CREAM-IN-OIL

Uppbyggjandi virkni „sea sugar“ og viðgerðareiginleikar olía af náttúrulegum uppruna í fersku kremgeli sem bráðnar inn í húðina.

VINNUR HRATT GEGN SJÁANLEGUM ÖLDRUNAR EINKENNUM. Á AÐEINS 2 VIKUM ENDURHEIMTIR JAFNVEL ÞURR HÚÐ SJÁANLEGA MÝKT, ÞÉTTLEIKA OG LJÓMA.



BIOThERM DAGAR Í LYFJU 1.- 3. SEPTEMBER.

GLÆSILEGUR KAUPAUKI FYLGIR ÞEGAR ÞÚ KAUPIR
BIOThERM VÖRUR FYRIR 7.800 KR. EÐA MEIRA.



„MUST HAVE“ FRÁ BIOThERM:

BIOSOURCE TOTAL RENEW OIL OG BIOCILS WATERPROOF.

- NÝ HREINSIOLÍA SEM UMBREYTTIST Í FROÐU OG HENTAR ÖLLUM KONUM SEM LEITA AÐ ÞÆGILEGRI, ÖFLUGRI OG NÆRANDI HREINSUN. OLÍAN HREINLEGA BRÁÐNAR Á HÚÐINNI OG NÆRIR HANA MEÐAN FROÐAN HREINSAR UPP ÖLL ÓHREININDI OG MENGUN. HENTAR FYRIR ANDLIT OG AUGU. HÚÐIN VERÐUR FULLKOMLEGA HREIN, NÆRÐ OG ENDURNÝJUÐ.
- NÝR TVEGGJA FASA MILDUR AUGNHREINSIR SEM LEYSIR UPP VATNSHELDA AUGNFÖRDUN ÁN ÞESS AÐ SKILJA EFTIR SIG FITUFILMU. FJARLÆGIR MIKLA FÖRDUN OG ERFIÐUSTU MASKARA. HENTAR VIÐKVÆMUM AUGUM OG ÞEIM SEM NOTA LINSUR.

20%
KYNNINGARAFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
BIOThERM VÖRUM.

Tilboðið gildir í Lyfju Lágmúla, Laugavegi, Smáralind, Smáratorgi og Reykjanesbæ.

LYFJA
- Lífið heil



Vissir þú ...

... að um aldir klæddust kynin sams konar fatnaði? Í Róm til forna gengu konur jafnt sem karlar í kyrtlum. Hefðbundinn hversdagsklæðnaður í Asíu var líka lengi vel eins hjá báðum kynjum. Einhvern tíma á miðöldum hættu konur að ganga í buxum og kynskiptur klæðnaður tók við.

... að líkamsgötun hefur tíðkaðst frá upphafi vega? Fólk hefur gatað eyru, nef og maga en götunin var í upphafi hugsuð til að losa líkamann við illa anda.

... að á 19. öld var til síðs hjá hefðarfólki að ganga með hanska? Svartir silkihanskar voru notaðir innan-dyra en hvítir hanskar utandyra. Hanskarnir voru til marks um auð. Almennigur var með grifflur.

... að höfuðföt hafa um aldir verið stöðutákn? Nægir þar að nefna kórónur kóngafólks. Lengi vel gengu giftar hefðarkonur og mæður með höfuðföt til að undirstrika stöðu sína og ábyrgð. Ógiftar konur voru hins vegar berhöfðaðar.



Peysur fyrir haustið

Útsaumur, blúndur og munstraðar flikur voru áberandi á síðasta ári og fara vinsældirnar síst dvínandi með haustinu. Haustið er tími hlýrra þrjónapeysa og á tiskuvíkunni í Milánó sýndi Antonio Marras meðal annars þrjónapeysur með ísaumuðum blómum. Hnausþykkar og grófar peysur fara vel við gallabuxur og kuldastígvél og verða stórar peysur, munstraðar, röndóttar og þykkar áberandi í vetur. Hönnuðir eins og Jil Sander og Emilio Pucci sýndu þykkar klæðilegar peysur fyrir haustið 2016. Útlitið má toppa með áberandi varalit sem tónar við.

BLÓÐSYKURSVEIFLUR OG HÚÐIN

Lengi hefur verið deilt um hvort tengsl séu milli mataræðis og bólu-myndunar og um langt skeið var það skoðun læknasamfélagsins að tengslin væru lítil sem engin. Hin síðari ár hafa menn aftur farið að beina sjónum að því hvort tiltekið mataræði geti ýtt undir slæma húð og beinast spjótin helst að miklum blóðsykurs- eða insúlínsveiflum. Rannsóknir hafa enda bent til þess að þeir sem eru illa haldnir af bólu fái umtalsverðan bata ef

þeir halda blóðsykrinum jöfnum en þá þarf að miklu leyti að sniðganga kolvetni og sykri. Eins hefur mörgum gagnast að sleppa mjólkurvörum og taka út glúten. Að til-einka sér mataræði sem hefur sem minnst áhrif á blóðsykurinn hefur ýmsa aðra heilsufarslega kosti enda er farið að tengja sífellt fleiri sjúkdóma við miklar insúlínsveiflur. „Þú ert það sem þú etur,“ segir máltækið og ef húðin er slæm sakar örugglega ekki að prófa.



CLINIQUE

Clinique dagar í Apótekinu Garðartorgi dagana 1. – 7. september.

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 6.900,- kr. eða meira*

Kaupaukinn inniheldur:

Liquid facial soap, mild – andlitssápu, 50ml
Sculptwear serum – serum, 8ml
Smart SPF 15 cream – dagkrem, 15ml
High Impact mascara – svartan mascara, 3,5ml
Eyeshadow + blush – 2 augnskuggar og kinnalitir í boxi
Long last matte lipstick – varalit, full stærð
Fallega snyrtibuddu

*á meðan birgðir endast.



Létt kremgel sem veitir húðinni fullkominn raka í 24 stundir. Húðin ljómar að innanfrá og út. Kremið er olíulaust en vinnur upp rakaþap húðarinnar.



CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% Ilmfrefnalaust

Sérfræðingur frá Clinique verður á staðnum fimmtudag og föstudag.

 **Apótekið**
– einfalt og ódýrt



MON
PARIS
YVES SAINT LAURENT
THE NEW FEMININE FRAGRANCE



UPPLIFÐU **PARIS** Á NÝJAN HÁTT
NÝR ILMUR FYRIR HANA

YVES SAINT LAURENT

KYNNING Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI 1. - 4. SEPT.

KAUPAUKI FYLGIR 2 EÐA FLEIRI KEYPTUM VÖRUM FRÁ YSL Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

20% AFSLÁTTUR AF
YVES SAINT LAURENT

 Lyf & heilsa
Kringlunni

BÍLAR & FARARTÆKI

bilfang.is
S. 567 2000



ODYR 4X4!
Skoda Octavia Turbo 4X4 09/2005 ek 163 þ.km nýskoðaður, nýtt í bremsum verð 780 þús !!!

Bílasalan Bílfang
Malahöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag!
www.bilfang.is

BORGARBÍLASALAN
580 8900 - borgarbilasalan.is



KAPP BÚIN KIA!!!

'14 KIA SORENTO LUXURY. EK 69 PKM, DÍSEL, SJÁLFSK, 197 HÖ.....EINS OG DRAUMUR Í AKSTRI!!! ÁSETT 5.700 ÞÚS. #451774. S: 580 8900



HVAR ER DRAUMURINN???
'13 TOYOTA LC 150 GX. EK 121 PKM, DÍSEL, SJÁLFSK.....MÖGULEG SKIPTI Á ELDRI CRUISER!!! ÁSETT 7.650 ÞÚS. #451955. S: 580 8900



CRUISER MEÐ ATTITJÚD!!
'14 TOYOTA LAND CRUISER 150 GX LEDUR. EK 54 PKM, DÍSEL, SJÁLFSK... VETRARDEKK Á FELGUM FYLGJA!!! ÁSETT 8.850 ÞÚS. #451406. S: 580 8900

Borgarbílasalan
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900



SUZUMAR gúmmibátar.

Uppblásnir slöngubátar með algólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m.

Verð frá 255.000.- kr.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is



SUZUKI Vitara. Árg 2015, ek 56 PKM, bensín, sjálfsk. V. 3.690 þús. Rnr.100780. Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bilamiðstöðin s.517 4500



SUZUKI Swift gl dísel. Árg 2007, ek 179 PKM, dísel, 5 girar. V. 970 þús. Rnr.100921. Möguleiki á 100% fjármögnun. Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bilamiðstöðin s.517 4500



SUZUKI Swift gl dísel. Árg 2007, ek 179 PKM, dísel, 5 girar. V. 970 þús. Rnr.100921. Möguleiki á 100% fjármögnun. Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bilamiðstöðin s.517 4500



HYUNDAI Santa fe Premium. Árg 2015, ek 34 PKM, dísel, sjálfsk. Verð 7.190 þús. Rnr.101109. Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bilamiðstöðin s.517 4500

Bilamiðstöðin
Breiðhöfða, 110 Reykjavík
Sími: 517 4500

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNAN VÍÐ BREIÐHÖFÐA TÍÐ REYKJAVÍK



BMW 118d. Árg 2014, ekinn 52 PKM, dísel, 6 girar. Tilboð 3.290.000. Ásett verð 3.790.000 Rnr.211597.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is



Nissan E-NV200, 10/2014, ek 5 þús km, verð 2.950 þús, (nývirði 4.690 þús), sjsk, hraðhleðslutengi.

100 bílar ehf
Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opíð 10-18 virka daga & laugardaga 11-15
www.100bilar.is

Bílar til sölu



VW Polo 1.4 árg 2005 til sölu. Ekinn 118þús km. Beinskíptur Verð kr. 690þús Sími 8619085

500-999 þús.



FLOTT OPEL ASTRA ENJOY
OPEL ASTRA ENJOY árg 2005 ek 136 þús, beinskíptur, sk.17, álfelgur ofl. flottur og vel með farinn bíll ásett verð 890 þ TILBOÐ 790 þús möguleiki á 100% láni í 36 mán. til sýnis á Netbílum Núpaland 1 S.841 8955

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.



CHEVROLET

Cruze LTZ

Nýskráður 5/2015, ekinn 13 þús.km., dísel, 6 girar.

Verð kr. 3.450.000



VOLKSWAGEN

Polo Comfortline

Nýskráður 6/2010, ekinn 114 þús.km., bensín, 5 girar.

Verð kr. 1.450.000



TOYOTA

RAV4 GX

Nýskráður 3/2006, ekinn 169 þús.km., bensín, sjálfskiptur 4 girar.

Verð kr. 1.650.000



RENAULT

Megane Sport Tourer

Nýskráður 6/2012, ekinn 66 þús.km., dísel, sjálfskiptur 6 girar.

Verð kr. 2.350.000



RENAULT

Laguna

Nýskráður 8/2004, ekinn 156 þús.km., bensín, sjálfskiptur 5 girar.

Verð kr. 790.000



PEUGEOT

308SW Allure 2.0 eHDi

Nýskráður 3/2015, ekinn 21 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 4.450.000



BÍLL DAGSINS

Bíll dagsins kr.
299.000

Octavia Ambiente Combi

Nýskráður 2/2006, ekinn 386 þús.km., dísel, sjálfskiptur 6 girar. Verð kr. 590.000



PEUGEOT

308 Active Turbo

Nýskráður 10/2014, ekinn 8 þús.km., bensín, sjálfskiptur 6 girar.

Verð kr. 2.990.000



PEUGEOT

308 Active

Nýskráður 6/2014, ekinn 49 þús.km., dísel, sjálfskiptur 6 girar.

Verð kr. 3.390.000

Opnunartími

Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00.



NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

ÞJÓNUSTA

Garðyrkja

SMÁVÉLAVIÐGERÐIR & UTANBORÐSMÓTORAR



Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuor, slátturaktorar, jarðvegsþjoppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði. S. 616 1569

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Önnur þjónusta



Borgarafi ehf - Kranaleiga
Gott verð
Sími 660 1701 eða 660 1704

KEYPT & SELT

Óskast keypt

HRINGSTIGI ÓSKAST

Lengd: 3.15m eða lengri

Æskileg breidd 80-90cm.

Upplýsingar í síma 896-4494

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

HEILSA

Nudd

Nudd. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. S. 773 5452 og 555 0939

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantrateemple.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og aksturmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HÚSNÆÐI

Húsnæði óskast

Par óskar eftir 2-3ja herb. íbúð. Má vera utan höfuðborgarsv. Reglusemi og skilvísar greiðslur og meðmæli ef þarf. S. 760 6191

Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæða-timburhús frá Finnlandi. Sumarhús - einbýlishús. Fjölbreytt úrval - gott verð.

Upplýsingar hjá ghalldor@simnet.is

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!
á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S: 564-6500

Ertu að leita að talent?



lind@talent.is



bryndis@talent.is

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



www.talent.is | talent@talent.is

PIONEER STEADY

BÁTAR Í VINNU OG LEIK

Norsku Pioneer-bátarnir hafa verið framleiddir síðan 1959. Þeir eru úr tvöföldu plasti og þola mikið álag, jafnt hita sem kulda. **Steady-bátarnir** eru líka framleiddir af Pioneer úr endingargóðum efnum og þarfnast lítils viðhalds, eru meðfærilegir og einstaklega stöðugir. Bátarnir CE-vottaðir af DNV, norsku öryggisstofnuninni. Ýmsar stærðir og gerðir í boði.

olis

Beint samband við sölumann 515 1266
Söluver 515 1100 | olis.is/batar

Sturlaugur Jónsson & Co

TÚRBÍNUR

Útvegum túrbínur frá IHI, Garrett, KKK, Schwitzer, Holset og Mitsubishi í flestar gerðir farartækja. Hagstætt verð.

www.sturlaugur.is - Sími 412 3000 - Selhelli 13 Hafnarfirði

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

EYJALIND

Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

GRAFARVOGS VERKSTÆÐI

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfahlöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR
BÍLAVIÐGERÐIR

SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIÐAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótörhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

Parketslípun
sólfallaslípun | parketlagning
591 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is

Gólf list
parketlagning og viðhald

99% RYKFRÍTT

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

ishúsið

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

VARAHLUTIR

Iveco • Benz • Man • Renault

Varahlutapjónusta

VÉLANAUST ehf

Áhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.

Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S. 899 9339 & solbakki311@gmail.com Sólbakki.

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

ATVINNA

Atvinna í boði



BAKARAMEISTARINN SUÐURVERI.

leitar eftir ábyrgðarfullum, duglegum einstaklingum í þökkun, umsjá með dreifingu, tiltekt og aðstoð við bakara í vinnslu. Helstu kröfur eru sjálfstæð - skipulögð vinnubrögð, sveigjanleiki og jákvæðni. Starfið er fjölbreytt, krefjandi og hentar mjög vel fyrir morgunhana. Vinnutími er : 05:00-13.00 Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Áhugasamir umsækjendur geta fyllt út umsókn á heimasíðu okkar bakarameistarinn.is eða í s. 864 7733 Óttar

BEST OF ICELAND SOUVENIRS & STUFF

Best of Iceland, Aðalstræti. Leitar að framtíðarstarfsmanni aðra hvora helgi. Viðkomandi þarf að tala íslensku og ensku, 18 ára eða eldri, reyklus með hreint sakavottorð og þarf að geta hafið störf sem fyrst. Vinsamlegast sendið umsókn á telma@kvosin.is fyrir 13. September.

JÖKULL VERKTAKAR

Jökull Verktakar ehf. óskar eftir vönum smiðum! Kostur að geta hafið störf sem fyrst. jokullverk@jokullverk.is

Firma budowlana Jökull Verktakar ehf poszukuje pracownikow. s. 869-3420 / jokullverk@jokullverk.is



MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI

Oliudreifing ehf óskar eftir meiraprófsbílstjóra í framtíðarstarf í Reykjavík. Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937 Umsóknir sendist á odr@odr.is . Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða.

Nánari upplýsingar á www.oliudreifing.is



STARFSFÓLK ÓSKAST.

Starfsfólk óskast á Hlöllabáta Ingólfstorgi. Kvöld helgar og næturvinna.

Umsóknir sendist á hlollabatar@hlollabatar.is á staðnum milli 13-17 eða í síma 8610500 eða 8422800.



VILT PÚ VINNA MEÐ OKKUR.

Óskum eftir hressu, þjónustulunduðu og samvirkusömu fólki til að vinna með okkur í bakaríinu okkar í Mosfellsbæ. Vinnutíminn er frá 13:00 - 18:30 alla virka daga.

Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku. Hægt er að fylla út umsókn á staðnum eða á netinu. Síðin er www.mosfellsbakari.is/ atvinnu-umsokn/

SÚRDEIGSGERÐIN Í LINDUM KÓPAVOGI

Óskar eftir starfsmanni í 100% starf við afgreiðslu frá 12-20 alla virka daga.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á surdeigsgerdin@surdeigsgerdin.is

Leitum eftir dugmiklum starfskröftum á hjólbarðastöðvar Dekkjahallarinnar. 18 ára aldurstakmark. Fyllið út umsókn á dekkjahollin.is

Atvinna óskast

PROVENTUS STARFSMANNAPJÓNUSTA

Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemri tíma.

Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is

Er með kranamann, meiraprófsbílstjóra og gröfumann klára til vinnu. HANDAFL ehf starfsmannaveita Sími: 777 2333

Endalaust sumar

ENDALAUS GSM

2.990 KR.

ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG 30 GB GAGNAMAGN*

EKKI Hafa ÁHYGGJUR AF SÍMNOTKUNINNI Í SUMARI

Settu þig í samband og fáðu Endalausan GSM 1817 | 365.is 365

*Gætt þess að lögge fyrir farissamkomum er tendis, til stunda og loppisamkomum. Næstir upplýsingar er að finna í GSM-áskráningu á 365.is

*Tölur eru gættar af meðhöndlun og meðhöndlun er endlaust gættar fyrir 2020 áttunda ára og eldri og er með 30 GB



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓBINGGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Ránargata 15
3ja herbergja íbúð.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

OPIÐ
HÚS



Góð 90,1 fm. 3ja herbergja íbúð á 2. hæð með stórum svölum til suðurs í steinsteyptu þríbýlishúsi við Ránargötu. Íbúðin er með gluggum í þrjár áttir og því mjög björt. Lofthæð í íbúð er um 2,75 metrar. Svalir útaf stofum til suðurs eru um 15 fm. að stærð og markisa er yfir hluta þeirra. Af svölum er stigi niður á sameiginlega lóð. Frábær staðsetning í góðu göngufæri við miðborgina. Verð 47,9 millj. Verið velkomin.



BRYNDÍS BÁRA I.
EYJÓLFSSÓTTIR
sölufulltrúi
s: 616-8985
bryndis@trausti.is



EINAR P.
PÁLSSON
lögg. fasteignasali
s: 857-8392
einar@trausti.is

Upplýsingar veita:

Bryndís sölufulltrúi í s: 616-8985

eða á bryndis@trausti.is og

Einar lögg. fasteignasali í s: 857-8392

eða á einar@trausti.is

Suðurgata 6, Siglufjörður.

Opið hús laugardaginn 3. september kl. 15:00 -16:00.

Fallegt og reisulegt mikið endurnýjað hús á Siglufirði, eign sem býður upp á mikla möguleika.

Einstakt og mikið uppgert verslunar- og íbúðarhúsnæði samtals 496 fermetrar sem stendur á besta stað í miðbænum við Suðurgötu 6 á Siglufirði.

Góðar leigutekjur eru af húsinu í dag og möguleiki á auknum leigutekjum.

Jarðhæðin 227 m2 skiptist í þrjú verslunarrými sem eru í útleigu auk bílskúrs. Á annarri hæðinni, mið hæð 150 m2 er rúmgóð 3 herbergja íbúð sem nýlega hefur verið endurnýjuð. Þriðja hæðin, efsta hæð 120 m2 rúmlega foheld, teikningar eru til staðar.

Verð: 59,9 milj.



TRAUSTI
fasteignasala

Trausti fasteignasala • trausti@trausti.is • s.546-5050 • Vegmúla 4 • 108 Reykjavík

NÝTT OG BETRA APP



Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið í símanum eða spjalddölvunni hvar og hvenær sem er.



Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum



FRÉTTABLAÐIÐ

EFLA

ÍSTAK

Ístak undirbýr nú mat á umhverfisáhrifum á áframhaldandi efnistöku í Stapafelli á Reykjanesi. Mat á umhverfisáhrifum er unnið samkvæmt lögum nr. 106/2000 og reglugerð nr. 660/2015, en framkvæmdin er matskyld samkvæmt tölulíð 2.01 í 1. viðauka laganna. Mati á umhverfisáhrifum er ætlað að kanna nánar umhverfisáhrif námuvinnslnnar og umhverfispætti sem hafa áhrif á námuvinnslu. EFLA verkfræðistofa vinnur að mati á umhverfisáhrifum. Drög að tillögu að matsáætlun hafa nú verið lögð fram til kynningar á heimasíðu EFLU verkfræðistofu, www.efla.is.

Frestur til athugasemda er frá 1. september til 16. september 2016.

Allir hafa rétt til að kynna sér drögin að tillögu að matsáætlun og leggja fram athugasemdir. Að auglýsingatíma loknum verða drögin, ásamt þeim athugasemdum sem berast, send Skipulagsstofnun til umfjöllunar.

Hægt er að koma ábendingum eða athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun til Ólafs Árnasonar hjá EFLU verkfræðistofu eigi síðar en 16. september 2016. Athugasemdir er hægt að senda með tölvupósti á netfangið olafur.arnason@efla.is eða skriflega á heimilisfang EFLU að Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, merkt „Efnistaka í Stapafelli. Mat á umhverfisáhrifum“.

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is

GÖNGUSOKKAR, BJÖRGUNARVESTI, BLAUTGALLAR, VAÐSKÓR, HANSKAR, HETTUR, HÚFUR, BOLIR, SÓLGLERAUGU, SVEFNPOKAR, DÝNUR OFL.

ÚTSALA

Full búð af spennandi útsöluvörum fyrir útivistarfólk

allt að 70%
afsláttur

**BAKPOKAR • MERINO ULLARFATNAÐUR
GÖNGUSKÓR • GÖNGUSOKKAR
ÚTIVISTARFATNAÐUR • KLIFURVÖRUR
SJÓ- OG VATNASPORTVÖRUR OFL. OFL.**



icebreaker
MERINO

(AKU)

patagonia

**singing
rock**

GGSport



„Finndu okkur
á Facebook“

Smíðjuvegur 8, **Græn gata**, 200 Kópvogi, sími: 571 1020 www.ggsport.is

Opnunartími: Virka daga 10-18, laugard. 11-18 og sunnud.12-16



Landsliðsfyrirliðinn Hlynur Bæringsson skýlir boltanum frá varnarmönnum svissneska liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nærrí því fullkomin byrjun

Íslenska karlalandsliðið í körfubolta byrjaði undankeppni EM 2017 með stæl í Laugardalshöllinni í gærkvöldi þegar það lagði Sviss með 16 stiga mun, 88-72. Þjálfarinn Craig Pedersen var ánægður með sigurinn en vill að liðið bæti sig fyrir næsta leik. Leiðin á EM byrjar vel en næsti leikur er á Kýpur.

Tómas Þór Þórðarson
tom@frettabladid.is



KÖRFUBOLTI Strákarnir okkar í íslenska landsliðinu í körfubolta byrjuðu undankeppni EM 2017 frábærlega í gærkvöldi þegar þeir lögðu Sviss í fyrsta leik liðanna í A-riðli, 88-72. Belgía, sem er líklegast til sigurs í riðlinum, vann 20 stiga sigur á Kýpur sem Ísland mætir næst en líklegt þykir að strákarnir þurfi að ná sér í farseðil á EM í gegnum annað sætið. Þá þarf einmitt að vinna svona leiki eins og í gær og það gerði liðið með stæl.

Varnarleikur Íslands var algjörlega frábær stóran hluta leiksins, líklega sá besti sem það hefur sýnt í langan tíma. Hörður Axel Vilhjálmsson setti tóninn með því að neyða einn leikmanna gestanna til að missa boltann út af eftir nokkrar sekúndur. Bara í fyrsta leikhlutu misstu leikmenn Sviss boltann sex sinnum þökk sé frábærri vörn íslenska liðsins.

„Hóssi byrjaði leikinn mjög vel með góðum sendingum og hann spilaði mjög kröftuga vörn allan leikinn,“ sagði sallarólegur Craig Pedersen landsliðsþjálfari við Fréttablaðið eftir leik. Á meðan leikmennirnir gáfu áhorfendum spaðafimmur og stoltum ættingjum sínum knús var Pedersen stóískur. Hann fadmaði dóttur sína en reif menn svo inn í klefa og átti við það eitt orð.

Liðsframlag

„Auðvitað get ég ekki kvartað yfir úrslitunum en í heildina vil ég að við gerum fleiri hluti betur,“ sagði Pedersen. „Við vorum svolítið upp og niður í dag. Þetta var sveiflukennt. Við þurfum að vera stöðugri gegn svona góðu og reyndu liði. Þegar við vorum að ná góðri forystu misstum við hana niður og stigandinn varð þeirra.“

Kanadamaðurinn hafði rétt fyrir sér. Augljóslega, hann er þjálfarinn. Íslenska liðið náði góðri forystu snemma leiks og var 46-21 yfir þegar tvær mínútur voru eftir af fyrri hálfleik. Þá skoruðu gestirnir átta stig í röð og minnkuðu muninn í 18 stig þegar þeir virtust algjörlega búnir. Það gaf þeim meðbyr fyrir seinni hálfleikinn.

Svisslendingar mættu líka sterkir til seinni hálfleiks voru fljótlega búnir að minnka muninn í níu stig. En þá kom að því sem á endanum skilaði íslenska liðinu sigri; liðsframlagið. Ægir Þór Steinarsson kom sterkur inn og spilaði dundurvörn og hægt á gestunum á mikilvægum tímamarki. Svo voru margir sem settu stórar körfur. Logi Gunnarsson skoraði þrettán stig af sama blettinum í öðrum leikhlutu, fyrirliðinn Hlynur Bæringsson dúkk-aði upp með þrjá þrista og Martin og Hörður Axel áttu nokkrar keyrslur að körfunni sem voru í heimsklassa.

„Við fengum framlag frá mismunandi leikmönnum á mismunandi tímum sem er mikilvægt fyrir okkur. Við erum ekki lið sem er með einhvern einn leikmann sem er nógu



Craig Pedersen messar yfir sínum mönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

góður til að vinna fyrir okkur leiki. Innkoma Ægis var til dæmis mjög góð,“ sagði Pedersen.

Óskrifada reglan

Það að halda Sviss í 72 stigum, spila frábæra vörn á löngum köflum og vinna þennan mikilvæga heima-leik virðist fullkomin byrjun. Og fyrir flesta sem skemmtu sér í stúkunni var hún það. Pedersen horfir þó auðvitað lengra enda eru erfðir leikir eftir. Til dæmis útleikurinn gegn Sviss.

„Svisslendingarnir lögðu sig að okkar leik í seinni hálfleik. Næst þegar við mætum þeim þurfum við að vera búnir að skoda hvað þeir gerðu og eiga svör.“

„Við þurfum að verða betri og ná upp meiri stöðugleika,“ sagði Peder-

sen. Sjö leikmenn liðsins skoruðu yfir tíu stig í þessum mikla liðssigri. Bakvarðaparíð sem byrjaði leikinn og mun væntanlega byrja flesta leiki héðan af; Martin Hermannsson og Hörður Axel skiluðu 30 stigum, ellefu stoðsendingum og fimm frá-köstum saman fyrir utan að spila frábæran varnarleik. Þetta tvíeyki virtist Craig vera að prófa á æfingamótinu á dögunum.

„Við vorum kannski ekki beint að prófa þá bara saman. Við erum bara með óskrifada reglu að Martin eða Jón Arnór eru alltaf á vellinum. Þeir eru svo skapandi og þeir stóðu sig vel í því í dag,“ sagði Craig Pedersen.

Ísland mætir næst Kýpur ytra um helgina en efsta liðið í hverjum af riðlunum sex fer beint á EM og fjögur bestu liðin í öðru sæti.

Nýjast

Undankeppni EM 2017, A-riðill

Ísland - Sviss 88-72

Stig Íslands: Hörður Axel Vilhjálmsson 16, Hlynur Bæringsson 15, Martin Hermannsson 14, Logi Gunnarsson 13, Haukur Helgi Pálsson 12, Jón Arnór Stefánsson 11, Kristófer Acox 7.

Pepsi-deild kvenna

ÍA - ÍBV 0-1

0-1 Cloe Lacasse (46.). Cloe Lacasse tryggði ÍBV sigur á ÍA með sínu áttunda deildarmarki í sumar.

Selfoss - KR 0-1

0-1 Sigríður María S. Sigurðardóttir (31.). KR vann sinn fyrsta leik í tvo mánuði og er aðeins einu stigi frá öruggu sæti.

Þór/KA - FH 3-2

1-0 Hulda Ósk Jónsdóttir (34.), 1-1 Aldis Kara Lúðvíksdóttir, Víti (45.), 2-1 Sandra María Jessen (48.), 3-1 Sandra Mayor (57.), 3-2 Nadía Atladóttir (74.).

Þór/KA hélt 4. sætinu með sigri á FH-ingum fyrir norðan.

Valur - Stjarnan 2-1

0-1 Donna Kay Henry (4.), 1-1 Vesna Elisa Smiljkovic (34.), 2-1 Laufey Björnsdóttir (90+3.).

Rautt spjald: Pála Marie Einarsdóttir, Valur (89.).

Valur hélt spennu í toppbaráttunni með dramatískum sigri á Stjörnunni á Hlíðarenda.

| Efri | | Neðri | |
|------------|----|---------|----|
| Stjarnan | 34 | Fylkir | 13 |
| Valur | 30 | FH | 13 |
| Breiðablik | 29 | Selfoss | 10 |
| Þór/KA | 25 | KR | 9 |
| ÍBV | 24 | ÍA | 8 |

GLUGGINN LOKAÐUR

Félagaskiptagluggin á Englandi lokaðist í gærkvöldi. Fjölmörg félagaskipti gengu í gegn en lesa má um þau á Vísi.

HLYNUR TIL STJÖRNUNNAR

Landsliðsfyrirliðinn Hlynur Bæringsson mun leika með Stjörnunni í Domino's deild karla næstu tvö árin. Hlynur snýr aftur heim til Íslands eftir sex ára dvöl hjá Sundsvall Dragons í Svíþjóð. Félagið varð gjaldþrota í vor og því þurfti Hlynur að finna sér nýja vinnuveitendur. Miðherjinn öflugri lék með Snæfelli áður en hann fór út í atvinnumennsku og varð tvöfaldur meistari með Hólmurum tímabilið 2009-10. Hlynur hefur verið fyrirliði landsliðsins undanfarin ár og lék sinn 98. landsleik í gærkvöldi þegar Ísland mætti Sviss í undankeppni EM.



Í dag

18.00 Demantamótaröðin Sport

Inkasso-deild karla:
19.05 Haukar - Leiknir R. Sport 2
17.30 Huginn - Keflavík Seyðisfj.
19.15 Fram - HK Laugardalsv.

Pepsi-deild kvenna:
18.00 Breiðablik - Fylkir Kóp.völlur

Síðsumarverkin



MÚRBÚÐARVERÐ

Furukrossviður
9-12-15-18mm þykkur
Gæðavara. Gott verð




Kailber KG-1503 Gasgrill
3 x 3KW brennarar,
grillflötur 2520 cm², 9KW
43.900

Lavor One Plus 130 háþrýstidæla
14.990

130 Max bar
420min Litrar
Fylgihlutir: Burstar,
sápubrúsi
& Turbóstútur.



Made by Lavor



Gúmmí gatamottur

61x91cm 12mm kr. **2.190**
100 x 100cm x 12mm kr. **3.390**
100 x 150cm x 22mm Kr. **6.990**
60 x 80cm x22mm kr. **2.690**
100 x 150cm x 16mm kr. **5.790**



Deka Hrað 5 kg
1.890



Landora tréolía, 3 lítrar
2.690



ODEN EDAL OLÍA á palla.
Hágæða Silikonalkyd efni. 3 l.
4.390



Bio Kleen
pallahreinsir 1 líter
895
5 lítrar kr. **3.295**

Breidd: 1 metri
Verð pr. lengdarmeter

1.890



DEKA SÍLAN vatnsfæla
5 lítrar



6.590
1 líter kr.
1.790



Weber Rep 980 5kg
1.650



Truper 10574
1.895

Hlúaaajárn Buf PGH316
1.890



Öflugar hjólbörur, 90 lítra
8.590



Stey pugljái á stéttina – þessi sem endist



Weber Milligróf mürblanda 25 kg
1.890



Strákústur 30cm breiður
795

12 lítrar
365

Hvít = fyrir matvælaíðnað – lok fánleg

35 lítrar
2.995

50 lítrar
3.990

50 lítrar
4.190

75 lítrar
5.290

20 lítrar
1.290

35 lítrar
3.190

20 lítrar
625

Mikið úrval
Margar stærðir
Gott verð

Garðkarfa 25L
1.075



Proflex Nitril
vinnuhanskar
395

15 metra rafmagnsnúra
3.190



995

25 stk. 110 lítra ruslapokar
Einnig 200lítra 10 stk. kr. 795 (65my)



Bíla & gluggaþvotta-
kústur, gegn um
rennandi 116>180cm,
hraðtengi með lokun
2.790



MIKIÐ ÚRVAL

2.390



1.790

Reykjavík Kletthálsi 7 Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18 Opið virka daga kl. 8-18



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



Elskulegur bróðir okkar,
Þorsteinn Jónsson
lést 24. ágúst.
Útförin fer fram frá Seljakirkju
laugardaginn 3. september kl. 11.00.

**Magnús Jónsson
Halldóra Jónsdóttir
Borghildur Jónsdóttir
og fjölskyldur.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,
Gunnar Pétur Pétursson
Lækjargötu 34e, Hafnarfirði,
verður jarðsunninn frá
Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn
5. september klukkan 15.

**Sæbjörg Ólafsdóttir
Pétur Ingi Pétursson Guðrún Björg Gunnarsdóttir
Ásmundur Pétursson Barbara Sírý Jónsdóttir
Kristín Edda Gunnarsdóttir
barnabörn.**



Okkar ástkæri
Skjöldur Kristinsson

lést á Hrafnistu í Reykjavík
laugardaginn 27. ágúst. Útförin mun
fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Póra Benediktsdóttir
Kristinn Þór Skjaldarson Ragnhildur Arna Hjartardóttir
Kristín Skjaldardóttir Jón Gunnar Steinarsson
Einar Þór Karlsson Karítas Bergsdóttir
Ísól Björk Karlsdóttir Snorri Gunnarsson
og börn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,
Margrét Ásólfisdóttir
kennari og ferðaráðgjafi,
Goðalandi 17, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
föstudaginn 26. ágúst. Útförin fer fram frá
Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 2. september kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem
vildu minnst hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Þorsteinn Hallgrímsson
Gunnar Örn Þorsteinsson Kristín Aranka Þorsteinsdóttir
Pórarína Ýr Oddsdóttir Karlo Marsden
Bergdís Gunnarsdóttir Tahlíja Mist Karlosdóttir
Þorsteinn Gunnarsson Isabel Rún Karlosdóttir
Gabriel Þór Karlosson**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
Maria Elfriede Tómasson
Hávallagötu 45, Reykjavík,
andaðist fimmtudaginn 18. ágúst.
Útförin fór fram í kyrrþey 26. ágúst. sl.
Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð
og vinarhug.

**Geir R. Tómasson
Reynir T. Geirsson Steinunn J. Sveinsdóttir
Elmar Geirsson Sigríður Hjaltested
Gunnar K. Geirsson
barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 512 5000.



Einn af hápunktum Ljósanætur í ár eru stórtónleikar Magnúsar Kjartanssonar og Ljössins engla á hátíðarsviðinu á laugardagskvöld.
MYND/OZZO

Ljósanæturhátíðin hafin

Nóg verður um að vera á Ljósanæturhátíðinni sem sett verður í sautjanda skipti í dag. Valgerður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Ljósanætur, segir þátttökuna vaxandi.

Undirbúningur hefur gengið mjög vel og góð stemning og eftirvænting hefur myndast í bænum. Það verður ekki minna umleikis heldur en áður, við fórum strax af stað í gær með nokkrum viðburðum svo sem lífsstílsmaraþoni, tónlistarveislu Með blik í auga og glæsilegum Ljósanæturtilboðum í tilefni hátíðarinnar,“ segir Valgerður Guðmundsdóttir, menningarfulltrúi og framkvæmdastjóri Ljósanætur, spurð út í undirbúningi fyrir Ljósanæturhátíð sem nú er sett í 17. sinn.

Hin formlega setning með grunnskólabörnum bæjarins fer fram við Myllulækjaskóla í dag þar sem leik- og grunnskólabörn verða í aðalhlutverki eins og endranær en setningarathöfnin verður með nýju sniði í ár.

„Það er alltaf hátíðleg stund þegar

Ljósanótt er sett og við fögnum því með söng og annarri skemmtan. Ekki verður litið til himins til að horfa á eftir blöðrum heldur mun fallegi skruðgarðurinn okkar leika sterra hlutverk í setningarathöfninni,“ segir Valgerður.

Óhætt er að segja að margar hendur komi að undirbúningi Ljósanætur og taka bæði bæjarbúar og starfsmenn Reykjanesbæjar virkan þátt í hátíðinni. Að sögn Valgerðar er góð stemning og eftirvænting að myndast í bænum.

„Það sem er sérstakt í ár er að þátttaka bæjarbúa er meiri með hverju árinu, þetta er að verða hin fullkomna þátttökuhátíð íbúa. Til dæmis má nefna Menningarfélag Keflavíkur sem stendur fyrir heimatónleikum víðsvegar um bæinn. Einnig mun Menningarfélagið í Höfnum standa fyrir tónleikum og ljósmyndasýningum svo það er ljóst að það verða sífellt fleiri viðburðir sem íbúarnir

sjálfir standa fyrir, að eigin frumkvæði,“ segir Valgerður.

Einn af hápunktum Ljósanæturhátíðar í ár eru stórtónleikar Magnúsar Kjartanssonar og Ljössins engla á hátíðarsviðinu á laugardagskvöld. Meðal gesta Magnúsar verða Björgvín Halldórsson, Jóhanna Ruth og Páll Óskar ásamt Stórsveit Suðurnesja. Í lok tónleika á hátíðarsviði lýsir HS Orka upp Ljósanótt með glæsilegri flugeldasýningu á Berginu í umsjón Björgunarsveitarinnar Suðurnesja.

„Maggi Kjartans er okkar maður, hann verður með flotta söngvara með sér,“ segir Valgerður og bætir við að fjólmargar listsýningar verða einnig í gangi. Í Duus safnahúsum verða opnaðar fjórar nýjar og fjölbreyttar sýningar listafólks sem allt tengist Reykjanesbæ og Suðurnesjum með einhverjum hætti, svo það verður eitthvað fyrir alla og nóg um að vera um helgina. gudrunjona@frettabladid.is



Ástkær sonur okkar, bróðir,
mágur og unnusti,
Sigurbjörn Þórisson

Bjarmalandi 12,
Reykjavík,

lést að heimili sínu 21. ágúst síðastliðinn.
Jarðsungið verður frá Bústaðakirkju
föstudaginn 2. september kl. 15.00.

**Þórir Rafn Halldórsson Sigurbjörg Sigurbjörnsdóttir
Svava Kristín Þórisdóttir Hjörvar Högnason
Eva Sólveig Þórisdóttir Jónas Thorlacius
Tinna Þórisdóttir Vilhjálmur Þorsteinsson
Þórir Rafn Þórisson
Margrét Ósk Brynjólfssdóttir**



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma,
langamma og langlangamma,
Guðrún S. Valgeirsdóttir
Sundstræti 34, Ísafirði,

lést 23. ágúst sl. á Fjórðungs-
sjúkrahúsinu á Ísafirði og verður jarðsunninn
frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 3. september kl. 14.00.

**Sesselja M. Matthíasdóttir Kristján Hilmarsson
Ómar H. Matthíasson Guðný Guðmundsdóttir
Ingibjörg M. Matthíasdóttir Jökull Jósefsson
Auður K. Matthíasdóttir A. Ómar Ásgeirsson
Vilhjálmur V. Matthíasson Ásdís B. Pálsdóttir
Guðmundur F. Matthíasson Júlía M. Jónsdóttir
Kolbrún Matthíasdóttir Erlendur H. Geirdal
Guðrún S. Matthíasdóttir
og aðrir aðstandendur.**



Innlegar þakkir til allra þeirra sem
sýndu okkur samúð, vináttu og
hlýhug við andlát og útför ástríks
föður okkar, tengdafaður,
afa og langafa,
Geirs Ragnars Gíslasonar
leigubilstjóra.

Sérstakar þakkir til starfsfólks og stjórnenda á
hjúkrunarheimilinu Grund.

**Brynja Geirsdóttir Sigurður Viðarsson
Hanna M. Geirsdóttir Arnbergur Þorvaldsson
Svala Geirsdóttir Vilhjálmur Hafberg
Gísli Geirsson Gurli Geirsson
barnabörn og langafabörn.**



Ástkær sonur okkar, bróðir,
mágur og frændi,
Reynir Sævarsson

lést í Kaupmannahöfn 13. ágúst 2016.
Útförin fór fram í Selfoskirkju í kyrrþey
30. ágúst 2016. Hjartans þakkir fyrir
auðsýnda samúð, vináttu og
kærleiksrikan hlýhug.

**Sævar Magnússon Karítas Óskarsdóttir
Ómar Sævarsson Sigurlaug Angantýsdóttir
Jóna Dís Sævarsdóttir Hörður Gunnarsson
Tinna, Bára, Anna, Þór, Jón og Alexander**

ÚTSALA

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MP3 SPILARAR MAGNARAR ÚTVÖRÞ BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRÞ PRÁÐLAUSIR SÍMAR DVD SPILARAR MYNDAVÉLAR
BÍLHÁTALARAR HEYRNARTÓL

HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
LOKADAGAR – LOKADAGAR

UPPPVOTTAVÉLAR ELDVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR PVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR PURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

7 VERSLANIR UM ALLT LAND

Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti
Philips, Panasonic og LG sjónvörp með allt að 300.000kr afslætti
Tvöfaldir LG kælikápar með allt að 150.000kr afslætti
Philips bluetooth hátalarar með allt að 60% afslætti
Whirlpool uppvottavélar frá 54.995
LG 65"Ultra HD 4K sjónvörp frá 199.995
Ofnar, háfar og helluborð á allt að 60% afslætti
Vestfrost þvottavélar frá 39.995
Kælikápar í miklu úrvali á frábærum verðum
Kaffivélar, brauðristar og önnur smátæki á miklum afslætti
Philips heyrnartól með allt að 75% afslætti
Pottar, pönnur og búsáhöld með allt að 75% afslætti

**TAKMARKAÐ
MAGN**

*Fyrstur kemur
– fyrstur fær!*

Sjá allt úrvalið
á ht.is

OPIÐ!

ÚTSÖLUNNI LÝKUR UM HELGINA
Opið á Suðurlandsbraut laugardag 11-16
og sunnudag 13-17


 **Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa -friete elna VESTFRÖST exDO MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO


VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Fimmtudagur



Í dag gengur í hæga suðlæga átt. Þá er útlit fyrir bjartviðri á norðanverðu landinu, og einnig á Vestfjörðum en sunnan til þykknar upp þegar líður á daginn og má búast við einhverju dropum bæði suðaustan til og einnig suðvestanlands í kvöld. Hiti er víða 8 til 15 stig.

Föstudagur



Laugardagur




Prautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
2 gól
6 Austurland
8 geislahjúpur
9 tjara
11 frá
12 útstreymi
14 helmings
16 tveir eins
17 struns
18 stúlka
20 tveir eins
21 svara.

- LÓDRÉTT**
1 bannhelgi
3 skyldir
4 grasútsæði
5 útdeildi
7 land
10 knæpa
13 spíra
15 björt
16 tunna
19 þys



LÁRÉTT: 2 gegg, 6 al, 8 ára, 9 bik, 11 af, 12 útras, 14 háfts, 16 að, 17 ark, 18 mey, 20 ææ, 21 ansa.
LÓDRÉTT: 1 tabú, 3 að, 4 grasfræ, 5 gaf, 7 lítihæn, 10 kva, 13 ála, 15 skær, 16 áma, 19 ys.

Skák Gunnar Björnsson

Lubrano átti leik gegn Fiori árið 1988.

Svartur á leik

1...Hc1+! 2. Bxc1 He1#. Ólympíuskákmótið verður sett í dag í Bakú í Aserbaídsjan. Setningin hefst kl. 14.30 og hægt er að fylgjast með henni í gegnum www.skak.is.
www.skak.is: Allt um Ólympíuskákmótið.



Sudoku

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | 1 | | | |
| 2 | 1 | 4 | 8 | | | | | |
| | | 8 | | 3 | | | | 6 |
| 3 | 5 | | 8 | | 2 | 6 | 9 | |
| | 2 | 1 | 4 | | | | | 3 |
| 7 | | | 6 | | | | | 5 |
| | | 2 | | | | | | 1 |
| | | 3 | 5 | | 8 | | | |
| | | | 4 | 9 | 8 | | | |

MIDLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | | | | | 8 |
| | | 6 | | | | 9 | 1 | |
| 9 | 4 | 2 | 5 | | | | | 6 |
| | | | 4 | 3 | | | | |
| 2 | | | 6 | 8 | 7 | | | 3 |
| 7 | | | | | 2 | | 1 | 4 |
| | | 3 | | | 2 | | | 5 |
| | | | 6 | | | | | |
| 5 | 9 | | 1 | | | | | 2 |

PUNG

| | | | | | | | | |
|--|---|---|---|---|---|--|---|---|
| | | | | 6 | | | | 7 |
| | | 8 | 3 | | 5 | | 4 | 1 |
| | 7 | | | 9 | 2 | | | 5 |
| | 3 | 9 | | 6 | | | | |
| | 2 | 6 | | | | | | |
| | | 1 | 4 | | | | | 2 |
| | | 3 | | | 8 | | | 1 |
| | | | 5 | 3 | | | | |
| | 5 | | | | | | 3 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausniðustu sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 1 | 3 | 5 | 6 | 2 | 7 | 8 |
| 2 | 5 | 7 | 4 | 9 | 8 | 6 | 1 | 3 |
| 3 | 8 | 6 | 7 | 1 | 2 | 5 | 9 | 4 |
| 6 | 3 | 5 | 8 | 2 | 9 | 7 | 4 | 1 |
| 7 | 2 | 8 | 1 | 3 | 4 | 9 | 5 | 6 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 3 | 2 |
| 1 | 6 | 2 | 9 | 4 | 5 | 3 | 8 | 7 |
| 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 1 | 4 | 2 | 9 |
| 8 | 4 | 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 6 | 5 |

Myndasögur

PONDUS



GELGJAN



BARNALÁN



2016

TJARNARBIÓ

2016

KYNNTU ÞÉR FJÖLBREYTT OG FRAMSÆKID LEIKÁR

TJARNARBIO.IS

Sumarilmur

Takk fyrir frábæra þátttöku!

Ljósmyndasamkeppnin Sumarilmur, samstarfsverkefni aðila í íslenskri ferðþjónustu og landbúnaði, hefur sýnt fram á jákvæð áhrif og verðmætasköpun þessara tveggja mikilvægu atvinnugreina, og sterk tengsl landsmanna við íslensku sveitirnar.

Fjöldi fólks tók þátt í því að fanga sumarið í allri sinni dýrð og söfnuðust rúmlega **1300 ljósmyndir** í hið stóra fjölskyldualbúm íslensku þjóðarinnar. Við hvetjum ykkur til að rifja upp hápunkta sumarsins og skoða myndirnar á **sumarilmur.is**.

Takk fyrir samfylgdina og sjáumst síðar!

Vissir þú að íslenskur landbúnaður er einn sá hreinasti í heimi?

Íslensk húsdýr eru einstaklega heilbrigð og notkun sýklalyfja er ein sú minnsta á heimsvísu.



Allt fyrir þig og þína

nettó



NETTÓ KJÚKLINGABRINGUR
ÁÐUR: 2.098 KR/KG
1.888 KR/KG

-30%

OpalSeafood



REYKT ÝSUFLÖK
BEINLAUS M. ROÐI
ÁÐUR: 2.545 KR/KG
1.782 KR/KG



BBQ KJÚKLINGALEGGIR
ÁÐUR: 1.068 KR/KG
897 KR/KG

-25%



-23%

PÍTUBUFF 6 X 60 G
M. BRAUÐI
ÁÐUR: 1.598 KR/PK
1.199 KR/PK



NAUTAHAKK - 500 G
100% HÁGÆÐA NAUTAKJÖT
ÁÐUR: 898 KR/PK
691 KR/PK



DR. PEPPER - 33 CL
ÁÐUR: 129 KR/STK
99 KR/STK

NÝTT



GALAXY MINSTRELS - 105 G
ÁÐUR: 310 KR/PK
279 KR/PK



BUTTERKIST TOFFE
POPCORN - 25 G
ÁÐUR: 199 KR/PK
179 KR/PK



-33%
TOPPUR, EPLA - 2 L
ÁÐUR: 279 KR/STK
195 KR/STK



KIT KAT - 4 X 45 G
ÁÐUR: 279 KR/PK
259 KR/PK



-20%
EASY UPPÞVOTTALÖGUR
ÁÐUR: 249 KR/PK
199 KR/PK



FINISH CLASSIC
POWERBALL - 10 STK
ÁÐUR: 298 KR/PK
199 KR/PK



-33%
GREEN SHIELD
HREINSIKLÚTAR - 10 STK
ÁÐUR: 295 KR/PK
198 KR/PK



COCA COLA ZERO - 2 L
ÁÐUR: 229 KR/STK
195 KR/STK

Tilboðin gilda 1. - 4. sept. 2016

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Coo-Coo klikkað verð!

-20%



LAMBALUNDIR, FROSNAR
ÁÐUR: 5.298 KR/KG
4.238 KR/KG

-60%



DANPO KJÚKLINGALUNDIR
FROSNAR - 700 G
ÁÐUR: 1.689 KR/PK
676 KR/PK

-30%



ÆRBÓGUR, ÁN SKANKA
2 STK SAMAN, FROSNIR
ÁÐUR: 1.398 KR/KG
979 KR/KG

-25%



NAUTALUNDIR
NÝSJÁLENSKAR
ÁÐUR: 3.998 KR/KG
2.999 KR/KG

-20%



LAMBA MJADASTEIK
ÚRBEINUÐ, FROSIN
ÁÐUR: 2.998 KR/KG
2.398 KR/KG



KOLAKRYDDAÐ KINDAFILLE
ÁÐUR: 3.998 KR/KG
3.598 KR/KG

-30%



HAFRABRAUÐ
Lifrænt
ÁÐUR: 549 KR/PK
384 KR/PK

-30%



RÚGBRAUÐ, MINNI SYKUR
ÁÐUR: 398 KR/PK
279 KR/PK

PRÓTEINBRAUÐ, LÁGKOLVETNA
ÁÐUR: 549 KR/PK
384 KR/PK

-30%



RÚGBRAUÐ
ÁÐUR: 549 KR/PK
384 KR/PK

HAFRABRAUÐ, LÍFRÆNT
ÁÐUR: 549 KR/PK
384 KR/PK

-50%



RAUÐ VÍNBER FRÁ USA
ÁÐUR: 998 KR/KG
459 KR/KG



BOLANDS FIG ROLLS - 200 G
ÁÐUR: 189 KR/PK
159 KR/PK



COOP KANILSNÚÐAR
4 STK - 340 G
ÁÐUR: 359 KR/PK
298 KR/PK



COOP VÍNARBRAUÐ
4 STK - 340 G
ÁÐUR: 359 KR/PK
298 KR/PK

GERLAUST BRAUÐ - 400 G
ÁÐUR: 398 KR/PK
338 KR/PK

HAFRABRAUÐ - 400 G
ÁÐUR: 459 KR/PK
390 KR/PK

Allt í boastið



GRANDIOSA PIZZUR
4 TEGUNDIR
ÁÐUR: 789 KR/STK
599 KR/STK

NICE 'N EASY
FROSNIR ÁVEXTIR
ANANAS - 350 G
BLÁBER - 250 G
MANGÓ - 350 G
ÁÐUR: 299 KR/PK
199 KR/PK



ALLETIDERS JARÐARBER - 400 G
ÁÐUR: 279 KR/PK
199 KR/PK

www.netto.is

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Íðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Nú vantar bara ballettinn og borðspilið

Þjóðleikhúsið frumsýnir á laugardagskvöldið Djöflaeyjuna, nýjan söngleik eftir hinum geysivinsælu skáldsögum Einars Kárasonar um skemmtilega og litríka fólkið í braggahverfinu.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Það er orðið langt um liðið síðan Þar sem Djöflaeyjan ris, eftir Einar Kárason rit höfund, kom fyrst fyrir sjónir íslenskra lesenda árið 1983. Á næstu árum litu svo Gulleyjan og Fyrirheitna landið dagsins ljós, seinni bækur þessa fádæma vinsæla þrileiks sem stundum er kallaður Eyjabækurnar. Nú stendur fyrir dyrum frumsýning á nýjum söngleik á Djöflaeyjunni í Þjóðleikhúsinu á laugardagskvöldið svo það leynir sér ekki hversu miklu ástföstri þjóðin hefur tekið við þessar frábæru sögur af fólkinu í braggahverfinu.

Rithöfundurinn kippir sér þó ekki mikið upp við vinsældirnar en hann segir að söngleikurinn byggir reyndar á bæði Djöflaeyjunni og Gulleyjunni. „Ef vel er að gáð þá eru þær bækur í raun byggðar upp eins og ein skáldsaga. Allt sem byrjar í Djöflaeyjunni endar í Gulleyjunni.“

Vannýttir möguleikar

Einar segir að það sé erfitt að meta hvað það er sem varð til þess að þjóðin tók svo miklu ástföstri við þessar bækur. „Í rauninni stend ég alveg á gati með það. Fólki getur varla hafa þótt þetta mjög leiðinlegt. Bækurnar hafa gengið vel og svo var sett upp leikrit á sínum tíma vestur í bæ á vegum Leikfélags Reykjavíkur

sem var afar vinsælt og svo var það kvikmyndin sem Friðrik gerði og nú kemur þessi söngleikur. Ég fer að verða soldið beiskur og sár að það sé ekki enn þá kominn ballett. Svo náttúrulega spyr maður sig af hverju sé ekki komið Djöflaeyjuspilið. Svona létt og skemmtilegt borðspil. Þú kastar teningi og lendir á reit og lendir á kenderii með Badda og Grjóna og ert settur í steininn og þarft að biða tvær umferðir. Þú lendir á öðrum reit og ferð í spátíma til Karólinu sem sér sjúkort í spilunum og þá máttu fara áfram um tíu reiti. Þetta mundi algjörlega slá í gegn. Þannig að ég sé ekkert nema vannýtta möguleika.“

Húsin aukaatriði

Persónurnar í þessum sögum Einars virðast búa yfir þeim eiginleika að fólki finnst það kannast við það, þekkja það og sögurnar af því í gegnum sitt eigið líf, foreldra sinna og kunningja. Einar segir að vissulega geti þetta átt sinn þátt í vinsældum bókanna. „Það var að minnsta kosti eitthvað sem dró mig að þessari hugmynd og þessu söguefni. Mér fannst þetta rosalega spennandi þegar ég fór að velta því fyrir mér og varð reyndar alveg heltekinn af því. En það hefði vel verið hægt að klúðra því en einhvern veginn hefur þetta lánast og manni þykir náttúrulega óskaplega vænt um þetta. Á meðan ég var að skrifa þetta dreymdi mig þetta fólk alltaf á nóttunni en ég er nú hættur því.“

Bækur Einars eru í raun fyrstu sögurnar úr þessum söguheimi til þess að ná þessum vinsældum en hann



Einar Kárason við Reykjavíkurhöfn í nágrenni við söguvið Eyjabókanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Guðrún Gísladóttir og Eggert Þorleifsson í hlutverkum gömlu hjónanna í Djöflaeyjunni.

EN KANNSKI VAR ÞAÐ BARA AF ÞVI AÐ ÉG VAR AF ÞEIRRI KYNSLÓÐ AÐ MÉR FANNT MEIRA SPENNANDI AÐ SKOÐA ALLT ÁHUGAVERÐA FÓLKID.

þendur á að þetta hafi nú ekki verið fyrstu braggabækurnar. „Það höfðu komið áður bækur sem gerðust við þannig aðstæður en það getur verið að það sem höfði til fólksins hafi verið önnur sýn á þessa veröld. Menn höfðu verið uppteknir af hneykslun og viðbjóði gagnvart þeirri staðreynd að þessi braggahverfi skuli hafa verið til. En kannski var það bara af því að ég var af þeirri kynslóð að mér fannst meira spennandi að skoða allt áhuga-verða fólkið. Það er alls staðar áhuga-

vert fólk og það hefur ekkert að gera með það í hvernig húsum það býr.“

Flott lið

Einar segir að það sé nú ekki nema skemmtilegt að vera kominn með þessa vini sína í söngleik. „Ég upplifi það alveg frábærlega enda vissi ég strax að þetta væri í góðum höndum. Baltasar er hvatamaðurinn að þessu og á hugmyndina og svo er náttúrulega alveg einvalalið þarna í Þjóðleikhúsinu. Atli Rafn leikstýrir af mikilli snilld en svo er það músikin. Maður á ekki að hrósa eigin verkum og ég á ekkert í músikinni en það er Memfismafian sem á heidurinn af henni og mér finnst hún alger snilld. Svo eru þarna flottir leikarar, sumir af mínum gömlu uppáhaldsleikurum eins og Eggert Þorleifsson og Guðrún Gísladóttir að leika gömlu hjónin og það er ekkert hægt að fá flottara lið en það. Þannig að þetta er í góðum höndum og ég farinn að hlakka til frumsýningarinnar á laugardagskvöldið.“

Í blak og fyrir

LEIKHÚS

It's Volleyball Hallelujah (Þær spila blak hallelúja)

★★★★★

Flutt á ensku

Hlíðaskóli

Lókal - Reykjavík Dance Festival

Höfundar og leikendur: Aðalbjörg

Árnadóttir og Ylfa Ösp Áskelsdóttir

Aðrir leikendur: Isabella Ronja Benediktsdóttir, Melkorka Ýr Bustos og Ragnheiður Maisól Sturludóttir

Aðstoð við sviðssetningu: Brynja

Björnsdóttir, Hlynur P. Pálsson, Saga

Sigurðardóttir og Salka Guðmunds-

dóttir

Aðalbjörg Árnadóttir og Ylfa Ösp Áskelsdóttir slysuðust inn í blakheiminn fyrir fimm árum og þeim til mikillar furðu enduðu þær innan skamms á blakmóti í Vestmannaeyjum. It's Volleyball Hallelujah er tilraun þeirra til að gefa áhorfendum og reynsluminni leikmönnum innsýn í hinn falda heim blaksins á Íslandi.



Áhorfendur á sýningunni Blak stilltu sér upp í myndatöku fyrir sýningu.

Verkið hefst á fyrirlestri í einum búningsklefa íþróttahúss Hlíðaskóla. Þær stöllur fara yfir glæstan feril sinn, mismunandi framfarir, fjölmörg liðaskipti og þátttöku á blakmótum víða um land. Lokum hvers

leiktímabils er síðan fagnað með gríðarstóru blakmóti sem hafa borið kostuleg nöfn á borð við Stjórnstríð, haldið í Gardabæ, og KA-leikinn, haldið á Akureyri. Þemalög um ágæti blaksins eru ávallt samin við-

fræg popplög s.s. It's Raining Men og mótinu líkur með heljarinnar veislu.

Frásögn þeirra Aðalbjargar og Ylfu er hvort tveggja fyndin og áhugaverð. Kjánaðrollur þeirra beggja fyrir þessum heimi, líkt og áhorfenda, vikur fljótlegra. Áhugi þeirra fyrir blaki fullorðinna er smitandi og samvinna þeirra greinilega byggð á vinskapi. Þær útskýra ekki einungis reglur blaksins af miklum móð heldur líka hinar óskrifðu reglur blaks fyrir fullorðna. Frásagnarformið virðist í fyrstu vera einfeltningslegt en annað kemur í ljós.

Stuðning sækja þeir í hóp af fram-bærilegu og reynslumiklu sviðslistafólki: Salka Guðmundsdóttir aðstoðar við textann, Brynja Björnsdóttir setur sitt mark á leikmyndina og Saga Sigurðardóttir rammur inn hreyfingarnar. Allir fingerðir þræðir fléttast ánægjulega saman með góðri slettu af klisjum, áhorfendur þræða mismunandi rými íþróttahússins sem þjóna ólíkum hlutverkum og áherslum.

Þetta litla verk hefur nefnilega margt annað að geyma heldur en

skondna frásögn um vandræðagang og metnað kvenna í blaki fyrir full-orðna. Sviðslistahópurinn Dío gefur hversdagsleikanum epískan blæ, leggur alúð við hið hallærislega og veita alþýðleikanum athygli. Þær gleyma sér þó ekki í frásögninni heldur finna henni farveg og hugvitsamlegu og klóku formi. Þátttökuleikhús, fyrirlestrar, samtímadans og íþróttir mætast í forvitnilegu umhverfi íþróttahúss Hlíðaskóla. Áhorfendur vita stundum ekki í hvorn fótinn á að stiga en það er allt hluti af leiknum.

Allar líkur eru á því að Dío haldi sýningum á verkinu áfram, þá vonandi á íslensku. Sum atriðin týna nefnilega vægi og húmor í þýðingu sem er synd. Verkið er ekki langt og slær á léttu strengi en áhrifaríkar sviðslausnir færa sýninguna á annað plan. Liðsfélagarnir Aðalbjörg og Ylfa bjóða áhorfendur hjartanlega velkomna í heim blaksins sem er ekki endilega allur þar sem hann er séður. **Sigríður Jónsdóttir**

NIÐURSTADA: Ljúf og manneskjuleg flis af íslenski hversdagsmenningu.

ÆVINTÝRIN BÍÐA BARNNA DAGAR

20%*
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
BARNAFATNAÐI
OG BARNASKÓM
ÚT MÁNUDAG

* Gildir ekki með öðrum tilboðum.

ÚTILÍF

síðan 1974

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is

Þurfum að ræða hlutverk og tilgang listarinnar

Samfélag án lista? Er yfirskrift áhugaverðra pallborðsumræðna á vegum Listaháskóla Íslands á Fundi fólksins. Rektor skólans, Fríða Björk Ingvarsdóttir, er á meðal þátttakenda ásamt fleira áhugaverðu fólki.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Samfélag án lista? Er yfirskrift pallborðsumræðna á Fundi fólksins. Á meðal þátttakenda er Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor LHÍ, og hún segir að skólinn vilji taka þátt í að skapa heilbriggt samtal á milli stjórnmalamanna, skólans og almennings í landinu. „Þetta á ekki bara að snúast um okkar þarfir sem skóla heldur þarfir samfélagsins gagnvart því námi sem við erum að bjóða og er uppálagt að sinna. Við teljum að við getum gert þetta miklu betur en við gerum í dag með fjármagni og stuðningi stjórnmalaaflanna í landinu en það vantar töluvert upp á það. Það snýst allt um það sem er metið í krónum og aurum en það sem við viljum tala um á fundinum er hin hugmyndafræðilega áskorun sem blasir við okkur öllum á tuttugustu og fyrstu öldinni.

Skurður og bónus

Þessum vangaveltum stillum við upp undir þessum formerkjum: Samfélag án lista? Með því viljum við hvetja fólk til þess að gera sér í hugarlund hvernig líf okkar væri í raun og veru án hlutdeildar listanna. Við erum ekki bara að tala um að leggja niður þessar sjálf-sögðu menningarstofnanir, heldur samfélag án útilistar, arkitektúrs, hönnunar á skipulagi, hljóðvist og þannig mætti áfram telja. Þetta er það sem aðrar þjóðir hafa gert að sínum auðæfum og eru að gera út á engu



Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor LHÍ, hlakkar til samtalsins við almennung á Fundi fólksins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

siður en t.d. fisk eða fallvötn.“

Aðspurð hvað valdi því hversu treglega gengur að fá Íslendinga til þess að sjá verðmæti í hinu listræna segir Fríða Björk að það stjórnist eflaust af skort á hefð. „Þar af leiðandi er líka skortur á virðingu fyrir arfleifðinni. Við gætum þess ekki að varðveita hana af því að hún er svo ung. Listir sem fagsvið atvinnumanna eru ekki nema hundrað ára fyrirbrigði á Íslandi en eru kannski þúsund ára í öðrum samfélögum. Við erum þjóð sem sér helst ávinninginn í því að grafa skurð, eða

greiða bónusa fyrir það eða hámarka ávöxtun í bönkum. Þannig að þetta snýst kannski um að snúa almenningsálitinu hvað varðar hina raunverulegu verðmætasköpun í samfélaginu.

Lélegir lobbýistar

Að auki þá snýst þetta ekki aðeins um hagræn áhrif. Við erum að þjálfa fólk inn í órast vaxandi atvinnugrein á Íslandi sem er skapandi greinar, með um fimmtán til tuttugu þúsund ársverk. Það er meira en landbúnaður og fiskiðnaður til samans. Enginn virðist

þó vera að leggja mikið á sig til þess að styðja við þessa grein sem býður þó upp á mestu vaxtarmöguleikana til framtíðar. Við erum að reyna að beina sjónum að þessu enda erum við sá skóli á Íslandi sem er að mennta fólk beinlínis inn í þennan geira. Þannig að við viljum vekja athygli á vægi okkar og hlutverki í samfélaginu sem og í framtíðinni og í því að varðveita fortíðina.

Þess vegna viljum heyra skoðanir almennings og jafnframt skapa skilning á meðal stjórnmalamanna.

Við erum ekki góðir lobbýistar, fólkid sem vinnur í listunum. Við þurfum að sýna fram á hvernig það sem við erum að gera verður að áþreifanlegum og óáþreifanlegum verðmætum.“

Launin afgangsstærð

Fríða Björk bendir meðal annars á að það skjóti skökku við að listamenn á Íslandi hafi þurft að gera kröfu til þess að vinna þeirra sé metin í samræmi við vinnuframlag. „Það virðist oft þykja sjálfsgagt að gera það ekki. Ef við horfum bara til hagrænna þátta eins og Iceland Airwaves eða myndlistarsýninga í Listasafni Íslands, svo dæmi séu tekin, þá ber listamaðurinn minnst úr bítum. Það fá allir greitt, sendibilstjórinn, málariinn, rafvirkinn, tæknistjórinn og kynningarstjórinn en laun listamanna eru afgangsstærð.

Þá getum við velt fyrir okkur hvaða kröfur við gerum til listarinnar um fagmennsku því hún felst ekki aðeins í afurðinni heldur líka því að vera tilbúinn til þess að greiða fyrir hana það sem hún kostar í raun og veru. Ódrúvisi getum við ekki fleytt listunum áfram sem eðlilegum og ríkulegum þætti í okkar daglega lífi. Listin er hluti af daglegu lífi okkar allra og við viljum að hún verði það áfram. Listir eru stór þáttur í samfélagsgerðinni og það ætti að taka tillit til þeirra sem raunverulegs hreyfiafs, bæði í hugmyndafræðilegum skilningi og þeim sóknarfærum sem er að finna í þessum skapandi geira. Við þurfum að taka umræðu um þessi mál og það verður forvitnilegt að gera það á laugardaginn í sal Norræna hússins klukkan 16.“

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

1. Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 við þéttbýlið Árnes, sunnan Þjóðvegjar.

Lögd fram til kynningar lýsing skipulagsverkefnis vegna breytinga á aðalskipulagi við Árnes, sunnan Þjóðvegjar og nær breytingin bæði til þéttbýlis- og dreifbýlisuppdráttar. Á dreifbýlisuppdrætti er svæðið skilgreint sem blanda íbúðar- og landbúnaðarsvæðis en innan þéttbýlis er það annarsvegar athafnasvæðis og hinsvegar opið svæði til sérstakra nota. Með breytingu er gert ráð fyrir að stærstur hluti svæðisins breytist í íbúðarsvæði þar sem heimilt verði að stunda húsdýrahald og aðra landbúnaðartengda starfsemi en hluti svæðisins verður áfram skilgreint sem athafnasvæði.

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

2. Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps í fyrrum Villingaholtshreppi 206-2018 í landi Hnaus 2.

Svæði fyrir verslun- og þjónustu í stað frístundabyggðar.

Lögd fram til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps sem felst í að breyta svæði fyrir frístundabyggð í landi Hnaus 2 í svæði fyrir verslun- og þjónustu þar sem heimilt verður að byggja 20 herbergja hótél.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

3. Deiliskipulag fyrir spíldu úr landi Fljótshóla 1 og 4 sem kallast Krákumýri, Flóahreppi, Íbúðarhús og skemma.

Lögd fram til kynningar tillaga að deiliskipulagi sem nær yfir um 3,1 ha svæði af landi sem kallast Krákumýri og liggur sunnan Villingaholtshrepps rétt vestan við Krákuvatn. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja íbúðarhús og skemma. Svæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

4. Deiliskipulag fyrir frístundabyggðina Stekkatún úr landi Efri-Reykja í Bláskógabyggð.

Tillaga að deiliskipulagi 5 lóða undir frístundabyggð á um 13 ha lands úr landi Efri-Reykja. Tvær lóðanna eru um 0,6 ha, ein um 0,9 ha en hinar tvær 4,33 og 6,57 ha. Á þremur minnstu lóðunum (Stekkatún 2, 3 og 4) er gert ráð fyrir allt að 130 fm frístundahúsi og 40 fm aukahúsi en á stærri lóðunum, Stekkatúni 1 og 5, verði heimilt að byggja 150 fm frístundahús, 50 fm bílskúr og 40 fm aukahús. Á lóðinni Stekkatún 1 er gamalt fjárhús sem mun standa áfram.

5. Deiliskipulag frístundabyggðar á svæði sem kallast Kolviðarholtsmýri úr landi Böðmódsstaða í Bláskógabyggð.

Tillaga að deiliskipulagi sem nær til 14,9 ha svæði sem heitir Kolviðarholtsmýri 1 úr landi Böðmódsstaða við Apavatn. Í tillöggunni er afmarkaðar 7 frístundahúsalóðir á bilinu 0,43 til 0,53 ha þar sem heimilt verður að reisa eitt hús þar sem nýtingarhlutfall er 0.03. Að auki eru afmarkaðir tveir byggingarreitir á upprunalandinu fyrir skemmur.

6. Deiliskipulag frístundabyggðar á spíldu úr landi Bildsfells í Grímsnes- og Grafningshreppi. Bildsfell 6 land 5.

Tillaga að deiliskipulagi 11 frístundahúsalóða á um 9,3 ha spíldu sem kallast Bildsfell 6 land 5 og liggur sunnan og austan við aðkomuveg að bænum Bildsfell. Á hverri lóð er heimilt að reisa eitt frístundahús og eitt aukahús og miðast byggingarmagn við nýtingarhlutfallið 0.03. Hámarksstærð aukahúss er 40 fm.

7. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Þórsstíg í landi Ásgarðs, Grímsnes- og Grafningshreppi. Skilmálbreyting

Tillaga breytingu á deiliskipulagi sem nær til lóða við Þórsstígs í landi Ásgarðs sem felur í sér að byggingarmagn lóða miðast við nýtingarhlutfallið 0.03 og að á hverri lóð megi reisa frístundahús og eitt gestahús. Hámarksstærð gestahúss er 40 fm. Samkvæmt gildandi skilmálum má byggja 100 fm frístundahús og 10 fm geymslu, sverfnhús eða gróðurhús.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögnum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni <http://www.sbf.is>.

Skipulagstillögur nr. 1 - 3 er í kynningu frá 1. til 7. september 2016 en tillögur nr. 4 - 7 frá 1. september til 14. október 2016. Athugasemdir og ábendingar við tillögu nr. 1 til 3 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 7. september en 14. október fyrir tillögur nr. 4 - 7. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi
petur@sudurland.is

Fundur fólksins

Fundur fólksins verður haldinn á morgun og laugardag í Norræna húsinu milli klukkan 11 og 18. Ingibjörg Gréta Gísladóttir hjá fyrirtækinu Rigg heldur um alla spotta og lýsir því hér hvað er á ferðinni.

„Fundur fólksins er lýðræðis- og stjórnmalahátíð þar sem rætt verður um samfélagsmál í sinni víðustu mynd á afslappaðan hátt. Hann er haldinn að norrænni fyrirmynd þar sem áratuga hefð er fyrir svona hátíðum. Árið 1967 var Olof Palme í sumarfríi á Gotlandi í Svíþjóð og var búinn að lofa konunni sinni að skipta sér ekkert af pólitík í heila viku. Hún var ekki búin að snúa sér við til að láta sólina skína á bakið, þegar hann var kominn upp á vörubíls-pall að tala um pólitík. Síðan hefur þessi umræðuhátíð orðið að hefð í Almedalen á Gotlandi. Nú kallast hún Almedalsveckan því hún stendur heila viku.

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra fór á Almedalsveckan fyrir nokkrum árum og áttaði sig á að Ísland væri hið eina af Norðurlöndunum sem ekki hefði komið svona samtalshátíð á. Norræna húsið startaði henni svo hér í fyrra með norrænu ráðherranefndina á bak við sig. Aftur er hátíðin í Norræna húsinu og í ár stendur ríkisstjórnin að henni. Almannaheill, samtök friðargeirans, voru fengin til að sjá um framkvæmdina og ég er starfsmaður þeirra núna.

Hátíðin er opin öllum, kórlum og konum, og aðgangur er ókeypis. Það er gaman að sjá hvað fólk tekur henni opnum örmum því stofnanir, félagsamtöl og einstaklingar verða með um 100 viðburði í og kring um Norræna húsið á þessum tveimur dögum frá klukkan 11 til 18. Allt byggist á samtali og sidareglur hátíðarinnar snúast um að fólk hlusti á hvert annað og þó engin niðurstaða faist í málin þá er það bara niðurstaðan.“



Aðalatriðið er að fólk hlusti hvert á annað, hvort sem það er sammála eða ekki að sögn Ingibjargar Grétu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

HÁTÍÐIN ER OPIN ÖLLUM, KÖRLUM OG KONUM, OG AÐGANGUR ER ÓKEYPIS. ÞAÐ ER GAMAN AÐ SJÁ HVAD FÓLK TEKUR HENNI OPNUM ÖRMUM ÞVÍ STOFNANIR, FÉLAGASAMTÖL OG EINSTAKLINGAR VERÐA MEÐ UM 100 VIÐBURÐI Í OG KRING UM NORRÆNA HÚSIÐ Á ÞESSUM TVEIMUR DÖGUM FRÁ KLUKKAN 11 TIL 18.

Dagskrána má nálgast á heimasíðu hátíðarinnar, fundurfólksins.is, og þar ættu allir að geta fundið viðburði við hæfi og eftir áhuga. gun@frettabladid.is

DEBENHAMS

SAMFELLD HÚÐLAGFÆRING.

VISIONNAIRE

HÚÐLAGFÆRING DAG OG NÓTT

DAGUR

LAGFÆRANDI SERUM
Hrukkur- húðholur-áferð húðar

DAGUR

LAGFÆRANDI MJÚKT KREM
Hrukkur-þéttleiki-ljóni

NÓTT

FEGRANDI GEL-IN-OIL
Mýkt-teygjanleiki-ljóni



LANCÔME
PARIS

Verndaðu það sem þér er kærast varðandi húð þína. 87% kvenna voru sammála um að heildarútlit húðarinnar væri mun betra þegar þær notuðu dag og næturkremið saman.*
Hugsaðu um framtíð húðarinnar.

*Visionnaire dagkrem og Visionnaire Nuit Gel-in-Oil - 75 konur af þrettum stofni - 4 vikur.

LANCÔME KYNNING Í DEBENHAMS 1. – 7. SEPTEMBER.



GULLMOLAR FRÁ LANCÔME:

GRANDIÔSE og **GRANDIÔSE Extreme** maskararnir lengja og þykkja augnhárin sem blævængur og þeir gefa undurfagra sveigju.

MIRACLE CUSHION farðinn er fjaðurléttur, byggir upp þekju og gefur frísklegan náttúrulegan ljóma og endingargóðan raka.

20%

**AFSLÁTTUR AF VISIONNAIRE LÍNUNNI,
MIRACLE CUSHION FARÐANUM OG
GRANDIÔSE MÖSKURUM.**



 Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



Fjórtán stuttmyndir frumsýndar

Fjórtán íslenskar stuttmyndir hafa verið valdar til þátttöku á RIFF sem hefst þann 29. september. Umfjöllun arefni myndanna er fjölbreytt og er hvort tveggja um að ræða leiknar og heimildarmyndir.

Fjórtán íslenskar stuttmyndir hafa verið valdar til þátttöku á kvikmyndahátíðinni Reykjavík Film Festival í ár.

Meðal myndana er Helga í leikstjórn Tinnu Hrafnadóttur. „Helga er fyrsta stuttmyndin mín. Ég framleiddi hana sjálf, skrifaði handritið og leikstýrði og fékk hóp af frábæru fólki til að leggja mér lið við að gera hana. Hún fjallar um Helgu, nýfráskilda, einstæða móður á ferugsaldri sem tekst á við amstur hversdagsleikans eftir skilnað. Dag einn, þegar minningar úr barnæsku hennar sækja að, horfist hún í augu við sjálfa sig og hvað það er sem mestu máli skiptir í lífinu. Handritið er byggt á æskuminningum konu sem deildi með mér ákveðinni upplifun úr sinni æsku og mér fannst falleg, konu sem ég met mikils,“ segir Tinna um kveikjuna að myndinni.

„Tvær konur leika Helgu, Viðja Dís Ísfeld Rögvaldsdóttir leikur hana unga og Guðrún Eva Mínervudóttir fulloröna. Þær hafa báðar svipaða útgeislun sem manneskjur og einstaka að mínu mati, auk þess sem þær eru mjög líkar í útliti. Það var heiður að fá að leikstýra þeim og ég er mjög ánægð með útkomuna hjá þeim báðum.“

Einnig verður efnt til sérstakrar sýningar á stuttmyndinni Heiti potturinn á elliheimilinu Grund en myndin er eftir Hörpu Fönn Sigur-

STUTTMYNDIRNAR SEM FRUMSÝNDAR VERÐA Á RIFF:

Aleinn? (Ísland)
– Ísak Hinriksson

Bestu vinkonur að eilífu (Ísland)
– Katrín Björgvinsdóttir

Helga (Ísland)
– Tinna Hrafnadóttir

Léa (Ísland/Bandaríkin)
– Connor Simpson

Litla stund hjá Hansa (Ísland)
– Eyvindur Jónsson

Ungar (Ísland)
– Nanna Kristín Magnúsdóttir

Fótspor (Ísland)
– Hannes Þór Arason

The Macaron Man (Ísland)
– Smári Gunnarsson

Nátthrafnar (Ísland)
– Sturla Óskarsson

Revolve (Ísland/Bretland)
– Ka Ki Wong

The Accord (Ísland)
– RC Cone

Bróðir (Ísland/Skotland)
– Alasdair Bayne

Heimakær (Ísland)
– Katrín Bragadóttir

Þúsund haust (Ísland/Bandaríkin)
– Bob Krist

jónsdóttur.

Myndirnar eru venju samkvæmt jafn fjölbreyttar og þær eru margar og fjalla um allt frá vináttu, lífi án tækni, foreldrahlutverkinu og krefjandi vinnuástandum íslenskra bænda. Um frumsýningu hérlendis er að ræða á öllum myndunum en bæði er um leiknar og heimildarmyndir að ræða. Dómnafnd velur bestu myndina úr flokki leikinna mynda og hlýtur leikstjóri hennar viðurkenningu kennda við Thor Vilhjálmsson. Tinna segir það hafa mikla þýðingu að vera með í stuttmyndadagskrá hátíðarinnar og segir

stöðu stuttmynda hér á landi góða.

„Mér finnst fleiri vera farnir að gera stuttmyndir í dag, enda geta þær opnað svo margar spennandi leiðir fyrir leikstjóra sem eru að byrja, sérstaklega ef þær komast inn á mikilvægar kvikmyndahátíðir erlendis. Sama hvort maður ert hámenntaður eða ekki, í hvaða fagi sem er, þá eru verkin, það sem maður skilar af sér, mikilvægasti vitnisburðurinn um hæfni manns og getu.“

Dagskrá RIFF hefst þann 29. september næstkomandi og nánar er hægt að fræðast um hátíðina og

Kunnuglegheit í fínum klæðnaði

KVIKMYNDIR

Viva

★★★★★

Leikstjóri: Paddy Breathnach
Handritshöfundur: Mark O'Halloran
Framleiðendur:
Aðalhlutverk: Héctor Medina, Jorge Perugorria og Luis Alberto García

Í þessari litlu lítilmagnasögu um vonir, fjölskyldubönd og tengingarskipti fáum við að kynna Jesús, fátækum, feimnum ljúflingi sem vinnur við förðun á dragskemmtistað í Havana en sjálfur á hann þann draum að eigna sér sviðið.

Jesús er annars vegar ekki umkringdur miklum stuðningi. Þegar kemur að stóra tækifærinu, þar sem Jesús kemur fram undir sviðsnafninu Viva, ræðst á hann maður úr áhorfendasalnum. Sá maður reynist vera faðir Jesús, mættur aftur eftir 15 ára fjarveru og fangelsisvist. Jesús er bara eins og hann er, en bráðláti pabbinn er vægast sagt ósamþykktur því að sonur hans spreyti sig með þessum hætti. Þá þarf Jesús að velja á milli þess að taka sénsinn á því að rækta drauminn sem hann þráir og vera hann sjálfur eða halda friðinn og sjá hvort meira liggi að baki hegðun pabba hans sem aldrei áður hefur verið hluti af lífi hans.

Það er margt kunnugt og klisjukennt við það hvernig þessi efniviður er meðhöndlaður en sú saga sem kemur hvað sterkast upp í hugann er Billy Elliot. Framvindan er þráðbein en kemur sjaldan á óvart og sambandsþróun feðganna er tekin beint af lagernum. Að þessu undanskildu hefði meira mátt gera úr bæði aukapersónum, því margar þeirra eru ansi kostulegar, og sömu-leiðis vantaði meira líf og áherslu á hliðstæðu Jesús, hana Vivu, sem hefði mátt skína meira. Inni-haldið yfir henni smávegis til hliðar og einblínir meira á feðgasambandið á meðan ég held að fókus á hvort tveggja hefði skilað betri mynd.

Þó gölluð sé hittir Viva þó í mark á ýmsum lykilsviðum. Hún er laumulega áhrifarík, yljandi og fer létt með að fá mann á band með aðalkarakternum. Samband hans við föður sinn slær líka á nokkra grimma strengi án þess að sé mjólk- að út melódráma. Jesús er ekkert sérstaklega þrívíður, flókinn eða

of spennandi karakter en á móti gæddur þeim kostum að vera bæði sympatískur og viðkunnlegur, sem að mestu kemur frá Héctor Medina í hlutverkinu. Jorge Perugorria er trúverðugur sem vægast sagt gallaður en umfram allt mannlegur faðir. Bestur í myndinni er hins vegar Luis Alberto García í hlutverki eiganda klúbbsins sem vill öðrum fremur sjá Jesús nýta styrkleika sína til fulls.

Tónlist myndarinnar fellur einnig vel að og kemur sem beint frá hjarta hennar. Viva hefur einmitt mikla sál, umhyggju og vissulega einhverja útreið í sér. Hún heldur vel á formúluspilum sínum, eins berþunn og hún er yfir heildina, en af henni geislar þó ákveðin orka og ekki síður þau jákvæðu skilaboð sem hún blæs reglulega út.


Tómas Valgeirsson

NIÐURSTAÐA: Gjarnan hefði mátt fara sparlega með klisjurarnar í handritinu og finnstilla önnur smáatriði en Viva skín engu að síður sem einlæg og upplifgandi lítilmagnasaga.

Í myndinni fáum við að kynna Jesús, feimnum ljúflingi sem vinnur við förðun á dragskemmtistað.



Ertu komin með appið í símann ?



www.fasteignir.is

VÍSIR




Guli miðinn
Vítamín og bætiefni
fyrir þig á
frábæru verði.
Öll línán á
25% afslætti.



Optibac
Hágæða góðgerlar með einstaka virkni
fyrir þig og alla fjölskylduna.
Öll línán á 25% afslætti.



Nýtt í Heilsuhúsinu!
Optibac for Daily Immunity
Inniheldur and-
oxandi efni ásamt
góðgerlum sem
styrkja sérstaklega
ónæmiskerfið.



GEGGJUÐ TILBOÐ Í HEILSUHÚSINU

TILBOÐIN GILDA
TIL 11. SEPTEMBER



Finndu þinn sólargeisla
Solaray bætiefni uppfylla þínar þarfir sem
lausnamiðuð vítamín- og bætiefnalína.
Öll línán á 25% afslætti.



Hámargaðu þinn árangur með Terranova
Bætiefni fyrir þá sem setja hreinleika, gæði
og virkni í fyrsta sæti. Hentar fyrir vegan.
Öll línán á 25% afslætti.



Fyrir fólk sem gerir kröfur
Nú er tækifærið að prófa bætiefnin
frá Higher Nature.
Öll línán á 25% afslætti.

HEILSUFRÉTTIR
ERU KOMNAR ÚT!



SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI



SAMBIÓIN Sambio.is

Frá Todd Phillips, leikstjóra Hangover myndanna

WAR DOGS ★★★★★ VARIETY Forsýnd

Einn maður mun ögra Rómaveldi ★★★★★ ROGEBERT.COM

Jack Huston Morgan Freeman

BEN-HUR

Stærsta mynd ársins

Stórkostleg mynd um besta knattspyrnumann fyrir og síðar

IMDb 7.4

PELÉ

Frá þeim sömu og færðu okkur The Jungle Book

★★★★★ LOS ANGELES TIMES

★★★★★ VARIETY

86%

Fullkomin mynd fyrir alla fjölskylduna

77%

★★★★★ WASHINGTON POST

★★★★★ CHICAGO TRIBUNE

lights out

| WAR DOGS | KL. 8 | BEN-HUR | KL. 5:20 - 8 - 10:30 | PELÉ | KL. 5:20 - 8 - 10:30 |
|-------------------------|-------------------|-------------------|----------------------|-------------|----------------------|
| WAR DOGS VIP | KL. 8 | LIGHTS OUT | KL. 8 - 10 | LIGHTS OUT | KL. 8 - 10 |
| BEN-HUR | KL. 5:20 - 10:30 | PETE'S DRAGON | KL. 5:30 - 8 | SAUCE PARTY | KL. 5:30 - 8 |
| BEN-HUR VIP | KL. 5:20 - 10:30 | SUICIDE SQUAD 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:30 | SAUCE PARTY | KL. 5:20 - 8 - 10:30 |
| PELÉ: BIRTH OF A LEGEND | KL. 8 | JASON BOURNE | KL. 10:20 | SAUCE PARTY | KL. 10:20 |
| LIGHTS OUT | KL. 8 - 10 | LEYNILÍF GÆLUDÝRA | KL. 5:30 | SAUCE PARTY | KL. 5:30 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 | LEYNILÍF GÆLUDÝRA | KL. 5:30 | SAUCE PARTY | KL. 5:30 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 6 - 9 - 10:40 | WAR DOGS | KL. 8 | SAUCE PARTY | KL. 6 - 9 - 10:40 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA | KL. 5:50 | BEN-HUR | KL. 10:30 | SAUCE PARTY | KL. 5:50 |
| JASON BOURNE | KL. 10:20 | NINE LIVES | KL. 8 | SAUCE PARTY | KL. 10:20 |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 8 | LIGHTS OUT | KL. 10 | SAUCE PARTY | KL. 8 |
| THE BFG | KL. 5:30 | PETE'S DRAGON | KL. 5:40 | SAUCE PARTY | KL. 5:30 |
| WAR DOGS | KL. 10 | LEYNILÍF GÆLUDÝRA | KL. 5:50 | SAUCE PARTY | KL. 10 |
| BEN-HUR | KL. 7:20 - 10:20 | WAR DOGS | KL. 8 | SAUCE PARTY | KL. 7:20 - 10:20 |
| PELÉ: BIRTH OF A LEGEND | KL. 5:40 - 8 | BEN-HUR | KL. 5:20 - 8 | SAUCE PARTY | KL. 5:40 - 8 |
| LIGHTS OUT | KL. 10:40 | LIGHTS OUT | KL. 10:30 | SAUCE PARTY | KL. 10:40 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 | PETE'S DRAGON | KL. 5:40 | SAUCE PARTY | KL. 5:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 8 | SUICIDE SQUAD 2D | KL. 10:30 | SAUCE PARTY | KL. 8 |

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

UR BÚÐINGU Í FÆRSTA VARIÐ

THE SHALLOWS ★★★★★

Þétt og örugg uppbygging, flottur hákarlatryllir

S.S. X-10 977

HELL OR HIGH WATER

TURANDOT 15. september í Háskólabíói

EIDURINN FORSALA HAFIN

PARTY LIKE A MOTHER

BADMOMS

SAUSAGE PARTY Fædd 4. apríl 2016

NÍU LÍF T.V. - BÍÓVEFURINN

Sýningartímar á eMið.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is Miðsal og nánari upplýsingar

WAR DOGS FORSÝNINGAR

NÍU LÍF

BEN-HUR

HELL OR HIGH WATER

JASON BOURNE

| WAR DOGS FORSÝNINGAR | Sýningartímar |
|------------------------------|----------------|
| WAR DOGS FORSÝNINGAR | 8, 10:25 |
| BEN-HUR | 10:30 |
| NÍU LÍF | 6 |
| HELL OR HIGH WATER | 5:50, 8, 10:10 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA 2D ISL.TAL | 4, 6 |
| JASON BOURNE | 8 |

Hvað? Hvenær? Hvar?

Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

1. SEPTEMBER 2016

Tónlist

Hvað? Presolar Sands, russian.girls & GlerAkur

Hvenær? 20.00

Hvar? Húrra

Þessar eldhressu hljómsveitir spila allar saman á Húrra og það kostar einungis 1.500 krónur inn.

Hvað? Cyber

Hvenær? 12.00

Hvar? Háskólatorg, Háskóli Íslands Í tilefni Nýnemadaga spilar hljómsveitin Cyber sem er skipuð nokkrum meðlimum Reykjavíkurdætra í hádeginu á Háskólatorgi.

Hvað? Hjólbörutónleikar

Hvenær? 20.00

Hvar? Keflavíkurkirkja

Arnór B. Vilbergsson, Elmar Þór Hauksson og Kjartan Már Kjartansson spila óskalgög áhorfenda. Miðaverð er 1.500 krónur.

Hvað? Andri Ívars og Stefán Jakobs

Hvenær? 22.00

Hvar? Græna herbergið, Lækjargötu 6 Andri Ívars og Stefán Jakobsson leiða saman hesta sína í kvöld og spila tónlist í bland við ýmiss konar grín. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Hvað? Frumsýningarpartý VIO

Hvenær? 20.00

Hvar? Loft Hostel, Bankastræti Fyrsta tónlistarmyndband Vio verður frumsýnt á Lofti í kvöld. Bandið mun auk þess taka nokkur lög. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Hvað? Kristín Anna

Hvenær? 20.00

Hvar? Mengi

Söngvarinn, lagahöfundurinn og píanistinn Kristín Anna heldur tónleika í Mengi í kvöld og spilar þar frumsamda tónlist. Kristín Anna er fyrrverandi meðlimur hljómsveitarinnar múm og hefur unnið með stórum hópi af listamönnum um allan heim. Miðaverð 2.000 krónur.



Yr Jóhannsdóttir opnar sýninguna Sweater story í Ekkisens í dag. Þar geta gestir skoðað ellefu þrjónapeysur úr smíðju Yrar.

Hvað? Karl Orgeltrío ásamt Bogomil Font

Hvenær? 21.00

Hvar? Café Rosenberg

Þarna verður leikinn heitur poppdjass, síðustu dagar sumarsins eða fyrstu dagar haustsins verða teknir með trompi. Hljómsveitina skipa Karl Olgeirsson, Ásgeir Ásgeirsson og Ólafur Hólm.

Sýningar

Hvað? Kvikmyndadagskrá: Bestu vinir mannsins

Hvenær? 20.00

Hvar? Hafnarhús

Sýndar verða tvær myndir, Drottins náð eftir Kristján Loðmfjörð og Filma eftir Hafstein Gunnar Sigurðsson. Báðar myndirnar tengjast dýrum og sambandi manns og dýra.

Hvað? Leiðsögn um Formsins vegna

Hvenær? 12.15

Hvar? Listasafnið á Akureyri

Leiðsögn um sýningu Gunnars Kr. Formsins vegna sem var opnuð í safninu um síðustu helgi. Hlynur Hallsson og Gunnar Kr. leiða gesti um sýninguna og fræða þá um allt sem þar er í gangi. Aðgangur ókeypis.

Hvað? Sweater story

Hvenær? 17.00

Hvar? Ekkisens

Yr Jóhannsdóttir, eða Ýrúari eins og hún kallar sig alltaf, opnar sýningu sína Sweater story í Ekkisens í dag. Þarna sýnir hún ellefu peysur sem listakonan bjó sjálf til á heimilisprjónavél.

Listamannspjall

Hvað? Ingibjörg Sigurjónsdóttir

Hvenær? 18.00

Hvar? Hafnarhús

Sýningarstjórn Bryndís Erla Hjálmarisdóttir ræðir við Ingibjörgu Sigurjónsdóttur listakonu um sýningu hennar Þetta er okkar fyrsta og síðasta verk. Til sýnis eru teikningar, skúlptúrar, textar og myndband.

Hátíðir

Hvað? A! Gjörningahátíð

Hvenær? 17.00

Hvar? Listagilið, Akureyri

Þessi gjörningahátíð verður haldin á Akureyri í annað sinn dagana 1. til 4. september. Hátíðin er samvinnuverkefni Listasafnsins á Akureyri, LÖKAL, Reykjavík Dance Festival, Menningarfélags Akureyrar, Listhúss

EKKI MISSA AF

Spilakvöldi Spilavina. Fullorðnir og börn eldri en tólf ára taka í spil við Suðurlandsbraut 48 í Reykjavík í kvöld.

og Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar.

Hvað? Ljósanótt

Hvenær? 10.30

Hvar? Reykjanesbær

Bæjarhátíðin Ljósanótt verður sett með pompi og prakt í dag. Á dagskránni kennir ýmissa grasa og ætti að vera nóg um að vera fyrir alla fjölskylduna alla helgina.

Spilakvöld

Hvað? Spilakvöld Spilavina

Hvenær? 20.00

Hvar? Verzlun Spilavina, Suðurlandsbraut 48

Spiluð verða alls konar spil og verður starfsfólk Spilavina til staðar til að kenna fólki á ýmis framandi spil sem þarna eru í boði. Þessi kvöld eru miðuð við að vera fyrir fullorðna en krakkar eldri en 12 ára í fylgd með fullorðnum eru velkomnir.

Önnur afþreying

Hvað? Er sykurlaus lífsstíll raunhæfur?

Hvenær? 17.30

Hvar? Heilsa og spa, Ármúla 9 Geir Gunnar Markússon næringarfræðingur fjallar um leiðir til að minnka sykurlausu og fræðir gesti um áhrif sykurs á líkamstarfsemina. Aðgangseyrir 2.000 krónur.

Hvað? Haustgleði Hins hússins

Hvenær? 18.00

Hvar? Hitt húsið, Pósthússtræti 3-5. Hitt húsið blæs til flóamarkaðar og tónleika í dag. Fullt af fötum og hlutum sem hægt er að festa kaup á auk þess sem hljómsveitirnar Krakk og Spaghettí og Sprezzatúra skemmta gestum. Allir velkomnir.

Hvað? Yoga Moves og Ezeo

Hvenær? 19.50

Hvar? Dansverkstaðið, Skúlagötu 30 Yoga Moves hefst aftur eftir sumarfrí. Plötusnúðurinn Ezeo, Erling Ingason, sér um að koma fólki í rétt stuð í byrjun haustsins. Tómas Oddur leiðir jógaflæðið og Arnbjörg Kristín kemur færandi hendi með ferska orku utan af landi í myndrænu formi auk þess sem hún slær gongió. Aðgangseyrir eru 2.500 krónur. Allir velkomnir.

JUSTIN BIEBER ER Í HAGKAUP

25% afsláttur

AF ÖLLUM
JUSTIN BIEBER VÖRUM
TIL 11. SEPTEMBER

Sængurver
140x200cm
3.749
v.á 4.999



Handklæði
1.874
v.á 2.499



Bolur
2.624
v.á 3.499



Plaköt
599
v.á 799

Gríma
374
v.á 499



Bolli
1.499
v.á 1.999



Hálsmen, armband og eyrnalokkar
1.349kr/stk
v.á 1.799

Púði
2.249
v.á 2.999



SKYR
SJÁ MEIRA ÚRVAL Á HAGKAUP.IS

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
07.25 Kalli kanina og félagar
07.50 Litlu Tommi og Jenni
08.10 The Middle
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Jamie's 30 Minute Meals
10.00 The Doctors
10.45 Marry Me
11.10 Léttir sprettir Friðrika Hjördis Geirsdóttir stýrir skemmtilegum þætti um almennar íþróttir sem fólk stundar, svo sem hlaup, skíðaíþróttir, hjóleiðar, fallgöngur, sund og íþróttir fyrir alla fjölskylduna. Farið verður yfir þann búnað sem mælt er með að fólk eigi til að stunda íþróttina, hvernig þjálfun er æskileg til að ná betri árangri og koma í veg fyrir meiðsl. Einnig verður áhersla lögð á næringu og kynningu á hinum helstu næringarefnum. Í þáttunum verður einnig matreiddur hollur réttur sem er stúttfullur af næringarefnum.
11.30 World's Strictest Parents
12.35 Nágrannar
13.00 Jersey Boys
15.15 Steel Magnolias
17.15 Bold and the Beautiful Forrester-fjölskyldan er leiðandi í tiskuheiminum en miklum vinsældum fylgir líka mikil ábyrgð og pressa á að standa sig. Endalaus valdabaráttu og erjur utan sem innan fyrirtækisins setja stundum mark sitt á starfseminu og ekki hjálpa flókin fjölskyldutengsl til.
17.40 Nágrannar
18.05 Friends
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Íþróttir
19.05 Fréttir Stöðvar 2
19.20 Undateable
19.40 The New Girl Fimmta þáttaröðin um Jess og sambýlinga hennar. Jess er söm við sig, en sambýlingar hennar og vinir eru smám saman að átta sig á þessari undarlegu stúlkunni, sem hefur nú öðlast vináttu þeirra allra. Með aðalhlutverk fara Zoey Deschanel, Jake Johnson og Damon Wayans Jr.
20.05 Masterchef USA
20.50 NCIS
21.35 Tyrant
22.30 Ballers Önnur syrpa þessara frábæru þátta með Dwayne The Rock Johnson í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um hóp amerískra fótboldaleikara og fjölskyldur þeirra.
23.00 Rizzoli & Isles
23.45 The Tunnel
00.35 The Third Eye
01.25 Aquarius
02.10 Mission: Impossible
04.00 NCIS: New Orleans
04.45 Riddle

STÖÐ 3

17.45 Raising Hope
18.10 The Big Bang Theory
18.30 Modern Family
18.55 Fóstbræður
19.25 Entourage
19.55 Hið blómlega bú 3
20.30 Geggjaðar græjur
20.50 Drop Dead Diva
21.35 Burn Notice
22.15 NCIS: New Orleans
23.00 Fóstbræður
23.30 Entourage
00.00 Hið blómlega bú 3
00.30 Geggjaðar græjur
00.45 Drop Dead Diva
01.30 Burn Notice
02.15 Tónlist

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Kalli á þakinu
07.25 Ævintýri Tinna
07.47 Mæja býfluga
08.00 Dóra könnuður
08.24 Mörgæsinnar frá Madagaskar
08.47 Doddi litli og Eyrnastór
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveinsson
09.49 Lalli
09.55 Rasmus Klumpur og félagar
10.00 Strumparnir
10.25 Gulla og grænjaxlarnir
10.37 Stóri og litli
10.49 Hvellur keppnisbill
11.00 Kalli á þakinu
11.25 Ævintýri Tinna
11.47 Mæja býfluga
12.00 Dóra könnuður
12.24 Mörgæsinnar frá Madagaskar
12.47 Doddi litli og Eyrnastór
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveinsson
13.49 Lalli
13.55 Rasmus Klumpur og félagar
14.00 Strumparnir
14.25 Gulla og grænjaxlarnir
14.37 Stóri og litli
14.49 Hvellur keppnisbill
15.00 Kalli á þakinu
15.25 Ævintýri Tinna
15.47 Mæja býfluga
16.00 Dóra könnuður
16.24 Mörgæsinnar frá Madagaskar
16.47 Doddi litli og Eyrnastór
17.00 Áfram Diego, áfram!
17.24 Svampur Sveinsson
17.49 Lalli
17.55 Rasmus Klumpur og félagar
18.00 Strumparnir
18.25 Gulla og grænjaxlarnir
18.37 Stóri og litli
18.49 Hvellur keppnisbill



16.00
12.00
08.00
 Dóra könnuður

BÍÓSTÖÐIN

12.10 Dolphin Tale
13.55 The Prince and Me 4
15.30 Skeleton Twins
17.00 Dolphin Tale
18.50 The Prince and Me 4 Rómantísk gamanmynd um Edward kóng og drottningu hans, Paige, sem fara saman í ferðalag til Sangyoon til að vera viðstödd brúðkaup sem fer ekki eins og áætlað var.
20.25 Skeleton Twins
22.00 Mission: Impossible: Ghost Protocol
00.10 Persecuted John Luther er predikari sem stofnar sinn eigin söfnuð eftir að hafa fengið opinberun. Hann á sér dökka fortíð en snýr blaðinu algjörlega við og leiðir nú söfnuð þúsunda manna.
01.45 The Kids are Alright
03.30 Mission: Impossible: Ghost Protocol

RÚV

16.20 Violetta
17.10 Sjöundi áratugurinn – Morðið á Kennedy forseta
17.50 Táknafréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Eðlukrúttin
18.12 Vinabær Danna tígurs
18.23 Sanjay og Craig
18.45 Bækur og staðir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Steinsteypuöldin
20.45 Ljósan
21.10 Vammlaus
22.00 Tiufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Glæpahneigð
23.05 Dicte II
23.50 Kastljós
00.25 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

00.35 BrainDead
01.20 Zoo
02.05 Heartbeat
02.50 Queen of the South
03.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon
04.15 The Late Late Show with James Corden
04.55 Pepsi MAX tónlist
06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Black-ish
08.20 Dr. Phil
09.00 My Kitchen Rules
09.45 Secret Street Crew
10.35 Pepsi MAX tónlist
12.50 Dr. Phil
13.30 Telenovela
13.55 Survivor
14.40 America's Funniest Home Videos
15.05 The Bachelor
16.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon
17.15 The Late Late Show with James Corden
17.55 Dr. Phil
18.35 Everybody Loves Raymond
19.00 King of Queens
19.25 How I Met Your Mother
19.50 Cooper Barrett's Guide to Surviving Life
20.15 Girlfriend's Guide to Divorce
21.00 Sjö mínútna þögn á einkareknum miðlum
21.07 BrainDead
21.55 Zoo
22.40 The Tonight Show with Jimmy Fallon
23.20 The Late Late Show with James Corden

FRÁBÆRT
FIMMTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

MASTERCHEF USA

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



NCIS

Stórgóðir og léttir spennuþættir um Leroy Jethro Gibbs og féлага hans í Bandaríkjunum sem dregst inn í óvænta og hættulega atburðarás í Mið-Austurlöndum.



NÝ ÞÁTTARÖÐ!

TYRANT

Frábærir og hörkuspennandi þættir um afar venjulega fjölskyldu í Bandaríkjunum sem dregst inn í óvænta og hættulega atburðarás í Mið-Austurlöndum.



FYRRI SERIUR Á MARAPON

BALLERS

Dwayne Johnson er geggjaður í þessum skemmtilegu þáttum um ævintýralegt líf atvinnumannna í bandaríska fótboldnum og lífið er ekki alltaf dans á rósum hjá þessum sjarmörum.



MISSION: IMPOSSIBLE - GHOST PROTOCOL

Eftir árárs hryðjuverkahóps sem veldur gríðarlegu tjóni og banar fjölda manns vakna grunsemdir um að Ethan Hunt og njósnasérdeildin séu viðriðin málið.

3
ENTOURAGE

Sjötta serían sem er lauslega byggð á reynslu framleiðandans Marks Wahlbergs í Hollywood og fjallar um Vincent og féлага hans sem reyna að hasla sér völl í bíóborginni.

VERÐLAUNAPÆTTIR
NÝ ÞÁTTARÖÐ!

SPORT

07.00 Pepsi-deild kvenna 2016
08.40 Premier League 2016/2017
10.20 Premier League 2016/2017
12.00 Football League Show 2016/17
12.30 Spænski boltinn 2016/2017
14.10 Spænsku mörkin 2016/2017
14.40 Premier League 2016/2017
16.20 Pepsi-deild kvenna 2016
18.00 IAAF Diamond League 2016
20.00 Premier League World 2016/2017
20.30 UFC Unleashed 2016
21.15 Messan
22.35 1. deildin
00.15 IAAF Diamond League 2016

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Raðið
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útvarp Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is



GÍRAÐU BÍLINN FYRIR HAUSTIÐ

ÞURRKUBLÖÐ

Gott úrval frá þýsku gæðamerkjunum Bosch og Förch.



OSRAM PERUR

allt að **110%** meira ljós



MOTTUR

Bæði stakar mottur og í settum.

MIKIÐ ÚRVAL



STÆRSTA VARAHLUTAVERSLUN LANDSINS

Bíllinn heldur ábyrgðinni með vottuðum varahlut frá okkur!
LÆGRA VERÐ | **3 ÁRA ÁBYRGÐ** | **VOTTUÐ GÆÐI**

SJÖ VERSLANIR UM LAND ALLT

REYKJAVÍK, Dvergshöfða 2, KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata,
 HAFNARFJÖRÐUR, Dalshrauni 17, REYKJANESBÆR, Krossmóum 4,
 SELFOSS, Hrísmýri 7, AKUREYRI, Furuvöllum 15, EGILSSTAÐIR, Lyngási 13

www.bilanaust.is | Sími: 535 9000



LÍFIÐ

Skrautlegt ástalíf

Justin Bieber

Söngvarinn ungi **Justin Bieber** hefur verið duglegur að skipta um kærustur í ágúst og svo virðist sem það hafi farið illa í aðdáendur hans. Nú hefur hann lokað Instagram-aðgangi sínum og skotið fast á fyrrverandi kærustu sína, **Selenu Gomez**.

Frá því að söngvarinn og popp-prinsinn Justin Bieber kom fyrst fram á sjónarsviðið hafa fjölmiðlar um allan heim ekki getað fengið nóg af honum. Nánast allt sem hann gerir kemst í fréttirnar og þrátt fyrir að hann haldi því fram að hann vilji ekki þessa athygli þá er oft eins og hann sæki grimmt í hana.

Ástalíf Biebers er eitt af því sem er reglulega á milli tannanna á fólki. Í sumar hefur Bieber sést með nokkrum fyrirsætum og hafa verið miklar vangaveltur um hvort hann sé á föstu með einhverjum af þeim eða einfaldlega að leika sér. Hann birtir íðulega myndir af stelpunum sem hann er að hanga með og getur það gert aðdáendur hans sturlaða úr afbrýði.

Nýjustu fréttirnar af Justin eru þær að hann hafi verið að rifast við fyrrverandi kærustu sína, Selenu Gomez, út af einni af nýju kærustunum sínum, Sofíu Richie. Hann birti myndir af sér og Sofíu saman í Tökýó og í kjölfarið byrjuðu aðdáendur hans og nettröll að ráðast á Instagram-aðgang hennar. Þá hótaði Justin að loka sinni eigin Instagram-síðu fyrir almenningi ef aðdáendur hans hættu ekki að skrifa niðrandi athugasemdir um nýju kærustuna.

Eftir hótun Justins byrjaði Selena að blanda sér í málin og sakaði hann um að vinna á móti aðdáendum sínum en þeir væru aðalástæðan fyrir því að hann nyti svo mikillar velgengni. Justin kom þá með skot á móti og sakaði Selenu meðal annars um að hafa verið að nota hann til að vekja athygli á sjálfri sér í gegn um tíðina.

Það hefur greinilega komið við auman blett á Gomez því að hún sak-



Justin og Sofia Richie, dóttir Lionels Richie, hafa verið að stinga saman nefjum og aðdáendur söngvarans eru allt annað en sáttir við það.

aði Bieber um að hafa haldið fram hjá henni við fjölmörg tækifæri á meðan hún hafi alltaf staðið við bakið á honum. Eftir það sagði Justin að hún hefði einnig haldið fram hjá honum og það með söngvaranum Zayn Malik, sem var á þeim tíma í hljómsveitinni One Direction.

Nú hefur Justin Bieber eytt Instagram-aðganginum sínum, aðdáendum hans til sárrar gremju. Það er óvíst hvort hann opnar hann aftur enda eru samfélagsmiðlar helsta tól stjernanna til þess að eiga náði samband við aðdáendur.

Justin er á leiðinni til landsins í byrjun september en hann mun halda tvenna tónleika í Kórnum, Kópavogi. MYNDR/GETTY

Með hverjum hefur Bieber verið að slá sér upp þennan mánuðinn? Það getur verið erfitt að fylgjast með ástalífi Biebers enda alltaf nóg um að vera.

- Fyrstu vikuna sást hann nakinn í frii á Hawaii með fyrirsætunni Sahara Ray. Hann var duglegur að birta myndir frá friinu og gefa góða innsýn í þetta nýja samband.
- Einungis viku eftir friði á Hawaii sást hann leiða Sofíu Richie. Þar byrjuðu dramaköstin. Aðdáendum og nettröllum þótti heldur stutt á milli stúlkanna og þá sérstaklega vegna þess hve ung Sofia er. Hún er nýjörðin 18 ára en hann er 22 ára.
- Viku eftir að hann sást láta vel að Sofíu ferðaðist kappinn til London. Þar sást hann djamma nokkra daga í röð með fyrirsætunni Bronte Blampied. Enn og aftur sturluðust aðdáendur hans og spurðu sig: „Hvað með Sofíu?“
- Aðeins tveimur dögum eftir að nýjustu myndirnar af Justin og Blampied birtust náðust myndir af Sofíu heimsækja Bieber á heimili hans í Los Angeles. Hvort það þýðir að þau séu aftur byrjuð að slá sér upp verður að koma í ljós.

Justin og Selena í gegnum árin



Selena og Justin voru eitt krúttlegasta par Hollywood á sínum tíma en nú er orðið heldur súrt á milli þeirra eftir rífrildi undanfarinna daga.

NÝIR SÓFAR

GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS



NEVADA hornsófi
Verð 299.900,-
Stærð: 303x228x78cm.



NOTTING HILL sófi
Verð 179.900,-
Stærð: 246x106x84cm.



3 FYRIR 2 AF SMÁVÖRU

Gildir 1.-7. september



the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

3 FYRIR 2 AF KERTUM





Trendið Endurreisnin alltumlykjandi


Endurreisnin með sitt flauel, bjölluermar og korselett kemur sterk inn með haustvindunum. Allt saman eða hvert í sínu lagi skiptir ekki öllu. Allt saman æðislega lekkert.



Eugenie



Georges Chakra



Grace Redgrave



Benito Santos

Instagram er ekkert bara fyrir „fyrirmyndar líkamana“


„Það þurfti einhver feit manneskja að stíga fram. Ég er feit kona og ég tek orðið feit bara aftur til mín,“ segir Tara Margrét sem hefur vakið talsverða athygli á Instagram fyrir að gefa óskrifuðum reglum miðilsins langt nef.

Svo vakaði ég bara einn morguninn og sá að Instagramið mitt var sprungið,“ segir Tara Margrét Vilhjálmsdóttir. Tara er líklega ein af fyrstu íslensku yfirstærðarfyrirmyndunum á Instagram og hefur sannarlega vaxið fiskur um hrygg hraðar en hún gat ímyndað sér.

Frá því að Tara opnaði fataskápin sinn fyrir alþjóð í Fréttablaðinu fyrir í sumar hefur hún varla getað lokað honum. Vegna þrýstings opnaði hún svo Instagram-reikninginn sinn fyrir almenningi og þá varð ekki aftur snúið. Hún var orðin að fyrirmynd sem ungar stúlkur hafa beðið eftir.

Og ekki skemmdi fyrir þegar Instagram-stjarnan FullfiguredFashion með fylgjendum á pari við íslensku þjóðina, hoppaði á vagninn og deildi myndum frá Töru. „Þetta er ótrúleg upplifun,“ segir hún sæl.

„Mig óraði nú ekki fyrir þessu, viðbrögðin voru tiskupættinum voru svo miklu meiri en við nokkrum pistli sem ég hef skrifað um málefnið. En þetta var risastórt skref fyrir mig og snerist ekki um það sem ég hef að segja heldur um líkama minn, sem ekki snýst um þessa hefðbundnu fegurð eða fellur undir hugtakið fyrirmyndarlíkami. Ég viðurkenni að ég var ótrúlega stressuð yfir þeim kommentum sem ég gæti fengið og var búin að brynja mig vel. Þau bara komu ekki,“ segir hún



Flott á leiðinni út á lífið. Tara er sannkölluð fyrirmynd sem gerir nákvæmlega það sem henni sýnist.

Tara Margrét var gáttuð á viðbrögðunum sem hún fékk við myndunum. Hún hefur skrifað pistla um málefnið sem komust ekki í hálfkvísti við þetta.




glöð.“

Eðli málsins samkvæmt er Tara yfir sig ánægð með að líkamsmyndar-skilaboðin hennar virðast falla vel í kramið og segir gríðarlega mikilvægt að hugmyndir um eitthvað eins og OOTD, eða dress



Tara Margrét í svokölluðum bodycon-kjöli sem notið hefur mikilla vinsælda. Hún er einkar glæsileg.



„Hver segir að feitar stelpur geti ekki klæðst mynsturðu?“ spyr Tara réttilega.

ÉG ER EKKI ÞESSI HEFÐBUNDNA LÍKAMSGERÐ Í TISKUPÆTTI OG ÞETTA ER GREINILEGA EITTHVAÐ SEM ÞURFTI

dagsins, sé ekki fyrirbæri sem eynamerkt sé einhverri fyrirframgefni líkamsgerð.

„Ég er ekki þessi hefðbundna líkamsgerð í tiskupætti og þetta er greinilega eitthvað sem þurfti. Það þurfti einhver feit manneskja að stíga fram. Ég er feit kona og ég tek orðið feit bara aftur til mín. Það er valdeflandi að stíga svona fram,“ segir hún og er afar stolt af þeim sem fylgt hafa í kjölfarið, en fjölmargar hafa sett sig í samband við hana í því samhengi.

„Það skiptir svo miklu máli að við sjáum aðra líkama en þessa svokölluðu fyrirmyndarlíkama í flottum fötum. Fatlaðir, feitir eða hvað sem er verða að sjást líka,“ segir hún ákveðin og bendir á að frá því hún fór að láta til sín taka á Instagram, hafi fyrirspurnum um hvar hún fái fötin sín rignt inn, svo greinilega sé gat í markaði sem einhverjir ættu að stökkva á hið snarasta.

„Það er frekar merkilegt fyrir mig að upplifa hversu pólitískt afl líkaminn er, rétt eins og orðin,“ segir Tara og segist vona innilega að fleiri feti í hennar fótspor. „Heilsufarið er svo margþátta fyrirbæri sem einkorðast ekki aðeins við ákveðna líkamsmynd. Jákvæð líkamsmynd og sjálfsmynd vegur mjög þungt í heildarmyndinni,“ segir hún einlæg að lokum. gudrun@frettabladid.is

Björk býður aðdáendum sínum inn í sýndarveruleika

Í dag verður opnuð sýning Bjarkar Guðmundsdóttur, sem ber heitið Björk Digital, í Somerset House galleríinu í London. Sýningin var fyrst sett upp í Ástralíu og fór svo til Tókýó. Sýningin er einstök að því leyti að Björk notar mikið sýndarveruleika eða „virtual reality“ tækni. Hún kemur einnig til með að halda tvenna tónleika í London í mánuðinum en það er í fyrsta skiptið sem hún kemur fram á tónleikum á þessu ári.

Sýning Bjarkar er einstök að því leyti að hún notar nýjustu tæknina í von um að komast í meiri nánd við aðdáendur sína. „Það má skilgreina

þetta sem stafrænan heim Bjarkar,“ segir Ásmundur Jónsson, eigandi Smekkleysu og náinn samstarfsmaður Bjarkar. „Svo held ég að stefnan sé að halda áfram að setja hana upp víðar um heim. Þetta er hennar sýning sem hún vinnur sjálf í samstarfi við ýmsa r e y n d a

listamenn til þess að vekja hugmyndir hennar og sýndarveruleikann til lífs.“

Það vakti mikla athygli í gær þegar Björk opnaði sýninguna fyrir velunnurum. Í stað þess að vera á

Sýning Bjarkar í Somerset House í London stendur til 23. október.

staðnum notaði hún teiknimyndafígúru sem speglaðist við hennar eigin hreyfingar. Sýningin sjálf samanstendur af myndböndum í sýndarveruleika, hljóðlistaverkum, kvikmyndasál og boðið er upp á að spila á spjaldtölvur og sérsníðuð þar til gerð hljóðfæri.

Eins og áður kom fram mun Björk einnig halda tvenna tónleika í London seinna í mánuðinum. Fyrri tónleikarnir verða þann 21. september í Royal Albert Hall, en hún hefur ekki spilað þar frá árinu 2003. Seinni tónleikarnir fara fram þann 24. september í tónleikahöllinni Appollo í Hammersmith í London. – gj





20% afsláttur af öllum Shiseido vörum

á Shiseido dögum í Hagkaup Kringlu, Garðabæ, Skeifu, Holtagörðum og Akureyri.

Vertu velkomin, fáðu faglega aðstoð og kynntu þér það nýjasta frá Shiseido. Falleg gjöf fylgir kaupum á tveimur keyptum vörum í Shiseido*.



*meðan birgðir endast.



SHISEIDO
GINZA TOKYO

Beislar náttúrulega orku húðarinnar í baráttu við sýnileg proskamerki hennar. Útlínur andlits styrkjast og lyftast innan frá. Endurnýjunarhæfni eykst, húðin yngist og eflist.

Unglegri, fallegri húð.

Ný Bio-Performance LiftDynamic lína

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

AMY
WINEHOUSE



2. september
Græni Hatturinn



3. september
Gamla Bío

miðasala á midi.is



Árstíð busaballa gengur í garð

Á haustin fyllast framhaldsskólarnir af nýnemum og þeir vígðir inn með böllum þar sem helstu popptónlistarmenn landsins troða upp. Fréttablaðið ákvað að skoða þessi böll og það sem er bak við þau.

Nú er sá tími ársins sem framhaldsskólarnir eru rétt byrjaðir og busaböllin fara að detta í gang. Böllin eru nokkuð mismunandi eftir skólum en flestir skólanna hafa að minnsta kosti einn þekktan popptónlistarmann á dagskrá ásamt því að plötusnúður kemur fram. Stærð dansleikjanna fer augljóslega eftir því hversu stór skólinn er og þar eru stærstu skólar höfuðborgarsvæðisins fremstir í flokki. Menntaskólinn við Hamrahlíð lagði til að mynda ansi mikið í sitt ball, sem var haldið í Vodafonehöllinni í gær – þar kom fram tónlistarmaðurinn G4SHI sem kom hingað til lands frá New York, auk Sturlu Atlas. Nemendafélagið bjó einnig til lag og myndband þar sem rapparinn Kótt Grá Þjé var fenginn með.

Fréttablaðið ræddi við nokkra formenn nemendafélaganna sem skipuleggja þessi böll til að skoða hver kostnaðurinn er við að halda busaball, hver aðalkostnaðarliðurinn væri og hvað væri gert við gróðann. Svörin voru nokkuð mismunandi, en stærstu útgjaldaliðirnir eru laun til tónlistarfólks eða leiga á sal undir herlegheitin, auk tækjabúnaðar sem yfirleitt fylgir ekki salnum. Kostnaður er frá einni milljón upp í fimm milljónir. Almennt þurfa nemendur skólanna að borga 2.500 til 3.500 krónur inn á böllin en gestir þurfa að borga örlítið meira fyrir miðann. Ágóðinn er ekki mikill og oftast koma böllin út

ÉG TEK „BACK TO BACK“ ÞAR SEM ÉG ER AÐ SPILA Í TÆKNISKÓLANUM OG FER SIÐAN TIL KEFLAVÍKUR SAMA KVÖLD AÐ SPILA ÞAR.

á núlli, en tekjurnar geta þó náð upp í allt að 500 þúsund krónum. Ágóðinn er notaður til að halda fleiri böll og viðburði á vegum nemendafélaganna.

Busaböll geta virkað sem ágætis mælikvarði á hverslags tónlist er vinsæl hjá unga fólkinu í dag. Vinsælustu tónlistarmennirnir á busaböllum þessa árs eru Sturla Atlas og Emmsjé Gauti en ókrýndur konungur busaballanna er hjartaknúsarinn og stórstjarnan Aron Can, enda er hann gífurlega vinsæll og auk þess á framhaldsskólaaldri sjálfur.

„Ég er að spila á alltof mörgum busaböllum. Ég er að spila á fimm eða sex böllum – ég tek „Back to back“ þar sem ég er að spila í Tækniskólanum og fer síðan til Keflavíkur sama kvöld að spila þar. En jú, þetta er gaman, það er geðveikt að sjá muninn á skólunum, hvernig fólk er og hvernig fólk er að taka í þetta. Þetta er auðvitað fólk sem þekkir mann og veit hver maður er. Síðan er þetta fólk sem er að byrja að djamma þannig að allir eru illa góðir á því,“ segir Aron Can, en það var hálfgeft kraftaverk að ná honum í síma svona rétt á milli dansleikja.

stefanthor@frettabladid.is



Aron Can spilar á svo mörgum busaböllum í ár að hann er ekki alveg viss um heildarfjöldann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



NÁTTÚRUHLAUP

Arctic Running
og 66°NORÐUR

Kynningarfundur í kvöld kl. 19:30 í verzlun 66°Norður í Miðhrauni 11, Garðabæ.

Náttúruhlaup sameina mikla hreyfingu, útivist og náttúruupplifun og eru góð leið til að sjá landið á nýjan hátt. Átta vikna námskeið hefst 3. september, þar sem þátttakendur fá fræðslu, æfingaáætlun og leiðsögn þaulreyndra hlaupara og kynnast spennandi hlaupaleiðum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

- Hlaupþjálfun og leiðsögn á vegum Arctic Running. Skipt í hópa eftir getu.
- Þjálfarar eru Elísabet Margeirsdóttir, Birkir Már Kristinsson, Gunnur Róbertsdóttir.

Fyrir skráningu og frekari upplýsingar skoðið www.natturuhlaup.is, sendið tölvupóst á info@arcticrunning.is.



Grettir hlaupabuxur
Léttar hlaupabuxur sem anda vel.
Herra- og dömusnið. Verð 9.900 kr.



Grettir hálfrenndur bolur
Aðsniðinn langarma bolur úr Polartec®
Power Dry® efni sem andar einstaklega
vel. Léttur og þornar fljótt. Herra- og
dömusnið. Verð: 10.900 kr.



La Sportiva Helios 2.0 hlaupaskór
Léttir hlaupaskór sem eru hannaðir fyrir
hlaup á slóða og götu.
Verð 23.900 kr.



Bakþankar

Tómas Þór Þórðarson



Komdu bara, vetur!

Sumrinu mínu er lokið. Sumarfrið endaði í gær og er ég aftur mættur á skjálftavaktina, tilbúinn að snúa hjólum atvinnulífsins fram yfir dimman veturinn þar til aftur verður svo bjart að Halla og Stefán geta ekki sofnað.

Þó ég trúi því að veturinn geri okkur að miklu leyti að þeirri baráttuþjóð sem við erum þýðir það ekki að ég hafi gaman af honum. Þvert á móti.

Þegar ég var yngri var ekkert skemmtilegra en að vakna og líta út um gluggann og sjá ekkert nema hvítt. Þá var loksins hægt að fara í Kraftgallann (ég fékk aldrei Maxgalla) og njóta undursins sem snjór var þá.

Nú sé ég ekkert verra en snjó. Ég hata hann álíka mikið og Halla og Stefán hata RÚV. Skafa, festast, blautur í fætturna. Snjór er ömurlegur. Veturinn er erfiður enda fáar þjóðir jafnþakklátar og þegar vora tekur.

Að þessu sinni tel ég mig samt tilbúnari í veturinn. Málið er að ég hef gert svo fjandi lítið undanfarin sumur þannig að ég á sjaldan minningar til að ylja mér við í gegnum harkið.

Þetta sumar var þó algjör tilbreyting. Víkurnar þrjár með strákunum okkar í Frakklandi halda mér brosandí fram í nóvember, léttilega. Náttúrufegurðin, fólkið og kraftur Jarðbaðanna á Mývatni halda mér sterkum yfir jólin og áramótin og stressinu sem því öllu fylgir.

Austfjarðaferðin heldur mér heilum á geði fram í mars og helgarnar tvær á Suðurlandinu eru svo stútfullar af glóandi sumarminningum að ég verð góður allt þar til fyrst sjást tíu gráður á mælinum að ári og sumarið hefst á ný. Það er meira en næg innistæða í sumarminningabankanum þannig að veturinn má alveg koma fyrir mér.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Í ENGIHJALLA,
VESTURBERGI
OG ARNARBAKKA



Iceland

KRONAN



Ódýrt

Krónu Chia fræ, 300g
299 kr. pk.

Kósíhelgi í bústaðnum? Hoppaðu upp í Polo!



VW Polo frá aðeins
2.490.000 kr.

Það er sama hvert tilefnið er, það verður alltaf meira spennandi með Volkswagen Polo. Hann hefur þennan eiginleika að keyra þig áfram með hvað sem þér dettur í hug. Gefðu hugarfluginu lausan tauminn og hoppaðu upp í Polo. Ævintýrin bíða þín.



Volkswagen

